

**SKOÐUN** Brynhildur Pétursdóttir segir að konur vilji víst gerast sendiherrar. 20



**MENNING** Þyddi ástríðufullar sögur eftir Alice Munro. 50



**LÍFIÐ** Alexander Schepsky lét útbúa bæjarhjól sem passa ekki við spandex. 38



**SPORT** Denis Cardaklija er enginn venjulegur nýliði í Pepsi-deildinni. 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
14. ágúst 2014
189. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Fimmtungur innfluttur**
Innflutningur á helstu kjöttegundum hefur aukist frá 2013. 4

**Bænalestri hætt** Dagskrárstjóri Rásar 1 segir litla hlustun á bænir. Nýr þáttur leysir þær af hólmi. 2

**Nemendur uppgötvi eigin hæfileika** Finninn Pasi Sahlber vill að Finnar og Íslendingar leggi meiri áherslu á að virkja hæfileika hvers nemanda fyrir sig. 12

**Sjö sortir af svindli** Tækniframfarir veita óprúttnum mönnum færi á að komast í álnir með svikum og prettum. 16




20

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | | SV | 6 |
| Akureyri | 13° | | S | 5 |
| Egilsstaðir | 14° | | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 14° | | SV | 3 |
| Reykjavík | 12° | | SV | 6 |

**Bjart í fyrstu** um allt land en dregur svo fyrir, fyrst NV-til. Dálítil súld við V-ströndina síðdegis. Milt í veðri, hiti 10-17 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Skólablaðið | Fólk




# Verksmiðju kippt úr sambandi

Íslenska kalkþörungafélagið fékk að vita með tveggja vikna fyrirvara að verksmiðjan yrði rafmagnslaus yfir daginn næstu daga. Framkvæmdastjórinn telur afköstin munu dragast saman um fjórtán hundruð tonn á meðan.

**ATVINNUMÁL** „Hér á Bíldudal ætluðum við að vera í fullri vinnslu núna en Landsnet tekur af okkur rafmagnið yfir daginn vegna þess að þeir eru að sinna viðhaldi á línu," segir Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins, sem er ósáttur við vinnubrögð Landsnets.

„Þetta er svona eins og að kaupmaðurinn skelli á þig þegar þú ætlaðir að fara að kaupa í matinn," bætir hann við. Hann fékk vitneskju um þetta fyrir rúmum tveimur vikum en rafmagnsskömmtunin tók gildi í gær og mun standa að minnsta kosti næstu níu daga. Þurrkarar verksmiðjunnar verði því ekki nýttir frá átta að morgni til sjö að kvöldi.

Hann segir ekki hægt að meta þessar búsifjar til fjár. „Ætli þetta séu ekki um þrettán eða fjórtán hundruð tonn af framleiðslu," segir hann. Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra átti í gær fund með forsvarsmönnum fyrirtækisins, en hún er á ferð um Vestfirði, og var rafmagnsskerðingin á meðal umræðuefna. Ráðherrann segist skilja að það skipti máli að menn tali saman í svona tilvikum. „Það er gott að menn láti vita af svona atvikum með fyrirvara ef það er hægt," segir Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra.

Að öðru leyti vísaði hún á Landsnet, en Fréttablaðið náði ekki tali af forstjóra Landsnets.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kveður samningur Landsnets og fyrirtækisins á um skerðanlegan flutning á raforku og samkvæmt honum er Landsneti heimilt að skerða flutning meðal annars vegna viðhalds á flutningskerfinu.

Einar Sveinn segist vissulega fagna því að verið sé að bæta aðstöðuna fyrir rafmagnsflutningana og segist hafa skilning á því að svona verði að bregðast við þegar á þeim stendur en hann hefði þó óskað þess að haft hefði verið meira samráð við félagið. „Ef þetta hefði legið fyrir mánuðum fyrr þá hefðum við getað aðlagað okkur að þessu og gefið starfsfólkinu frí þennan tíma," segir hann.

> **Þetta er svona eins og að kaupmaðurinn skelli á þig þegar þú ætlaðir að fara að kaupa í matinn.**
>
> *Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins.*

Vélar verksmiðjunnar á Bíldudal þurfa um þrjú og hálft megavatt en það er um tíu prósent af allri rafmagnsnotkun á sunnanverðum Vestfjörðum. -jse



**Á LEIÐ TIL FUNDAR** Sigmundur Davíð fræddi Anders Fogh Rasmussen um sögu Ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu áður en þeir gengu til fundar síðdegis í gær. Rasmussen fundaði með forsætisráðherra og utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breytingar á stjórnmálaástandinu í Evrópu og loftslagsbreytingar hafa áhrif:

# Mikilvægi hnattstöðu Íslands eykst

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Anders Fogh Rasmussen, segir að breytt staða í Evrópu af völdum Rússa sé ein ástæða þess að mikilvægi hnattrænnar stöðu Íslands hafi aukist á ný. „Við sjáum enga yfirvofandi hættu fyrir Ísland en við höfum tækifæri til að auka mjög gæslu í lofthelgi Íslands með skömmum fyrirvara ef nauðsyn krefur," sagði Fogh Rasmussen á blaðamannafundi í Ráðherrabústaðnum í gær.

„Ég held að megi með sanni segja að hnattræn staða Íslands sé orðin mikilvægari. Ekki einungis vegna ástandsins í Evrópu, sem er til orðið vegna ólöglegra hernaðaraðgerða Rússlands í Úkraínu, heldur líka af völdum loftslagsbreytinga."

Á fundi með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra í gær ræddi framkvæmdastjórinn meðal annars um þátttöku Íslands í erjum Atlantshafsbandalagsins við Rússland. - ssb / sjá síðu 8

> **Ég treysti á stuðning Íslands til að skýra línurnar og gera bandalagið traustara og sveigjanlegra.**
>
> *Anders Fogh Rasmussen.*

Áhyggjur af laxastofnum:

# Veiðibann talið nær ófær leið

**NÁTTÚRA** Fiskistofa telur að veiðibann vegna laxleysis í einstökum ám sé svo íþyngjandi leið að hún sé vart fær. Áhugamenn um laxveiði óttast að veiðifyrirkomulag í Langá geti ógnað laxastofninum í ánni og kallað er eftir aðgerðum. 250 laxar hafa veiðst í Langá í sumar. Á sama tíma í fyrra höfðu veiðst tæplega 1.700 laxar. - shá / sjá síðu 10

Ný staða með banni Rússa:

# Gæti auðveldað ný viðskipti

**SJÁVARÚTVEGUR** Ef Rússar standa við innflutningsbann sitt á matvöru gæti það gefið tækifæri til að kynna nýjar sjávarafurðir frá Íslandi á þessum risastóra markaði.„Ef Rússar byrja að kaupa þorskflök frá Íslandi á samkeppnishæfu verði þá mun að sjálfsögðu skapast algjörlega ný staða," segir Friðleifur Friðleifsson, framkvæmdastjóri sölumála hjá Iceland Seafood. - shá / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



### Andrés, eru lög um verndartolla á kjöti kýrskýr?

**Nei, þau eru nautheimsk.**

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, er gagnrýninn á lög um verndartolla á innflutt kjöt. Hann segir tollana bitna á neytendum því innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn.

Heildsali telur Lifandi markað hafa beitt blekkingum og svikum í aðdraganda gjaldþrots fyrirtækisins:

# Fleiri kæra fyrrverandi stjórn Lifandi markaðar

**VIÐSKIPTI** Lífræni heildsalinn Kaja organic ehf. hefur kært fyrrverandi stjórnendur Lifandi markaðar fyrir fjársvik og blekkingar. Þar með fylgir fyrirtækið í fótspor heildsölunnar Innness ehf. sem kærði stjórnina í síðasta mánuði fyrir sömu sakir.

Eins og Fréttablaðið greindi frá þann 28. júlí síðastliðinn snúa ásakanir heildsalanna að viðskiptum Lifandi markaðar eftir að fyrirtækið óskaði eftir því að vera tekið til gjaldþrotaskipta. Gerðar voru pantanir hjá báðum heildsölunum þrátt fyrir að Lifandi markaði mætti vera ljóst að ekkert yrði af greiðslu þeirra skulda sem fyrirtækið stofnaði til. Jafnframt gerir Kaja organic ehf. kröfu um endurgreiðslu á eldri skuld fyrirtækisins. Krafa Kaja organic í þrotabú Lifandi markaðar hljóðar upp á rúmar 900 þúsund krónur.



KAREN EMILÍA JÓNSDÓTTIR

„Ástæða þess að ég kæri er að vinnubrögð varðandi þetta gjaldþrot eru óskaplega skrítin. Maður er svo ósáttur við að það skuli líðast að stjórnendur geti lokað virðisaukaskattsnúmerinu en haldið viðskiptum áfram,“ segir Karen Emilía Jónsdóttir, eigandi Kaja organic ehf.

Eigandi Lifandi markaðar var verðbréfafyrirtækið Virðing. „Þegar ég frétti þetta þá sendi ég bréf á forstjóra Virðingar, stjórnarformann Lifandi markaðar og framkvæmdastjóra eignastýringar og spurði hvernig stæði á því að fyrirtæki sem gefur sig út fyrir að vera betra en önnur fyrirtæki hvað varðar viðskiptasiðferði skuli haga sér svona. Ég fékk svar þess efnis frá stjórnarformanninum að þetta væri ekki lengur í þeirra höndum því þetta væri komið til gjaldþrotaskipta,“ segir Karen. **- ssb**



**HJÁLPINNI FEGIÐ** Flóttafólk flykkist til að ná sér í vatnsflöskur í Bajid Kandala-flóttamannabúðunum, þar sem þúsundir Jasída eru niður komnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Íraks segist þurfa að verja ríkið:

## Malíki bíður dómsúrskurðar

**ÍRAK, AP Núrí al Malíki, forsætisráðherra Íraks, hyggst bíða úrskurðar stjórnlagadómstóls Íraks áður en hann tekur ákvörðun um það hvort hann gefi embættið eftir.**

**Í sjónvarpsávarpi í gær ítrekaði hann ásakanir sínar um að forseti landsins hefði brotið stjórnarskrá landsins með því að fela Haider al Abadi, varaforseta þingsins, að mynda nýja ríkisstjórn.**

**„Það er bæði siðferðileg skylda og skylda við föðurlandið að halda í embættið til að verja réttindi kjósenda,“ sagði hann, og bætti því við að með þessu væri hann að verja íraska ríkið.**

**Hann hefur misst nánast allan stuðning bæði á þingi og meðal leiðtoga annarra landa eftir að vígamenn náðu undir sig stórum hluta landsins.**

**Sameinuðu þjóðirnar hafa varað við því að neyðarástand vofi yfir flóttafólki, sem hrakist hefur undan sókn vígamannanna í norðanverðu Írak.** **- gb**

Ekki verið breytt í nær tvö ár:

## Spáir óbreyttum stýrivöxtum

**EFNAHAGSMÁL** Hagfræðideild Landsbankans spáir því að peningastefnunefnd Seðlabankans haldi stýrivöxtum óbreyttum á næsta vaxtaákvörðunardegi þann 20. ágúst næstkomandi.

Í spá bankans er bent á að litlar breytingar hafa orðið frá síðustu vaxtaákvörðunum á þeim meginhagstærðum sem kallað gætu á vaxtabreytingu. Þar er einnig rifjað upp að stýrivextirnir hafa staðið óbreyttir frá nóvembermánuði 2012. **- hg**

Grunaður um ítrekuð brot:

## Ákæra birt lögreglumanni

**LÖGREGLUMÁL** Ákæra hefur verið birt lögreglumanni sem grunaður er um að hafa flett upp í upplýsingakerfi lögreglunnar, svokölluðu Löke-kerfi. Hann er ákærður fyrir að hafa haustið 2013 flett upp nöfnum 45 kvenna í málaskrárkerfi lögreglu og skoðað þar upplýsingar um konurnar. Einnig að hafa í ágúst 2012 sent tölvuskeyti á Facebook með upplýsingum sem leynt áttu að fara, þ.e. nafn og lýsingu á aðila sem lögregla hafði afskipti af. **- jhh**

# Lestri bæna hætt í Ríkisútvarpinu

Dagskrárstjóri Rásar eitt segir litla hlustun á bænir, nýr þáttur muni leysa þær af hólmi. Dómkirkjuprestur segir bænalesturinn þjónustu við fólkið í landinu. Formaður Landssambands eldri borgara vill að biskup og prestar landsins mótmæli.

**FJÖLMIÐLAR** Ríkisútvarpið hefur ákveðið að hætta að útvarpa morgunbæn, morgunandakt og Orði kvöldsins á Rás 1 frá og með 28. ágúst næstkomandi.

„Mér líst afar illa á þetta. Ég efast ekki um að fólk á eftir að sakna þessara dagkrárliða,“ segir Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur. Hann segir ekkert koma í staðinn fyrir bænahald. Fólki á öllum aldri hafi þótt gott að byrja daginn á að hlusta á morgunbæn og sömuleiðis að ljúka deginum með því að hlusta á Orð kvöldsins. Hjálmar segist líta svo á að bænirnar séu ákveðin þjónusta við fólkið í landinu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, segir að eldra fólk sé dyggustu hlustendur Rásar eitt. „Það er ósvinna að taka bænirnar af dagskránni. Fólk hlustar á Rás eitt, þar á meðal bænirnar,“ segir Jóna Valgerður.

„Ég vona að biskupinn og prestar landsins mótmæli þessari ákvörðun og það verði hætt við hana,“ segir Jóna Valgerður.

Þröstur Helgason, dagskrárstjóri Rásar eitt, segir að um næstu mánaðamót fari vetrardagskrá RÚV í loftið og þá verði nokkrar breytingar.

„Hluti breytinganna snýr að því að skerpa á dagskrárframsetningu og fækka stuttum uppbrotum á dagskránni,“ segir hann. Á meðal dagskrárliða sem falli út séu áðurnefndir bænaþættir en í staðinn verði efnt til nýs þáttar á besta útsendingartíma eftir kvöldfréttir á sunnudögum þar sem fjallað verður um trú, menningu og samfélag.

„Um er að ræða pistlaröð þar sem prestar, guðfræðingar og annað fólk innan þjóðkirkjunnar hafa orðið ásamt fleirum sem hugleitt hafa samspil trúar, menningar og samfélags fyrr og nú,“ segir Þröstur.

Hann segir að með þessu sé stefnt að því að umrætt efni nái eyrum fleiri landsmanna en þeir dagskrárliðir sem falla burt. Hlustun á þá hafi verið afar lítil. Þröstur segir að samhliða breytingunum verði bænaefni gert aðgengilegt á nýjum vef sem fari í loftið í haust og þannig verði fjöldi bæna gerður aðgengilegur fyrir almenning. **johanna@frettabladid.is**




**BÆNALESTUR** Um næstu mánaðamót fer vetrardagskrá Ríkisútvarpsins í loftið. Bænastundir kvölds og morgna falla þá niður en þeirra í stað kemur nýr þáttur á sunnudagskvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Bænahlé í þrjá mánuði

Ríkisútvarpið hefur áður tekið dagskrárliðinn Orð kvöldsins af dagskrá, það var árið 2007. Orð kvöldsins er kvöldbæn Rásar eitt. Margir mótmæltu hástöfum þegar bænin var tekin af dagskrá. Þremur mánuðum síðar tilkynnti Páll Magnússon útvarpsstjóri að Orð kvöldsins yrði sett aftur á dagskrá og fór það aftur í loftið 7. janúar 2008. Í frétt sem birtist af því tilefni í Fréttablaðinu segir að eldri borgarar hafi átt fund með útvarpsstjóra og í kjölfarið hafi verið ákveðið að setja bænina aftur á dagskrá.




Formenn Patreksfirðingafélagsins og Arnfirðingafélagsins krefjast úrbóta:

## Segja fjallvegina stórhættulega

**SAMGÖNGUR** „Við einfaldlega neitum að trúa því að íslenskir þingmenn séu afskiptalausir um velferð íbúa Vestfjarða,“ segja þeir Ólafur Sæmundsson, formaður Patreksfirðingafélagsins, og Guðmundur Bjarnason, formaður Arnfirðingafélagsins. Í bréfi sem þeir rituðu öllum þingmönnum krefjast þeir þess að Vestfjarðavegur verði boðinn út ekki seinna en 1. febrúar 2015.

„Lífsnauðsynlegar samgöngubætur sitja á hakanum og eru á byrjunarreit, rétt eins og fyrir mörgum árum. Ekkert þokast áfram og stjórnvöld taka ekki af skarið eins og nauðsynlegt er og höggva á hnútinn. Hér er horft til vegabóta í Gufudalssveit en þar kasta stofnanir ríkisins hugmyndum á milli sín sem allir, utan örfárra svo kallaðra umhverfissinna, eru sammála um að séu ekki aðeins skynsamlegar heldur og bráðnauðsynlegar. Þessar vegabætur eru kjarninn í því að viðhalda og efla samfélagið en örfáir og háværir einstaklingar halda þeim í herkví og ekkert gerist,“ segir í bréfinu.

Þá segir að fjallvegir séu stórhættulegir á vetrum og margir hreinlega treysti sér ekki til að aka um þá í snjó og hálku. „Þetta á ekki síður við um ferðamenn sem sleppa svæðinu og fara þess í stað eitthvert annað,“ segir í bréfinu. Ekki þurfi að liggja sérlega lengi yfir kortum til að sjá að núverandi fyrirkomulag gangi ekki upp, kyrrstaðan sé óviðunandi og framtíðin liggi í nýjum vegi. **- jhh**



**ÞINGFUNDUR** Skorað er á þingmenn að beita sér fyrir því að Vestfjarðavegur verði lagður. FRÉTTABLAÐIÐ//DANÍEL.


UNDIRBÚÐU ÞIG
FYRIR HAUSTIÐ
SKÓLADAGAR
Allt sem þú þarft
fyrir skólann á einum stað
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Gríptu tilboðsheftið með þér, það er stútfullt af flottum skólatilboðum. Tilboðsheftið má nálgast á þjónustuborði Kringlunnar.
Kringlan
KRINGLAN.IS
AF ÖLLU HJARTA
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
#KRINGLANICELAND

## SVONA ERUM VIÐ



**11.918 sílamávar voru skráðir í veiðiskýrslur árið 2012.**

Þeir voru 34.030 þegar mest var árið 1998.

Artur Mas, forseti Katalóníu, segir heimastjórnina sitja við sinn keip:

# Katalónar staðráðnir í að kjósa

**SPÁNN** Artur Mas, forseti katalónsku heimastjórnarinnar, blæs á allar efasemdir um að Katalónar geti kosið um það á tilsettum tíma hvort sjálfsstjórnarhéraðið fái sjálfstæði frá Spánverjum.

Hefur hann sagt að fyrirhuguð þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram 9. nóvember næstkomandi. Efasemdaraddir voru þó farnar að heyrast, jafnvel úr röðum heimastjórnarmanna, um að það gengi eftir. Joan Ortega, sem sæti á í heimastjórninni, hafði nýlega orð á því að best væri að fresta þjóðaratkvæðagreiðslunni. Margir telja hana feigðarflan, sérstaklega vegna þess að spænsk yfirvöld viðurkenna ekki lögmæti hennar.

Nú hefur Mas hins vegar tekið af öll tvímæli, að því að fram kemur á fréttavef El País, og sagt að Katalónar breyti sínum lögum í september, sem lögleiði þjóðaratkvæðagreiðsluna sem fari svo fram á tilsettum tíma í sátt við guð og menn. Hann segir enga varaáætlun til. - jse



**HORFA HVOR Í SÍNA ÁTTINA** Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar sem sést hér til vinstri, fékk engu tauti við Mas komið þegar þeir hittust á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

Úkraínustjórn skellti í lás:

# Rússar ætluðu til Úkraínu

**ÚKRAÍNA, AP** Rússnesk bílalest með hjálpargögn var stöðvuð á landamærum Úkraínu í gær, þar sem stjórn Úkraínu sagðist gruna Rússana um græsku.

Talsmaður Petros Porosjenkó Úkraínuforseta sagði vel hugsanlegt að Rússar væru að planleggja „beina innrás á úkraínskt landsvæði undir því yfirskini að afhenda fólki hjálpargögn“.

Í fyrradag hafði verið samið um að Rússar fengju að koma með hjálpargögn til Úkraínu. - gb



**SIMONE CAMILLI** Fréttamaðurinn sem lést á Gasa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vopnahlé rann út:

# Fréttamenn létust á Gasa

**GASA, AP** Ítalskur fréttamaður og palestínskur túlkur hans létu lífið ásamt fjórum palestínskum lögreglumönnum þegar ísraelskur sprengibúnaður sprakk á Gasa í gær. Þrír særðust, þar á meðal ljósmyndari frá bandarísku AP-fréttastofunni.

Lögreglumennirnir voru að reyna að aftengja sprengibúnaðinn þegar hann sprakk, en fréttamennirnir voru að fjalla um ástandið á meðan vopnahlé stóð yfir á Gasa.

Þriggja sólarhringa vopnahlé rann út á miðnætti, en egypskir sáttasemjarar reyndu í gær hvað þeir gátu til að fá Ísraela og Palestínumenn til að fallast á lengra vopnahlé. - gb

Erlendir ferðamenn slasaðir:

# Mótorhjólaslys á Snæfellsnesi

**SLYS** Tveir erlendir ferðamenn á fimmtugsaldri, karl og kona, slösuðust í mótorhjólaslysi á sunnanverðu Snæfellsnesi í gærmorgun.

Parið var á ferð við bóndabýlið Bláfeld í Staðarsveit. Allt útlit er fyrir að vindhviða hafi valdið því að fólkið lenti utan vegar. Mjög hvasst var á svæðinu þegar slysið átti sér stað.

Konan slasaðist talsvert meira en maðurinn. Hún var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á gjörgæslu í Fossvogi. - ktd

# Fimmtungur af nautakjöti á markaði er innfluttur

**Innflutningur hefur aukist á nauta-, svína- og alifuglakjöti. Formaður Neytendasamtakanna segir að farið sé illa með neytendur með verndartollum og hvetur framleiðendur til að merkja allt kjöt með upprunalandi.**

**NEYTENDAMÁL** Innflutningur á helstu kjöttegundum hefur aukist frá árinu 2013.

Ef innflutningur á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 er borinn saman við sama tíma árið 2014 kemur í ljós að þriðjungi meira af alifuglakjöti, mest kjúklingi, hefur verið flutt inn og sex prósent meira af svínakjöti, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Gífurleg aukning hefur verið á innflutningi á einstökum hlutum svínsins, til að mynda hefur innflutningur á frystum svínahryggvöðvum aukist um helming á milli ára.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hefur innflutningur á nautakjöti tífaldast á þessu sama tímabili. Miðað við þessa aukningu og innlenda framleiðslu árið 2013 munu 20 prósent af öllu nautakjöti á íslenskum markaði árið 2014 vera innflutt nautakjöt frá að minnsta kosti níu löndum.

Aukinn innflutningur kemur til vegna meiri eftirspurnar á markaðnum sem innlendir framleiðendur anna ekki. Af þeirri ástæðu hafa verndartollar sem eru lagðir á allt innflutt kjöt verið harðlega gagnrýndir.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, er meðal þeirra sem sjá ekki tilgang tollanna enda séu bændur fullkomlega færir um að keppa við innfluttu vöruna án þeirra.

„Vegna flutninga bætist sjálfkrafa kostnaður við innflutta kjötið. Það er ákveðin fjarlægðarvernd fyrir innlenda framleiðslu. Sú vernd og jákvæðnin í samfélaginu gagnvart innlendum vörum ætti að duga íslenskum bændum í samkeppni við innflutt kjöt. Ef ekki, þá er það staðfesting á að það er eitthvað meiri háttar að íslensku landbúnaðarkerfi,“ segir Jóhannes.



**NAUTAKJÖT** Reglur um merkingar á upprunalandi gilda eingöngu um nautakjöt, en ekki til að mynda alifuglakjöt eða svínakjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenskir neytendur kjósa oft fremur innlendar vörur, að sögn Jóhannesar, en í dag er ekki lagaleg skylda að merkja annað innflutt kjöt en nautakjöt. Með innleiðingu EES-tilskipunar mun verða skylda að merkja allt kjöt með upprunalandi en ekki er vitað hvenær það mun ganga í gegn.

„Þar til reglum um merkingar verður komið á, skora ég á kjötframleiðendur að sýna neytendum þá virðingu að merkja kjötvörurnar,“ segir Jóhannes.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins tekur undir orð Jóhannesar og segir augljóst að heildarendurskoðun verði að eiga sér stað á landbúnaðarkerfinu.

„Lögin segja til um að verndartollar eigi ekki að vera á innfluttu nautakjöti ef framleiðslan annar ekki eftirspurn. Þannig að það er alveg ljóst að það er eitthvað við þetta og í þessu kerfi sem þarf að skoða,“ segir Ragnheiður og minnir á að það sé stefna landsfundar Sjálfstæðisflokksins að endurskoða landbúnaðarstefnuna.

**erlabjorg@frettabladid.is**



> **„Þar til reglum um merkingar verður komið á, skora ég á kjötframleiðendur að sýna neytendum þá virðingu að merkja kjötvörurnar.**
>
> *Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Friedrichshafen | 19° | New York | 26° |
| Aþena | 35° | Gautaborg | 21° | Orlando | 31° |
| Basel | 22° | Kaupmannahöfn | 21° | Ósló | 19° |
| Berlín | 22° | Las Palmas | 26° | París | 22° |
| Billund | 21° | London | 21° | San Francisco | 21° |
| Frankfurt | 21° | Mallorca | 31° | Stokkhólmur | 22° |







**BREYTINGAR** Dregur fyrir sólu í dag, síðast A-til. Úrkoma um mest allt land á morgun, einkum V-lands. Bætir í vind NV-til annað kvöld. Úrkoma N- og A-til á laugardag og víða strekkingur. Kólnar heldur í veðri.



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11–19 FIMMTUDAGA 11–21 LAUGARDAGA 11–18 SUNNUDAGA 13–18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** Hvaða menntaskóli mun ekki starfa í vetur?
**2.** Hversu mikið hefur nautahakk hækkað síðustu átján mánuði?
**3.** Hvaða þjóðarbrot er á hrakhólum í norðurhluta Íraks?

**SVÖR**
**1.** Menntaskólinn Hraðbraut. **2.** Um 15 prósent. **3.** Jasídar.

Úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vekur spurningar formanns:

# Vill fá að vita hver veitti heimild

**STJÓRNMÁL** „Fulltrúar fjármálaráðuneytisins komu á fund fjárlaganefndar Alþingis í gær. Þeir sögðu að fjármálaráðuneytið myndi leita skýringa á því hvers vegna farið var að úthluta 380 milljónum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í vor án þess að Alþingi hafi veitt heimild fyrir því,“ segir Vigdís Hauksdóttir formaður Fjárlaganefndar Alþingis.



**VIGDÍS HAUKSDÓTTIR**

Vigdís segir að fulltrúar fjármálaráðuneytisins ætli að krefja atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið svara. Sjálf segist hún vilja fá svör við því hvort það sé ætlunin að peningarnir komi á fjáraukalögum eða hvort þeir hafi verið teknir af óráðstöfuðu fé ráðuneytisins. Vigdís segist hafa verið ánægð með viðbrögð fjármálaráðuneytisins í málinu.

Næsti fundur fjárlaganefndar verður 25. þessa mánaðar. Þá koma á fund nefndarinnar starfsmenn innanríkisráðuneytisins og velferðarráðuneytisins.

Nokkrar undirstofnanir þessara ráðuneyta fóru langt fram úr fjárheimildum á fyrri hluta ársins. Má þar nefna Landspítalann, Sjúkratryggingar Íslands og Vegagerðina. **- jme**

Flugslys í Brasilíu:

## Forsetaefni sósíalista fórst

**BRASILÍA, AP** Eduardo Campos, forsetaframbjóðandi brasilíska Sósíalistaflokksins, fórst í flugslysi í gær ásamt sex manna föruneyti sínu, þar á meðal fjölmiðlaráðgjafa sínum, ljósmyndara, myndatökumanni og tveimur flugmönnum.

Campos hafði verið í þriðja sæti samkvæmt skoðanakönnunum, en Dilma Rousseff, sem setið hefur á forsetastóli síðan 2011, þykir eiga mesta möguleika á sigri.

Kosið verður þann 5. október. **- gb**



**SLÖSUÐUM BJARGAÐ** Nota þurfti þyrlur til björgunarstarfa þar sem enginn akvegur er nálægt slysstaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aurskriða féll á járnbrautarlest og ellefu manns slösuðust:

## Lestarvagn stöðvaðist á trjám

**SVISS, AP Ellefu manns slösuðust þegar farþegalest varð fyrir aurskriðu um hádegið í gær í djúpum dal milli Tiefencastel og Solis í Sviss. Þrír lestarvagnar fóru út af sporinu, en lögregla segir að um 140 manns hafi verið í lestinni. Einn vagnanna hefði hrapað niður í djúpt gil ef hann hefði ekki stöðvast á trjám í fjallshlíðinni.**

**Miklar rigningar hafa verið á þessum slóðum síðustu daga.**

**Fimm farþeganna voru sagðir alvarlega slasaðir en hinir sex hlutu minniháttar meiðsli.** **- gb**

# Gæti gefið tækifæri í sölu nýrra afurða

Lítið svigrúm er til sölu á meiri makríl á Rússlandsmarkað. Innflutningsbann rússneskra stjórnvalda gæti gefið nýtt tækifæri til að kynna nýjar sjávarafurðir á rússneska markaðnum. Þær tegundir sem koma til greina eru flök af þorski og ufsa.

**SJÁVARÚTVEGUR** Ef Rússar standa við innflutningsbann sitt á matvöru frá Evrópusambandslöndum, Bandaríkjunum, Ástralíu og Noregi gæti það gefið tækifæri til að kynna nýjar sjávarafurðir á þessum risastóra markaði. Lengra verður vart gengið í sölu uppsjávartegunda.

„Ef Rússar byrja að kaupa þorskflök frá Íslandi á samkeppnishæfu verði þá mun að sjálfsögðu skapast algjörlega ný staða. Það er ef til vill smá tækifæri núna á að kynna betur fyrir rússneskum kaupendum hvaða aðrar tegundir við getum boðið og í hvaða framleiðsluformi,“ segir Friðleifur Friðleifsson, framkvæmdastjóri sölumála hjá Iceland Seafood.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að árið 2003 fluttu Íslendingar út sjávarafurðir fyrir 600 milljónir til Rússlands. Í fyrra voru útflutningsverðmætin 18,6 milljarðar króna. Aukningin er 32-föld. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Íslenska sjávarklasans. Þessi aukning kemur fyrst og fremst til af sölu uppsjávarafurða, og þá makríls sem skýrir tæpa níu milljarða af heildartölunni. Á síðasta ári skapaði heilfrystur uppsjávarfiskur útflutningsvirði upp á 38 milljarða, en þar af skilar Rússlandsmarkaður 14 milljörðum, eða ríflega 37 prósentum.

Friðleifur segir að Rússlandsmarkaður hafi vaxið samfara aukinni framleiðslu á Íslandi á uppsjávartegundum t.d. síld og makríl, og sé undirstaðan í viðskiptum þangað ásamt loðnuafurðum. Þá hafi sala á karfa aukist verulega sem sé merki um aukinn kaupmátt í Rússlandi.

En er einhverjar matarholur til viðbótar við þann útflutning sem þegar fer á Rússlandsmarkað?

„Ég tel að markaður fyrir makríl frá Íslandi inn á Rússlandsmarkað sé nokkurn veginn í toppi. Rússar eru einnig með eigin veiðar á makríl og eru sjálfum sér nógir með ákveðinn hluta af markaðnum. Það gætu hins vegar skapast tækifæri í sölu á öðrum afurðum og öðrum fisktegundum inn á þennan markað og þá horfir maður aðallega á þorsk og ufsa,“ segir Friðleifur.



**ÚTSKIPUN** Ekki er loku fyrir það skotið að innflutningsbann Rússa skapi tækifæri til að kynna þeim nýjar tegundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**„Ef Rússar byrja að kaupa þorskflök frá Íslandi á samkeppnishæfu verði þá mun að sjálfsögðu skapast algjörlega ný staða.**

*Friðleifur Friðleifsson, Iceland Seafood.*

Þessar tegundir sem Friðleifur nefnir eru Rússar vanir að kaupa hausaðar, þ.e. ekki flök. Íslensk fyrirtæki framleiða nánast bara flök í þessum tegundum og selja á hærra verði en hausaðan fisk á markaði í Frakklandi, Bretlandi og Bandaríkjunum. **svavar@frettabladid.is**

Yngstur til að ljúka prófi:

## 27 ára gamall doktor

**VÍSINDI** Jóhann Páll Hreinsson ver doktorsritgerð sína í læknavísindum frá Læknadeild Háskóla Íslands. Hann er sá yngsti sem hefur lokið doktorsprófi frá Heilbrigðisvísindasviði HÍ, verður 27 ára í september.



**JÓHANN PÁLL HREINSSON**

Ritgerð Jóhanns Páls ber heitið Blæðingar frá meltingarvegi: nýgengi, orsakir, tengsl lyfja og horfur. **- jhh**

Fjármál brýnasta verkefnið:

## Grafalvarleg staða ríkisins

**EFNAHAGSMÁL** Staða ríkissjóðs er grafalvarleg, skuldir eru miklar og vaxtakostnaður verulegur, segir í Hagsjá Landsbankans í gær. Þá bíði fleiri stór vandamál handan við hornið eins og staða Íbúðalánasjóðs og ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar. „Það er augljóslega eitt af brýnustu verkefnum íslensks efnahagslífs að tökum verði náð á ríkisfjármálunum og skuldahalinn styttur,“ segir í Hagsjánni.

Þar segir jafnframt að þörf sé á meiri aga í ríkisfjármálum. **- jhh**




Ólöf Nordal, formaður bankaráðs Seðlabankans, gekkst undir uppskurð:

# Greindist með illkynja æxli

**HEILSA** „Ég bjóst ekki við þessu enda er best að búast ekki við svona,“ segir Ólöf Nordal. Illkynja æxli var fjarlægt úr líkama hennar á dögunum. Ólöf Nordal, formaður bankaráðs Seðlabankans og fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins, fékk óvænt tíðindi er hún brá sér til Íslands fyrir nokkrum vikum til að vera viðstödd brúðkaup. Stórvinkona hennar, Ásthildur Sturludóttir, sveitarstjóri á Patreksfirði, gekk í það heilaga.

Ólöfu fannst hún vera orðin svo mikil um sig miðja auk þess sem hún fann að hún var ekki söm. Ákvað hún því að leita til læknis. „Á örskotsstundu skiptu fyrri plön engu máli, hversdagslegu verkefnin víkja núna fyrir þeirri stærstu áskorun sem ég hef staðið frammi fyrir. Óboðinn gestur hafði nefnilega sest að innra með mér,“ segir Ólöf í skilaboðum til lesenda heimasíðu hennar í dag. Ólöf hefur búið í Genf í Sviss með fjölskyldu sinni en fram undan voru flutningar til New York-borgar.

„Praktísku atriðin voru komin á gott skrið, skólamál, íbúðarmál – allt hefðbundin verkefni sem fylgja því að flytja milli landa. Alpalandið var kvatt með söknuði í bili og við hlökkuðum til að takast á við nýjar áskoranir.“ Ólöf gekkst undir uppskurð á dögunum þar sem illkynja æxlið var fjarlægt. Læknar telja aðgerðina hafa gengið vel.



**Í SEÐLABANKANUM** Ólöf er formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**- ktd**


Ferð þín í átt að lýtalausri húð hefst núna.
NÝTT
FLAWLESS FUTURE
Með hjálp Ceramide™ Serum hylkja
Streita getur flýtt fyrir fyrstu einkennum öldrunar um allt að tíu ár.* Með notkun Flawless Future viðheldur þú æskuljómanum, seinkar fyrstu ummerkjum öldrunar sem og fínum línum og ójöfnum húðlit. Flawless Future er með Ceramidum sem styðja varnarlag húðarinnar.
9 af hverjum 10 konum upplifðu aukinn ljóma og þéttari áferð á húðinni eftir aðeins sex vikna notkun.**
Elizabeth Arden kynning í verslunum Hagkaups dagana 14.-20. ágúst.
20% afsláttur af andlitslínunni frá Elizabeth Arden
Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru tvær vörur eða fleiri frá Elizabeth Arden.
(Gildir á meðan birgðir endast)
Elizabeth Arden
NEW YORK
see the science at elizabetharden.com
FLAWLESS FUTURE
Powered by Ceramide™
Caplet Serum
Sérum Capsules
1.0 FL. OZ. 30 ml ℮
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
*Study from Dec. 2012 by Elissa Epel, PhD, research psychologist at the University of California, San Francisco, www.more.com. **With consistent total Flawless Future regimen usage based on a US home use consumer test conducted on 108 women after 6 weeks. ©2014 Elizabeth Arden, Inc.

# Ebólan hefur ekkert gefið eftir

Meira en þúsund manns hafa látist af völdum ebóluveirunnar á þessu ári, en undanfarna fjóra áratugi höfðu reglulegir faraldrar samanlagt kostað 1.600 manns lífið. Læknar hika við að nota tilraunalyf á fólk, þrátt fyrir að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hafi gefið grænt ljós.

**HEILBRIGÐISMÁL** Frá því ebóluveirunnar varð fyrst vart árið 1976 hefur hún kostað um 2.600 manns lífið, þar af meira en þúsund manns á þessu ári.

Faraldurinn í ár hefur því lagt mun fleiri að velli en fyrri faraldrar, en veiran hefur skotið upp kollinum reglulega þá fjóra áratugi sem hún hefur verið að herja á fólk.

Til þessa hefur hún verið bundin við nokkur Afríkuríki, en sjaldnast hafa liðið meira en tvö eða þrjú ár á milli faraldra. Stundum hefur hún farið á kreik árlega eða jafnvel nokkrum sinnum sama árið.

Samkvæmt nýjustu tölum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, WHO, höfðu á þriðjudaginn var alls 1.848 manns smitast af veirunni frá því faraldurinn í ár hófst og 1.013 þeirra látist. Tugir nýrra smita greinast á hverjum degi í Gíneu, Líberíu, Síerra Leóne og Nígeríu.

Ebóluveiran virðist því ekkert vera að gefa eftir, og nú hafa smitaðir einstaklingar verið sendir til lækninga í Bandaríkjunum og á Spáni.

Margir óttast því að hún eigi eftir að breiðast út um heimsbyggðina og valda verulegum usla, enda leggur hún iðulega að velli meira en helming þeirra sem smitast.

Þær áhyggjur eru þó kannski ekki alveg á rökum reistar, því þótt ebólan sé ein skeinuhættasta veira sögunnar þá smitast hún ekki auðveldlega milli manna.

Til þess að smitast af ebólu þurfa menn að komast í beina snertingu við blóð, svita, tár eða aðra líkamsvessa úr smituðum manni. Ekki þarf beina snertingu við smitaðan einstakling, heldur nægir að komast í snertingu við vessa úr honum sem borist hafa á húsgögn eða aðra hluti.

Þess vegna eru það einkum nánir ættingjar og heilbrigðisstarfsfólk sem hefur smitast.

Veiran smitast ekki milli manna með andrúmsloftinu eins og kvef og flensa geta gert. Hins vegar er engin lækning til, þannig að smitist menn á annað borð þá er ekkert annað til ráða en að fara á sjúkrahús þar sem hlúð er að sjúklingnum, ekki síst með því að gæta þess að gefa honum nógu mikinn vökva.

Gagnrýnt hefur verið að til þessa hafa einungis tveir Bandaríkjamenn og einn Spánverji, sem sendir voru til lækninga á Vesturlöndum, fengið að njóta góðs af tilraunalyfjum eða mótefnum gegn veirunni. Íbúar Afríkuríkjanna fjögurra hafa ekki átt þess kost að fá slík lyf eða mótefni.

Þetta eru líka tilraunalyf sem hafa enn ekki verið fullprófuð og þykja því ekki örugg. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur engu að síður gefið grænt ljós á notkun þeirra andspænis þessum faraldri.

Í gær skýrðu kanadísk yfirvöld svo frá því að þau hefðu ákveðið að senda allt að þúsund skammta af tilraunabóluefni til Afríku. Þetta tiltekna bóluefni hefur aldrei verið reynt á mönnum en gefið góða raun í tilraunum á dýrum.

Læknar hafa samt hikað við að nota tilraunaefni á fólk, jafnvel þótt dauðinn sé næsta vís verði ekkert að gert. Þannig tóku læknar í Senegal ákvörðun um að láta lækni frá Síerra Leóne, sem smitast hafði af ebólu, ekki fá tilraunalyf sem þó stóð til boða. Þeir segjast engan veginn geta treyst því að lyfið muni ekki hafa skaðleg áhrif á sjúklinginn, þar sem engar tilraunir séu fyrir hendi sem geti staðfest árangurinn.

gudsteinn@frettabladid.is

## Ebólufaraldrar í Afríku




N1

Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar miðvikudaginn 20. ágúst 2014, klukkan 16:00 á aðalskrifstofu félagsins, Dalvegi 10–14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins:
1. Breyting á samþykktum – varamenn.
2. Kosning eins aðalstjórnarmanns í stjórn félagsins og tveggja varamanna.
3. Önnur mál löglega upp borin.

Nánar um dagskrá fundarins:
Rétt áður en aðalfundur N1 hf. hófst, fimmtudaginn 27. mars 2014, dró einn frambjóðenda til aðalstjórnar til baka framboð sitt. Sjálfkjörið var til stjórnar og varastjórnar að öðru leyti. Þar sem allir frestir um framboð til stjórnar voru liðnir þegar afturköllun framboðsins barst var ekki hægt að bregðast við breyttum aðstæðum á þeirri stundu. Stjórn N1 hf. hefur nú ákveðið að boða til hluthafafundar þar sem kjör eins stjórnarmanns í aðalstjórn verður á dagskrá til að tryggja að aðalstjórn verði fullskipuð fram að næsta aðalfundi félagsins.

Á sama tíma leggur stjórn N1 til þá breytingu á samþykktum félagsins að fellt verði á brott ákvæði um kjör tveggja varastjórnarmanna skv. 1. málslið 17. gr. gildandi samþykkta félagsins. Frá síðasta aðalfundi hafa báðir kjörnir varastjórnarmenn sagt af sér. Í stað þess að leggja til kjör nýrra varamanna í stjórn leggur stjórnin til að ákvæðið um varamenn verði fellt niður. Tillagan um að fella niður ákvæði í samþykktum um varamenn tekur ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi við samþykkt hennar, þannig að gera þarf ráð fyrir dagskrárliðnum framboð til varastjórnar með fyrirvara um samþykkt hennar, en í því tilviki falla framboð til varastjórnar niður.

Aðrar upplýsingar:
Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins, Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli kl. 09:00–16:00.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir hluthafafundinn, eða fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. ágúst 2014. Framboðum skal skila á skrifstofu N1 hf., Dalvegi 10–14 í Kópavogi eða á netfangið hluthafar@n1.is. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15:30 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn.

Stjórn N1 hf.



**LOKAHEIMSÓKNIN** Anders Fogh Rasmussen sló á létta strengi með forsætisráðherra í upphafi fundar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óttast Rússa

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, segir að bandalagið muni svara af fullri hörku ógni Rússland aðildarríkjum þess.

**STJÓRNMÁL** „Ég hef áhyggjur af því að Pútín horfi víðar en til Úkraínu. Markmið Rússa er augljóslega að koma í veg fyrir frekari samruna Austur-Evrópulandanna við Vesturlönd í Evrópu. Þeir vilja festa rússnesk áhrif í nágrannalöndum sínum í sessi,“ sagði Anders Fogh Rasmussen á blaðamannafundi í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í gær. Hann er staddur hér á landi í sinni síðustu heimsókn sem framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins (NATO).

Fogh Rasmussen átti fund með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og ræddi meðal annars stöðuna í Úkraínu. „Ég held að leiðtogar í Kreml séu meðvitaðir um það að minnsta tilraun til að ógna aðildarríkjum okkar muni vekja mjög hörð viðbrögð frá okkar hlið. Tilvist NATO, ein og sér, mun koma í veg fyrir árás Rússa á aðildarríki,“ sagði hann.

Á fundinum greindi Fogh Rasmussen meðal annars frá þrískiptum aðgerðum bandalagsins til varnar gegn auknum afskiptum Rússa á Eystrasaltssvæðinu og í Austur-Evrópu. Í fyrsta lagi hefur lofthelgisgæsla verið aukin til muna í Eystrasaltslöndunum. Jafnframt hafa flotar á Eystrasaltinu og Svartahafi verið búnir undir að bregðast hratt við hættuástandi. Í öðru lagi mun NATO auka samvinnu sína við Úkraínu til að styrkja og nútímavæða herafla landsins. Í þriðja lagi hefur samvinnu við Rússland verið slitið. Enn er opið fyrir pólitíska samræðu á milli Rússlands og NATO en að öðru leyti hefur samskiptum verið slitið. Sú ákvörðun var tekin í apríl á þessu ári.

Fogh Rasmussen lagði áherslu á það á fundinum að Ísland tæki fullan þátt í aðgerðum bandalagsins gegn Rússlandi.

„Á þessum óvissutímum þörfnumst við Atlantshafsbandalagsins meira en nokkru sinni. Ég treysti á stuðning Íslands til að skýra línurnar og gera bandalagið traustara og sveigjanlegra,“ sagði Fogh Rasmussen.

snaeros@frettabladid.is

VIÐ FÖGNUM
35
ÁRUM MEÐ
ÍSLENDINGUM

## NÝR MITSUBISHI **OUTLANDER INTENSE**

# 5.290.000 KR. FYRIR FULLVAXIÐ VILLIDÝR MEÐ FJÖLSKYLDUSVIP



**Mitsubishi Outlander Intense** er fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll sem dúxar í sparneytni og lágum útblæstri kolefnis en skilar samt framúrskarandi afköstum. Háþróaður öryggisbúnaður, bakkmyndavél og handfrjáls símabúnaður eru bara örfáar ástæður til að hjálpa þér að gera upp hug þinn. Komdu og prófaðu ævintýralegan Outlander Intense.

**Mitsubishi Outlander**
Intense Bensín
**5.290.000 kr.**



Xenon aðalljós með sérstaklega víðu birtusviði.



Sparneytin 2.0 lítra vél skilar lágum útblæstri kolefnis.



Sjö SRS loftpúðar vernda ökumann og farþega.

Búnaður í Outlander Intense: 18" álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilari, rafdrifnir og upphitaðir útispeglar með stefnuljósum, vindskeið að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan, regnskynjari á rúðuþurrkum, sjö öryggispúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, langbogar á þaki, þvottasprautur á aðalljósum, dagljósabúnaður.

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Veiðibann í laxleysi vart talið fært

Stóráin Langá hefur aldrei í sögu sinni gefið eins litla veiði og í sumar. Kallað er eftir rannsóknum á sjávarvist laxins og jafnvel veiðibanni. Efast er um veiðifyrirkomulag í Langá og það sagt ógna stofninum. Fiskistofa telur veiðibann illgerlegt og vísar á ábyrgð veiðifélagsins.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



„Fiskistofa hefur heimild til að grípa inn í og stöðva veiðar. En það er mjög íþyngjandi aðgerð og sú leið sem hefur verið farin er að vinna með veiðifélögunum á hverjum stað,“ segir Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, aðspurður hvort hugsanlegt sé að stofnunin bregðist við lítilli laxveiði í einstökum ám með því að fyrirskipa veiðibann.

Undanfarnar vikur hefur orðið ljóst að göngur í allmargar laxveiðiár hafa brugðist. Helst er þetta áþreifanlegt í ám á Suðvestur- og Vesturlandi. Fáliðaður smálax og rýr sýnir að sjávarvist laxins í fyrrasumar og vetur hefur verið honum mjög harðdræg á einhverjum ætistöðvum.

Meginhlutverk lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu er að stuðla að sjálfbærri nýtingu laxfiska í ám og vötnum og vernda búsvæði þeirra í samvinnu við eigendur veiðiréttar og veiðifélög, en þessu úrræði Fiskistofu hefur ekki verið beitt eftir því sem næst verður komist en það er byggt á 24. grein laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Þar er að finna heimild Fiskistofu til að friða lax og silung á ákveðnu svæði að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar.

„Ég hef fylgst með þessu; áhyggjum manna af stöðu mála í fleiri ám. En það er erfitt í framkvæmd að grípa inn í með friðun. En ef útlit væri fyrir að menn væru að valda skaða á fiskistofnunum þá kæmi það til greina,“ segir Guðni Magnús en segir að Fiskistofu hafi ekki borist neitt formlegt erindi vegna fiskleysis.

**Áhyggjur**

Einar Ole Pedersen, formaður Veiðifélags Langár, hefur þungar áhyggjur af stöðunni í Langá, en ekki síður af laxleysinu víða um land og framtíð greinarinnar í heild. Hann furðar sig á því að til þess bærar stofnanir hafi ekki þegar gert gangskör að því að hefja rannsóknir. Hvað Langá varðar sérstaklega segir Einar að veiðin í Langá í sumar sé öllum mikið áhyggjuefni. Spurður um maðkahollið fræga sem mætir til veiða 20. ágúst segir hann að maðkaveiðin hafi hafist í Langá á þessum tíma í fjöldamörg ár. Veiðifyrirkomulagið í Langá hafi margoft verið rætt, bæði innan félagsins en ekki síður við forsvarsmenn SVFR sem leigutaka árinnar. Engin niðurstaða hafi fengist, en eins og þekkt sé hafi menn misjafnar skoðanir á veiðifyrirkomulagi í íslenskum ám – hvort veiða eigi yfirhöfuð á maðk eða leyfa einungis fluguveiði.

**Veiðiálagið ekki of mikið**

Einar segir að fiskifræðingar hafi gert fjölmargar rannsóknir í Langá og niðurstöðurnar jafnan samhljóða. „Þeir hafa yfirleitt sagt að veiðiálagið í Langá sé í samræmi við stöðu stofnsins í ánni, og reyndar sagt að veiðiálagið mætti vera meira en hefur verið síðustu árin. Veiðimönnum hefur ekki þótt dagkvótinn nógu rúmur, eða þessir tíu laxar á stöng á dag,“ segir Einar og bætir við að þrátt fyrir að ekki veiðist nema sárafáir laxar á hverjum degi þessa dagana þá sé töluvert af laxi í ánni engu að síður samkvæmt fiskateljurunum. „Fyrir um viku voru 800 laxar gengnir í gegnum teljarann í Skugga. En það er miklu minna af fiski en verið hefur og hann er verr haldinn en hefur verið. Árið 2012 var hátíð miðað við þetta ástand. Þetta er fáheyrð fæð veiddra laxa eins og víða annars staðar. En það sem gerir Langá svona tölulega verri en margar aðrar er að í ánni er lítið af stórlaxi, sem hefur verið að halda uppi tölunum hér um slóðir.“

**Almennt veiðibann þyrfti til**

„Fiskistofa getur tekið svona mál upp að eigin frumkvæði en núna eru menn með áhyggjur um allt land þannig að ég sé ekki hvernig ætti að grípa inn í veiði í einni sérstakri á öðruvísi en þetta yrði gert almennt á svæðinu, t.d. sunnan- og vestanlands. Það væri útilokað að taka eina á út,“ segir Guðni Magnús og bendir á að veiðibanni myndu fylgja ýmis álitamál og líklega skaðabótamál. Hann sér því ekki að það sé raunhæft fyrir Fiskistofu að beita sér í sumar, en „auðvitað eftir sumarið fara menn ofan í saumana á þessu og athuga hvað hægt er að gera. Þegar lögunum var breytt árið 2006 þá kölluðu veiðifélögin eftir meira sjálfræði varðandi nýtinguna í samráði við Fiskistofu. Þannig að ábyrgðin liggur mikið hjá félögunum að nýta þessar auðlindir með sjálfbærum hætti og koma í veg fyrir slys,“ segir Guðni Magnús.



**FOSSINN SKUGGI Í LANGÁ** Um fossinn höfðu gengið um 800 laxar fyrir viku. Veiðin er um 250 laxar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Veiðimenn hafa þungar áhyggjur

Vötn og veiði, fréttavefur um stangveiði, gerði laxleysið að umtalsefni um helgina. Þar var vikið sérstaklega að veiði í Langá, sem hefur kannski fengið þyngst á kjaftinn þegar litið er yfir sviðið. Þar er áhyggjum lýst af því þegar maðkaveiði byrjar að nýju eftir nokkurra vikna fluguveiðitíma. Spurt er einfaldlega hvort stofn Langár þoli álagið sem því fylgir, en laxamokið í Langá þegar maðkur er aftur notaður sem agn er alþekkt. Hver stöng má drepa 10 laxa á dag, en veitt er á 12 dagstangir. Á þriðjudagskvöld höfðu veiðst 249 laxar en tæplega 1.700 á sama tíma í fyrra. Hörmungarárið 2012 voru 620 laxar komnir á land.

Í framhaldi af greininni í Vötnum og veiði hefur risið lífleg umræða milli áhugamanna um stangveiði á samfélagsmiðlum þar sem er spurt hvort ekki eigi að grípa inn í veiðina í Langá, og hvar ábyrgðin liggi þegar svo illa árar – hjá Fiskistofu, Veiðifélagi Langár eða leigutakanum sem í tilfelli Langár er Stangaveiðifélag Reykjavíkur.




DEBENHAMS
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ
redherring
FYRIR DÖMUR OG HERRA
Gerðu lífið skemmtilegra
Opið 11 - 21 í dag
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Nemendur uppgötvi hæfileika sína

Finninn Pasi Sahlberg frá Harvard-háskóla er einn þriggja fyrirlesara á ráðstefnu um starfsþróun kennara sem er haldin í Reykjavík. Hann vill að Finnar leggi meiri áherslu á að virkja hæfileika hvers nemanda fyrir sig og hvetur íslensk stjórnvöld til að gera slíkt hið sama.

**MENNTUN** Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á þessu ári. Af því tilefni hófst í gær á Hilton Nordica Hóteli tveggja daga ráðstefna um starfsþróun kennara frá leikskóla til háskóla.

Einn þriggja aðalfyrirlesaranna, Pasi Sahlberg, skólamaður frá Harvard-háskóla, stígur í pontu í dag. Hann er höfundur bókarinnar Finnish Lessons, sem hefur notið vinsælda bæði hjá stjórnmálamönnum og fólki innan skólakerfisins.

Námsárangur finnskra skólabarna hefur vakið athygli og hafa alþjóðlegar mælingar sýnt fram á að menntakerfið þar í landi virki vel. „Nemendur hafa staðið sig vel á mörgum sviðum og kennurum líður almennt mjög vel í starfi sínu,“ segir Sahlberg. „Margir halda að Finnland sé einhver kraftaverkastaður og það er að vissu leyti rétt en við glímum samt við okkar vandamál.“

> Robin Williams, sem lést fyrr í vikunni, lék aðalhlutverkið í Dead Poets Society, sem er ein besta mynd sem gerð hefur verið um kennslu. Þar sagði hann að það mikilvægasta í námi væri að læra að hugsa sjálfstætt
>
> *Pasi Sahlber*
> *skólamaður*

### Valdið er mikilvægt

Niðurstöður alþjóðlegrar PISA-rannsóknar sýndu í fyrra að Ísland og Svíþjóð voru með lakasta árangur allra Norðurlandanna og að íslenskum nemendum hefði farið aftur í stærðfræðikunnáttu, lesskilningi og náttúrulæsi. Spurður hvort hann telji að kennsluaðferðunum sé um að kenna segir Sahlberg að þær eigi vafalítið einhvern þátt í niðurstöðunum. Frekar eigi samt að horfa til skipulagsins innan skólanna.

„Finnsku kennsluaðferðirnar eru ekkert endilega árangursríkari en til dæmis í Svíþjóð og á Íslandi. Ég held að það sem er frábrugðið sé að við höfum enn þá stefnu í finnsku skólunum að skólastjórarnir hafa vald yfir kennurunum og geta skipað þeim að gera eitthvað ef þeim sýnist svo. Í skólastofunum gegna kennararnir sama hlutverki. Það er litið á kennarana sem leiðtoga sem hafa vald til að segja hvernig hlutirnir eiga að vera,“ greinir Sahlberg frá. „Í sumum löndum innan Skandinavíu sem ég hef heimsótt segjast skólastjórarnir ekki hafa þetta vald. Þeir geta ekki farið til kennaranna og sagt þeim hvað þeir eiga að gera og í mörgum löndum geta kennararnir ekki sýnt vald sitt yfir nemendunum af því að það er ekkert hlustað á þá.“

### Þarf fólk sem hugsar öðru vísi

Hvað ætli sé það mikilvægasta þegar kemur að menntun í dag?



**PASI SAHLBERG** Finninn heldur fyrirlestur á Hilton Nordica Hóteli í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er að skilja hvert markmið menntunar er. Robin Williams, sem lést fyrr í vikunni, lék aðalhlutverkið í Dead Poets Society, sem er ein besta mynd sem gerð hefur verið um kennslu. Þar sagði hann að það mikilvægasta í námi væri að læra að hugsa sjálfstætt,“ segir hann. „Maður heyrir svo víða að vegna alþjóðlegrar samkeppni og fleira þurfi að mennta alla eins. Þetta er röng aðferð að mínu mati. Ég tel að megintilgangur kennslu sé að mennta alla þannig að þeir verði öðru vísi en náunginn við hliðina. Í Finnlandi hef ég talað fyrir því að við fylgjum ekki þessum alþjóðlega straumi. Við þurfum að virkja þessa mismunandi hæfileika sem fólk hefur í stað þess að steypa alla í sama mót. Lítil lönd eins og Finnland, Ísland og hin Norðurlöndin þurfa á fólki að halda sem hugsar öðru vísi,“ bætir hann við.

„Mér finnst að í kennslu eigi að hjálpa nemendum að uppgötva eigin hæfileika, eigin sköpunargáfu og eigin ástríðu. Við þurfum á því að halda að fleiri nemendur sem ljúka við skóla viti í hverju þeir eru góðir og geti notað það til að breyta lífi sínu og þjóð sinni. Í stað þess að menn metist um hvor sé betri í vísindum vil ég hjálpa öllum að vera eins og þeir vilja vera í raun og veru.“

freyr@frettabladid.is





Í tilefni af 40 ára afmæli VW Golf bjóðum við sérútbúna Comfortline og Highline bíla á einstöku tilboðsverði. Komdu og tryggðu þér einn pakkaðan af afmælisdóti, tilbúinn á götuna.

WORLD CAR AWARDS 2013 WORLD CAR OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



GUERLAIN
THE ORIGINAL FRENCH
KISS KISS
THE NEW GLAMOROUS LIPSTICK
Guerlain kynning í Hagkaup Holtagörðum dagana 14.-20. ágúst
20% afsláttur af förðunarvörum frá Guerlain.
Fallegur kaupauki fylgir með ef keypt er fyrir 9.900 kr.
eða meira af Guerlain vörum.*
*Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# NÚ HEFST SKÓLINN

# ÁFRAM NÁMSMENN




Verð
489
krónur

Reikningsbók / Stílabók A4




Verð
149
krónur

Stíla-, reiknings- og sögubók A5




Verð
649
krónur

Skrúfblýantur Artline - 0,5mm




Verð
354
krónur

Áherslupenni Pentel - Mjór

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




Hringjamöppur (My favourite, Mia and me, Cut the rope, Turtles)




Teygjumöppur (My favourite, Mia and me, Cut the rope)




Sögu- og reikningsbækur A4




Herlitz

My.Book Stílabækur A4
(Línu & rúðustrikaðar)
Verð áður: 1.599 kr.




Ritfangasett
(Turtles, My favourite)

Álfabakka 14b, Mjódd
Akranesi - Dalbraut 1
Penninn - Hallarmúla 4

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Kringlunni

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Tilboðið gildir frá út ágúst eða meðan birgðir endast. Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**KAUPMANNAHÖFNN** Íslendingar flykktust til Danmerkur í júlí.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

Flestir til Kaupmannahafnar:

## London ekki lengur vinsælust

**SAMGÖNGUR** Fleiri ferðir voru farnar frá Íslandi til Kaupmannahafnar en nokkurrar annarrar borgar í júlí síðastliðnum. Þetta er nýmæli þar sem flestar ferðirnar eru yfirleitt farnar til Lundúna en næstflestar til Kaupmannahafnar. Á ferðavefnum Túristi.is segir að yfir vetrarmánuðina láti nærri að fjórða hver vél í Keflavík haldi til Lundúna og er umferðin þangað mun meiri en til annarra borga. - jhh

Mímir flytur á Höfðabakka:

## Fer í varanlegt húsnæði

**MENNTUN** Mímir – símenntun er fluttur í nýjar höfuðstöðvar að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri segir að Mímir hafi verið opnaður í nýja húsnæðinu 5. ágúst. „Við höfum verið að leita okkur að framtíðarhúsnæði og núna erum við komin í það,“ segir Hulda. Mímir var síðast í Ofanleiti 2, en þar áður í Skeifunni 8. „Það er öll aðstaða til fyrirmyndar í framhaldsfræðslunni. Það er eingöngu fullorðið fólk sem er hér í námi hjá okkur og aðstaðan er sniðin að þörfum þess,“ segir Hulda í samtali við Fréttablaðið. - jhh

# Víða setið á svikráðum við saklausa Íslendinga

Tækniframfarir heilla ekki einungis fólk sem vinnur í göfugum tilgangi. Óprúttnir menn eru lagnir við að nýta sér tæknina til að komast í álnir og skýla sér bak við órafjarlægð, fölsuð nöfn og svikaloforð. Fréttablaðið skoðaði málið og kannaði helstu brellurnar í bókinni.

Ófáir Íslendingar hafa fengið tölvupóst, símaskilaboð eða jafnvel símhringingu þar sem þeim eru boðin hagstæð lán, kaup eða þeim tjáð þau tíðindi að þeim hafi hlotnast gríðarlegir fjármunir. Undantekningalaust hangir ljótur leikur á spýtunni svo best er að hunsa öll erindi af þessari gerð, segir upplýsingafulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en því miður hafa málefni nokkurra sem bitu á agnið lent þar. Oftast er þó ógjörningur að ná fé sem eitt sinn hefur verið sent á reikning erlendis.

Svikahrapparnir beita ýmsum brögðum og hér verða tekin saman þau algengustu. Það nýjasta gæti verið nokkuð sannfærandi ef ekki væri fyrir textann sem svo oft er greinilega unninn af þýðingamaskínu Google.

jse@frettabladid.is



**VIÐ TÖLVUSKJÁINN** Ef tíðindi, sem eru of góð til að trúa þeim, berast frá óþekktum aðila, jafnvel á tölvuþýddri íslensku, þá ber heldur ekki að trúa þeim. Eins getur verið gott að gjalda varhug við hjálparákalli þótt það komi frá kunnuglegu netfangi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sjö algengustu bellibrögðin í bókinni

**1. Lottó eða happdrættisvinningur.**
Viðtakanda er tilkynnt að hann hafi unnið fyrsta vinning sem sé himinhá fjárhæð. Sendandinn segist nú þurfa upplýsingar til að koma peningunum til viðtakandans. Þannig komast óprúttnir yfir mikilvægar upplýsingar. Stundum er einnig farið fram á greiðslu sem sé nauðsynleg til að losa um vinninginn.

**2. Aðstoð við tölvuvírusa.**
Með því að bjóða vírusvörn og þjónustu henni tengda geta óprúttnir komist yfir kortanúmer og auðvitað er vírusvörnin spuni frá rótum.

**3. Arfur.**
Viðtakandi fær þær fregnir að fjarskyldur ættingi, sem ber jafnvel sama föðurnafn og hann, hafi látist. Nú verði viðtakandinn að gefa upplýsingar til að geta tekið við arfinum sem hans bíði og jafnvel reiða fram fé til að losa um hann.

**4. Leiga á íbúðum.**
Flottar íbúðir eru boðnar til leigu á hlægilega lágu verði. Þegar búið er að borga staðfestingargjald kemur í ljós að þær voru aldrei til leigu.

**5. Lán á kjarakjörum.**
Sömuleiðis getur viðtakanda borist auglýsing um lán á afar hagstæðum kjörum. Þegar hinn óprúttni hefur fengið fé og upplýsingar kemur svo í ljós að lánið stóð aldrei til boða.

**6. Bíll til sölu.**
Sendandinn beitir allri sinni skáldagáfu til að prjóna ástæður fyrir því að hann geti ekki sýnt bílinn sem sé til sölu á afar hagstæðu verði. Sendandinn er vissulega erlendis svo það þarf að senda honum peninginn.

**7. Nýjasta bellibragðið.**
Nýverið hefur borið á því, að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, að þrjótar brjótist inn í tölvur og sendi frá netfangi tölvueigandans póst á alla þá sem vistaðir eru í tenglaskránni. Pósturinn er oftast ákall um hjálp þar sem eigandi netfangsins segist hafa verið rændur og sé því strandaglópur á erlendum flugvelli. Hann þarf því aur til að komast heim. Viðtakandinn fær sem sagt póst frá einhverjum sem hann þekkir, með falskri hjálparbeiðni þar sem hann er beðinn að senda pening á ákveðinn reikning sem síðan er í eigu svikahrappsins sem braust inn í tölvuna.




the PIER
Klukkur frá 1.990,-
20% AFSLÁTTUR AF SVEFNSÓFA
20%
Svefnsófi 199.900,-
með 20% afslætti nú á 159.920,-
ANTON & BERGUR
FULLT AF NÝJUM VÖRUM
Sófabakki 3.990,-
Hilla 19.990,-
Kommóða 12.990,-
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
Bakkar frá 3.990,-
Bakkar frá 3.990,-
Glerdiskar frá 390,-
Náttborð 14.990,-
Glerskápur 24.900,-
VELKOMIN Í THE PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Samningarnir voru alltaf ólöglegir

Stjórnendur Seðlabankans meta það svo að lífeyristryggingarsamningar umboðsaðila erlendra tryggingafélaga hér á landi hafi alltaf verið ólöglegir. Seðlabankastjóri vill ekki fullyrða að bankinn hafi fengið rangar upplýsingar frá forsvarsmönnum miðlara og lögmönnum þeirra.

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@365.is



„Ásýndin sem er verið að reyna að skapa er sú að eitthvað sé að í Seðlabankanum. Ég kannast ekki við það. Ég þekki þennan leik," segir viðmælandi Fréttablaðsins hjá Seðlabankanum sem vill ekki koma fram undir nafni vegna umræðu um stöðu lífeyristryggingarsamninga.

Seðlabankinn ákvað fyrr í sumar að stöðva gjaldeyrisviðskipti umboðsaðila erlendra tryggingafélaga hér á landi á grundvelli samninga um meðal annars viðbótartryggingavernd, söfnunartryggingar og sparnað. Málið er risavaxið því það snertir beina hagsmuni 35.000 Íslendinga sem gerðu samninga um lífeyristryggingar fyrir milligöngu íslenskra miðlara hjá fyrirtækjunum Bayern, Allianz og Friends Provident eftir að gjaldeyrishöftin voru lögfest. Um það bil 22.000 Íslendingar voru með slíka samninga sem voru gerðir fyrir höft og vegna meginreglu íslensks réttar um bann við afturvirkni laga geta höftin ekki náð yfir slíka samninga.

### Hefur veitt fresti og undanþágur

Það er mat stjórnenda Seðlabankans að samningar sem hafi falið í sér sparnað, en ekki bara tryggingar, hafi alltaf verið ólöglegir, alveg frá fyrsta degi, þ.e. þeir

➜ Fjöldi lífeyristryggingarsamninga hjá erlendum tryggingarfélögum:
**57.000 (áætlað)**

➜ Fjöldi samninga sem eru gerðir eftir 28. nóvember 2008:
**35.000**

samningar sem voru gerðir eftir 28. nóvember 2008 þegar höftin voru lögfest. Það sem er undirorpið óvissu er hvort Seðlabankinn hafi gripið of seint til úrræða, þ.e. leyft þessum sparnaði að vaxa of lengi á skjön við gjaldeyrishöftin eða hvort Seðlabankinn hafi fengið rangar eða misvísandi upplýsingar hjá söluaðilum þessara tygginga eða miðlurum þeirra. Starfsmenn Seðlabankans sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að Seðlabankinn hafi ekki fengið réttar upplýsingar um þessa tryggingarsamninga á árunum 2010-2011. Forsvarsmenn miðlara og lögmenn þeirra hafi fengið gefið til kynna að verið væri að bjóða upp á tryggingar, en ekki sparnað, sem er undanþeginn höftum.

„Ég ætla ekki að fullyrða að Seðlabankinn hafi fengið rangar upplýsingar en bankinn sagði alltaf að seljendur trygginganna yrðu að bera ábyrgð á því að starfsemin væri í samræmi við lög. Þegar um er að ræða sparnað þá er hann undir höftunum. Það skiptir máli í



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson segir bankann þurfa að glíma við mörg flókin mál með fámennu starfsfólki.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þessu að þessi starfsemi var ekki eins umfangsmikil á þeim tíma," segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri.

*En lögmæti starfsemi getur varla ráðist af umfangi hennar?*

„Nei, enda breyttist svar okkar ekkert. Smám saman förum við að athuga þetta og þá virðist bankanum ljóst að eitthvað af þessu virðist ekki falla að gjaldeyrislögunum. Svo leiðir eitt af öðru í stigmögnun þar til að við komumst að þeirri niðurstöðu sem við komumst að í júní. Það hafa verið

## Hvað er lífeyristryggingarsamningur?

Um er að ræða samning um kaup á tryggingu um lífeyri þar sem seljandi tryggingarinnar skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð mánaðarlega eftir töku lífeyris. Ólíkt hefðbundnum lífeyrissparnaði þar sem lífeyrisþegi þarf að sæta skerðingu í samræmi við rekstur viðkomandi lífeyrissjóðs skuldbindur hið erlenda tryggingarfélag sig til að greiða tiltekna fjárhæð eftir töku lífeyris. Þetta er í raun bæði sparnaður og trygging.

veittir frestir og ákveðnar varanlegar undanþágur," segir Már.

*Ef Seðlabankinn hefði farið í það að kalla eftir þessum samningum og lesa þá, hefði ekki mátt afstýra þessari stöðu?*

„Það er það sem hefur gerst. Það tekur tíma að vinna svona mál. Í öðru lagi voru ákveðin túlkunaratriði sem þurftu að komast á hreint. Við erum að glíma við mörg flókin mál með fámennu starfsliði." Már áréttar að það sé undanþága í gildi til halda samningunum óbreyttum fram í síðari hluta október.

### Örvænting hjá Seðlabankanum?

Upplifun gjaldeyrismiðlaranna sem hafa selt þessa samninga er að örvænting hafi gripið um sig hjá Seðlabankanum. Fyrir liggur tölvupóstur sendur af þáverandi settum (ad hoc) yfirmanni gjaldeyriseftirlits Seðlabankans til starfsmanna Tygginga og ráðgjafar frá árinu 2010 þar sem segir að það sé alveg skýrt að samningarnir sem fyrirtækið sé að selja séu undanþegnir höftum þar sem um sé að ræða vöru- og þjónustuviðskipti.

„Ég held að þetta snúist í prinsippinu um jafnræði. Við erum með gjaldeyrishöft og það þarf að fylgja þeim grundvallarreglum sem fylgja höftunum. Þá er mjög skrítið að leyfa þá einhverjum öðrum að gera það ekki," segir viðmælandi blaðsins hjá Seðlabankanum. Stjórnendur íslenskra lífeyrissjóða hafa talið að það skjóti skökku við að menn hafi safnað sparnaði erlendis í erlendum gjaldeyri á meðan sjóðunum er meinað að fjárfesta erlendis. Aðeins 22,4 prósent af eignasafni lífeyrissjóða er í erlendum gjaldeyri sem er ósjálfbær staða til framtíðar því neysla framtíðar lífeyrisþega verður í gjaldeyri.

En hvers vegna er Seðlabanki Íslands að vakna upp við vondan draum árið 2014 meðan vandamálið, ef vandamál má kalla, hefur grafið um sig eins og mein árum saman? Um er að ræða 35.000 samninga á sex árum. Viðmælendur Fréttablaðsins benda á að í raun hafi



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Seðlabankinn viljað aðhafast árið 2011 til að stöðva það sem bankinn taldi ólögmætan sparnað en þá hafi bankinn verið „stöðvaður" af Árna Pála Árnasyni, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra.

### Spurning um lögskýringu

„Seðlabankinn verður að skýra það hvernig stjórnendur hans mátu stöðuna. Ég taldi að það væri alltaf mjög tvíbent hvort höftin gætu átt við um sölu á þjónustuviðskiptum eins og samsettum tryggingum. Ég er enn þeirrar skoðunar að rangt sé að teygja höftin yfir svona samninga. Þetta er ekki beinn sparnaður," segir Árni Páll í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er alltaf spurning um lögskýringu en líka skilgreiningu á höftunum. Þau áttu ekki að hefta vöru- og þjónustuviðskipti," bætir hann við.

*Hætti Seðlabankinn við vegna andstöðu þinnar?*

„Ég þekki það ekki. Þeir verða að svara því hvernig ákvörðun þeir tóku en ráðherra málaflokksins fór með höftin sem slík og löggjöfina þar í kring. Þetta var túlkunin sem við töldum eðlilega. Að hafa þessa þröngu túlkun á höftunum. Þá væru þau minnst truflandi fyrir viðskiptalífið."

Vegna lögbundins sjálfstæðis Seðlabankans skipti þessi afstaða ráðherrans í raun ekki máli nema til að tryggja vinsamleg samskipti fagráðherra málaflokksins við Seðlabankann. Bankinn hefði í krafti lögbundins hlutverks síns og sjálfstæðis getað stöðvað söfnun sparnaðarins í samræmi við lög um gjaldeyrismál en ákvað að gera það ekki fyrr en þremur árum síðar, í júní 2014. Velta má fyrir sér hvers vegna það tók Seðlabankann allan þennan tíma að komast að niðurstöðu og hvort viðskiptavinir Allianz, Friends Provident og Bayern-Versicherung hafi í krafti réttmætra væntinga öðlast rétt til að viðhalda viðskiptasambandi við þessi fyrirtæki. Eins og Már Guðmundsson nefndi, þá áttaði Seðlabankinn sig betur á eðli þessara samninga við nánari skoðun. Í fyllingu tímans fór bankanum að verða þessi mynd skýr. Viðræður standa enn yfir við erlendu tryggingarfélögin en stjórnendur Seðlabankans hafa lagt áherslu á lausn sem raski ekki hagsmunum þeirra þúsunda Íslendinga sem eru í viðskiptum við þessi félög. „Viðræður standa enn yfir en það er ekki komin niðurstaða," segir Már Guðmundsson.



# TILBOÐSDAGAR BÍLALANDS

**NÚ ERU TILBOÐSDAGAR HJÁ BÍLALANDI OG FJÖLDI BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!**
**KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR EINTAK - OPIÐ FRÁ KL. 09-18.**




NISSAN PATROL ELEGANCE
Nýskr. 11/06, ekinn 203 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.990 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 142052




HYUNDAI iX35
Nýskr. 04/11, ekinn 118 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.390 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.790 þús. kr.**
Staðsetning: Kauptún - Rnr. 310098




TOYOTA AURIS TERRA
Nýskr. 05/12, ekinn 51 þús. km.
bensín, 6 gírar.
**Verð áður: 2.390 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.690 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 130775




LEXUS RX400H EXE
Nýskr. 09/07, ekinn 120 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.890 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.990 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 130677




TOYOTA PREVIA
Nýskr. 06/04, ekinn 180 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.490 þús. kr.**
**TILBOÐ 890 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 120313




RENAULT MEGANE BERLINE
Nýskr. 05/08, ekinn 70 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.320 þús. kr.**
**TILBOÐ 890 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 280907




KIA SORENTO EX
Nýskr. 06/05, ekinn 191 þús. km.
bensín, 5 gírar.
**Verð áður: 1.290 þús. kr.**
**TILBOÐ 690 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 201292




HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 06/11, ekinn 93 þús. km.
dísil, 6 gírar.
**Verð áður: 2.270 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.690 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281231




RANGE ROVER SPORT SE
Nýskr. 04/07, ekinn 150 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 5.480 þús. kr.**
**TILBOÐ 3.890 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281358




SUBARU FORESTER X
Nýskr. 07/10, ekinn 84 þús. km.
bensín, 5 gírar.
**Verð áður: 2.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.390 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281668




RANGE ROVER HSE
Nýskr. 04/06, ekinn 131 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.990 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 141284




NISSAN NOTE VISIA
Árg. 2013, ekinn 31 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.680 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.990 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 141821




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 58 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 4.690 þús. kr.**
**TILBOÐ 3.790 þús. kr.**
Staðsetning: Akranes - Rnr. 141776




BMW X5
Nýskr. 05/06, ekinn 126 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.420 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.690 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 191177




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 04/08, ekinn 132 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.990 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 141748




RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 05/11, ekinn 62 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.890 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.390 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 120336




BMW 5 545i
Nýskr. 12/03, ekinn 233 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.390 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 120370




ISUZU D-MAX
Nýskr. 06/06, ekinn 203 þús. km.
dísil, 5 gírar.
**Verð áður: 1.480 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.090 þús. kr.**
Staðsetning: Kauptún - Rnr. 142085




KIA SORENTO LUXURY
Nýskr. 06/05, ekinn 162 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.290 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.490 þús. kr.**
Staðsetning: Kauptún - Rnr. 141850




HYUNDAI i30 WAGON COMFORT
Nýskr. 06/11, ekinn 86 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.430 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.890 þús. kr.**
Staðsetning: Kauptún - Rnr. 191178

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 09-18 og**
**á laugardögum frá kl. 12-16.**

**bílaland**

ENNEMM / SÍA / NM63980

# SKOÐUN

Forsendur tollverndarstefnu eru brostnar:

## Landbúnaðar-pólitík í hakki

Ein af forsendum íslenzkrar landbúnaðarpólitíkur eins og hún hefur verið útfærð undanfarna áratugi er að Ísland sé, eigi að vera og verði um fyrirsjáanlega framtíð sjálfu sér nógt um þær landbúnaðarvörur sem á annað borð eru framleiddar í landinu.

Stjórnvöld hafa litið á innflutning á kjöti og mjólkurvörum sem óþarfa sem hefur verið þröngvað upp á okkur með alþjóðlegum samningum. Sá innflutningur hefur verið gerður eins dýr og óhagkvæmur og hægt er, með tollum og uppboðum á tollkvóta, þannig að hann veiti innlendri framleiðslu enga raunverulega samkeppni. Ein meginrökin fyrir þessari stefnu er að hér þurfi að tryggja fæðuöryggi.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nú er farið að braka dálítið hátt í þessari meginforsendu tollverndarinnar. Undanfarin misseri hafa komið upp ýmis dæmi um að innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn. Fyrir jól þurfti til dæmis að flytja inn smjör í stórum stíl og innlend kjötframleiðsla er líka langt frá því að anna markaðnum.

Fréttablaðið hefur undanfarna daga sagt fréttir af stórauknum innflutningi á kjötvörum. Þannig tífaldaðist innflutningur nautakjöts fyrstu sex mánuði þessa árs frá sama tímabili í fyrra. Í blaðinu í dag kemur fram að ef þróunin verður svipuð seinni hluta árs megi gera ráð fyrir að innflutningur á nautakjöti nemi um fimmtungi af markaðnum. Sambærilegt hlutfall fyrir svínakjöt er sjö prósent og fyrir alifuglakjöt tæplega tíu prósent. Það er eingöngu í lambakjöti sem innlend kjötframleiðsla annar eftirspurn.

Kerfið bregzt hins vegar þannig við að tollverndinni er áfram viðhaldið, jafnvel þótt skortur sé á innlendu vörunni. Í tilviki nautakjötsins að minnsta kosti leiðir það til hærra verðs til neytenda. Verðið á innlendu framleiðslunni hækkar vegna þess að framboðið er ekki nóg og svo stillir atvinnuvegaráðuneytið tollana þannig af að innflutningurinn sé heldur dýrari en innlenda framleiðslan. Undanfarna átján mánuði hefur nautahakk til dæmis hækkað í verði um tíu prósent umfram verðbólgu.

Þetta er hæpin pólitík, því að það er vafasamt að innlendir framleiðendur anni eftirspurn á næstunni. Sala á nautakjöti hefur stóraukizt, meðal annars vegna fjölgunar ferðamanna, og bændur setja kvígur fremur á til mjólkurframleiðslu en til að framleiða kjöt. Í grein í Fréttablaðinu fyrir nokkrum vikum útskýrðu forsvarsmenn Landssambands kúabænda að loks hefðu stjórnvöld fengizt til að liðka fyrir innflutningi erfðaefnis til að kynbæta holdanautastofna og stuðla að hagkvæmari holdanautabúskap. Í blaðinu í fyrradag kom fram að frumvarp þess efnis sé væntanlegt í haust. Sem er gott, en mun þó ekki skila neinum árangri fyrr en eftir einhver ár. Á meðan mun vanta innlent kjöt. Ætla stjórnvöld að hafa verndartolla á innflutningnum allan þann tíma?

Það er rétt sem Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í Bylgjufréttum í gær, að þegar íslenzk vara annar ekki eftirspurn eigi ekki að beita verndartollum á innflutning. Það er líka rétt hjá henni að það þarf að endurskoða landbúnaðarpólitíkina eins og hún leggur sig; hún virkar svo augljóslega ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

GARÐUR

**Gerðaskóli í Garði auglýsir eftirfarandi stöður:**

**Kennsla yngri barna** – 100% starf

**Þroskaþjálfi** – 100% starf

**Starfsmaður í síðdegisgæslu** – 50% starf

**Bókavörður** – 50% starf.

Upplýsingar um störfin veitir Ágúst Ólason skólastjóri í símum 422-7020 og/eða 777-9904.

Umsóknir skulu sendar á netfangið **agust@gerdaskoli.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mótmælti ekki

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, sagði á Bylgjunni að eitt af gæluverkefnum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur hefði verið að stofna embætti Umboðsmanns skuldara. Vigdís mótmælti ekki á þingi 2010 þegar embættið var stofnað með lögum, raunar tjáði Vigdís sig ekki um málið. Lög um Umboðsmann skuldara voru samþykkt með 45 atkvæðum á Alþingi, enginn greiddi atkvæði á móti því að embættið yrði stofnað. 18 þingmenn, þeirra á meðal Vigdís, voru fjarverandi þegar lögin voru samþykkt.



### Einhugur allra

Af ummælum Vigdísar nú má ráða að það hafi verið ágreiningur í þinginu um stofnun embættis Umboðsmanns skuldara. Það var hins vegar ekki, menn voru sammála um að stofnun embættisins væri skref í rétta átt til hjálpar skuldugum heimildum. Margir núverandi stjórnarherra, sem þá voru í stjórnarandstöðu, töldu að það gengi þó alls ekki nógu langt, það yrði að gera meira fyrir skuldara. Þeirra á meðal voru Eygló Harðardóttir, sem nú er félagsmálaráðherra, og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra. Sjálfstæðismenn ákváðu að styðja málið, Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra var því samþykkur, sömuleiðis Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðismanna, og Unnur Brá Konráðsdóttir þingmaður.



### Skotið á Bjarna

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, skýtur föstum skotum á Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra á fésbókarsíðu sinni. Hann talar um vandræðagang við skipun Seðlabankastjóra. Árni Páll segir að Bjarni megni ekki að skipa hæfasta umsækjandann vegna haturs heiftúðugra einangrunarafla innan flokks í hans garð. Alvöru foringi myndi bjóða þeim byrginn. Það eru raunar fleiri en Árni Páll sem eru farnir að velta því fyrir sér hvers vegna Bjarni taki ekki af skarið og tilkynni um hver hreppi hnossið. Dráttur gefur alls konar sögusögnum byr undir báða vængi.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Áhugalausar konur

UTANRÍKISMÁL



**Brynhildur Pétursdóttir**
Þingmaður (Æ)

Utanríkisráðherrar telja margir að fyrrverandi ráðherrar séu góður kostur þegar skipað er í sendiherrastöður. Þeir virðast líka telja að körlum sé betur treystandi til starfans en konum.

### Mótsagnakennd svör ráðherra

Nýlega skipaði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tvo nýja sendiherra; einn fyrrverandi ráðherra og einn núverandi alþingismann. Karlkyns sendiherrar eru því orðnir 28 en konurnar sjö. Þegar ráðherra var spurður út í málið sagði hann annars vegar eitthvað á þá leið að hugsanlega væri starfið þess eðlis að konur sæktu ekki í það og hins vegar að hann hefði þrjú ár til að laga kynjahlutfallið. Ég staldraði við þessi svör, þótti þau merkileg og mótsagnakennd. Í einu orði segir ráðherra mikilvægt að fjölga konum í utanríkisþjónustunni og hann muni nýta þau þrjú ár sem eftir lifa kjörtímabilsins til laga kynjahlutfallið en í hinu orðinu segir hann að konur sæki ekki í þessi störf.

### Konur ekki áhugalausari

Hvernig ætlar ráðherra að fjölga konum í sendiherrastöðum ef hann finnur engar hæfar konur sem treysta sér í starfið? Hann er þegar búinn að skipa fjóra karla á einu ári, að eigin sögn af því að konur draga lappirnar. Hvað mun breytast á næstu þremur árum? Þá skil ég ekki hvernig hægt er að draga þá ályktun að konur séu áhugalausari um störfin en karlar. Voru margar konur í utanríkisráðuneytinu sem gáfu verkefnið frá sér? Sé svo, voru þá aðrar hæfar konur sem haft var samband við líka áhugalausar? Er hægt að fá lista yfir þessar áhugalausu konur sem treysta sér ekki í þessi annars eftirsóttu störf?

**➜ Hvernig ætlar ráðherra að fjölga konum í sendiherrastöðum ef hann finnur engar hæfar konur sem treysta sér í starfið?**

### Hefði átt að viðurkenna

Ég held að skortur á konum í utanríkisþjónustunni haldi ekki vöku fyrir utanríkisráðherra og að hann hafi í sjálfu sér ekkert verið að hugsa út í kynjahlutföllin fyrr en gagnrýnin kom fram. Það hefði því verið hreinlegra ef ráðherra hefði bara viðurkennt það. Að láta að því liggja árið 2014 að íslenskar konur sækist ekki eftir sendiherrastöðum er nefnilega ekkert annað en móðgun.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Geðraskanir og Pisa-rannsókn

MENNTUN



**Ingibjörg Karlsdóttir**
félagsráðgjafi og lýðheilsufræðingur MPH á BUGL

Í framhaldi af niðurstöðu nýrrar PISA-rannsóknar sem bendir til versnandi ástands í íslenska skólakerfinu er vert að fjalla sérstaklega um þann hóp nemenda sem glímir við geðröskun af einhverjum toga. Þar eru nemendur með ADHD fjölmennastir eða um 5-10% og nemendur á einhverfurófi eru um 1,2%. Auk þess er talsverður fjöldi nemenda með aðrar raskanir s.s. Tourette, áráttu-þráhyggju, þunglyndi eða kvíða. Fjöldi barna sem greinast með ADHD eða einhverfu hefur tvöfaldast á síðustu 10 árum. Töluvert er um að barn greinist með fleiri en eina geðröskun og eru fylgiraskanir algengar. Flest þessara barna glíma við einhvern vanda sem hefur áhrif á bæði námslega og félagslega stöðu þeirra sem gerir það að verkum að þau hafa svokallaðar sérþarfir sem þarf að mæta með viðeigandi hætti svo þau hafi jafngild tækifæri til náms á við önnur börn.

**Nemendur finni til öryggis**

Ástæða er til þess, út frá niðurstöðum PISA, að skoða stöðu nemenda með sérþarfir skv. grunnskólalögum nr. 91/2008. Þar stendur orðrétt: „Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna.“ Í grunnskólalögum nr. 91/2008 segir enn fremur um nemendur með sérþarfir orðrétt: „Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.“

**Auking þekking mikilvæg**

Víða í skólakerfinu er unnið lofsvert starf í þágu nemenda með ADHD, einhverfu og aðrar geðraskanir. Engu að síður er það mismunandi hversu mikil þekking er til staðar í skólakerfinu á vanda þessara nemenda og hvort verið sé að beita kennsluaðferðum sem skilað hafa árangri þeim til handa. Margt hefur horft til betri vegar á undanförnum árum og er það helst að þakka frumkvæði og elju kennara og annars starfsfólks grunnskóla við að leita sér þekkingar á símenntunarstigi um geðraskanir nemenda. Ljóst er að aukin þekking á geðröskunum nemenda eykur færni kennara og annars starfsfólks grunnskóla til að mæta þörfum nemenda með geðraskanir og getur einnig orðið til þess að bæta viðhorf innan skólakerfisins til þessa nemendahóps.

Í þessu samhengi er ástæða til að vísa til þess að í kennaranámi á Íslandi er æði misjafnt hvernig staðið er að fræðslu um nemendur með ADHD, einhverfu og aðrar geðraskanir. Í kennaranámi á menntavísindasviði HÍ er umfjöllun um sérþarfir í einu 10 eininga skyldunámskeiði í 300 eininga námi verðandi kennara. Í námi verðandi sérkennara í HÍ er umfjöllun um sérþarfir nemenda að mestu bundin við valnámskeið. Í kennaranáminu í HA er umfjöllun um sérþarfir í tveimur 5 eininga skyldunámskeiðum í 300 eininga námi verðandi kennara. Í báðum háskólum er fjallað um geðraskanir nemenda í valnámskeiðum kennaranáms en aðeins hluti verðandi kennara tekur þau enda mörg önnur valnámskeið í boði.

**➜ Ef nemandi með geðröskun fær ekki stuðning og nám við hæfi er fyrirsjáanlegt að vandinn vex.**

**Vandinn getur vaxið**

Til að stefnan um skóla án aðgreiningar standi undir nafni þurfa kennarar að hafa þekkingu á sérþörfum nemenda og leiðum til að mæta þeim á árangursríkan hátt í almennu skólaumhverfi. Þegar þessa þekkingu skortir, þá getur það leitt til neikvæðra viðhorfa og úrræðaleysis í skólum, sérstaklega í málum nemenda með alvarlegri geðraskanir. Tekið skal fram að börn með ADHD og aðrar geðraskanir eru yfirleitt í almennum bekkjardeildum og því undir bekkjarkennara komið að mæta þörfum þeirra. Ef nemandi með geðröskun fær ekki stuðning og nám við hæfi er fyrirsjáanlegt að vandinn vex. Hætt er við því að geðrænn vandi vaxi eða nemandinn bregðist við úrræðaleysi með versnandi hegðun. Í báðum tilfellum hefur ástandið áhrif á líðan og ástundun nemandans og þar með námslega og félagslega stöðu. Þá eykst í kjölfarið þörfin fyrir tilvísanir á Barna- og unglingageðdeild og umsóknir um dýrari úrræði á vegum sveitarfélaga, barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu.

**ADHD og farsæl skólaganga**

Undirrituð var formaður ADHD samtakanna um 9 ára skeið og leiddi hagsmunabaráttu samtakanna fyrir bættri þjónustu við börn með ADHD. Þá var aukin til muna fræðsla um ADHD fyrir grunnskóla og sett saman sérstakt námskeið um ADHD fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla þar sem helstu sérfræðingar í ADHD miðluðu þekkingu sinni. Enn fremur kom út fyrir ári bókin ADHD og farsæl skólaganga, sem undirrituð er höfundur að, í samvinnu við ADHD samtökin, SÍSF og Námsgagnastofnun sem gaf bókina út. Bókinni var dreift í alla leik-, grunn- og framhaldsskóla á landinu og er hún aðgengileg á vefsíðu ADHD samtakanna og Námsgagnastofnunar. Í kjölfar útkomu ADHD handbókarinnar hefur undirrituð farið mikið út í grunnskóla með fræðslu um ADHD og hagnýt ráð við kennslu nemenda með ADHD. Undirrituð hefur nú starfað um þriggja ára skeið sem félagsráðgjafi á göngudeild BUGL sem felur í sér víðtækt samstarf við grunnskóla landsins, félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarnefndir.

**Viðurkenndar kennsluaðferðir**

Margt má bæta með aukinni þekkingu og æskilegt væri að menntavísindasvið HÍ og kennaradeild HA væru leiðandi í menntun og þróun viðurkenndra kennsluaðferða við kennslu nemenda með ADHD, einhverfu og aðrar geðraskanir. Aukin þekking á nemendum með geðraskanir í grunnskólum landsins væri ávinningur fyrir alla, nemendur, kennara, annað starfsfólk grunnskóla og foreldra. Ástæða er til að nefna að fjölmargir nemendur glíma við væg einkenni ýmissa geðraskana án þess að uppfylla greiningarviðmið og nytu góðs af aukinni þekkingu almennt á umræddum geðrænum vanda vaxandi fjölda nemenda í íslensku skólasamfélagi til að geta brugðist við honum á árangursríkan hátt.

Undirrituð leyfir sér að halda því fram að með því að nota árangursríkar aðferðir til að mæta sérþörfum nemenda megi bæta árangur þeirra í PISA-könnuninni.

# Landbúnaður skiptir máli

LANDBÚNAÐUR



**Hörður Harðarson**
formaður Félags svínabænda

Fátt skiptir okkur mannfólkið meira máli en matur. Fyrir utan hinar augljósu ástæður skiptir matur líka miklu máli fyrir menningu okkar og oft eigum við okkar bestu stundir með fjölskyldu og vinum við matarborðið. Allir eiga sér sinn uppáhaldsmat og hefðir hafa skapast í flestum fjölskyldum varðandi hvað er á borðum á hátíðisdögum og við önnur sérstök tilefni. Þannig er svínakjöt stór þáttur í lífi og matarmenningu Íslendinga. Ein með öllu er til dæmis að margra mati einn af þjóðarréttum okkar, svínahamborgarhryggur er á borðum stórs hluta þjóðarinnar um jól og áramót, auk þess sem skinka, pepperóní og spægipylsa eru algengt álegg á daglegt brauð landsmanna. Svo er auðvitað allt betra með beikoni.

Af þessum sökum gegnir landbúnaður veigamiklu hlutverki í lífi okkar enda er tilgangur hans að framleiða mat. Kjöt, mjólk, grænmeti, brauð, ávextir, kaffi, súkkulaði og næstum því allt annað sem við leggjum okkur til munns eru afurðir landbúnaðar. Á Íslandi erum við heppin að eiga öflugan landbúnað sem færir landsmönnum hágæða matvæli. Auðvelt er að sannreyna uppruna matvæla hér á landi og hvernig þau eru framleidd, auk þess sem ekki þarf að flytja þau um langan veg með tilheyrandi kostnaði fyrir umhverfið. Þá verður ekki fram hjá því litið að íslenskur landbúnaður sparar þjóðarbúinu dýrmætan gjaldeyri.

Við svínabændur á Íslandi leggjum mikla áherslu á að afurðir okkar séu af bestu mögulegu gæðum. Mikill metnaður er lagður í að nota ekki sýklalyf nema það sé algjörlega nauðsynlegt og það er okkur mikilvægt að tryggja velferð dýranna. Því er það staðreynd að hvergi í heiminum er notað minna af lyfjum í svínabúskap en á Íslandi. Á undanförnum áratug hefur líka sú ánægjulega þróun orðið að dýrin eru fóðruð á íslensku korni. Þannig er nú komið að sum svínabú á landinu notast eingöngu við íslenskt korn til þess að ala dýrin, að ógleymdu íslenska vatninu. Að sama skapi skiptir það okkur miklu máli að tryggja neytendum afurðir okkar á góðu verði án þess þó að það komi niður á gæðunum og án beinna framleiðslustyrkja frá hinu opinbera.

**➜ Kjöt, mjólk, grænmeti, brauð, ávextir, kaffi, súkkulaði og næstum því allt annað sem við leggjum okkur til munns eru afurðir landbúnaðar.**




LÆRÐU SKÝJAFORRITUN
og auktu vinsældir þínar á vinnumarkaði

Kvöld- og helgarnám með vinnu

Breyttir tímar hafa aukið eftirspurn eftir fólki sem hefur þekkingu í skýjaforritun. Á þessu námskeiði, sem er hannað með nýjustu tólin í huga, læra nemendur að beita þeim tólum og aðferðum sem þarf til að búa til nútíma skýjalausnir.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft sem miða að því að veita nemendum góða undirstöðu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma skýjahugbúnaðargerð. Að auki er unnið með forritunarramma á borð við AngularJS og Bootstrap.

Námið er undirbúningur undir alþjóðlegt próf 70-480 sem er innifalið í verði námskeiðsins. Prófið er grunnurinn að þrem alþjóðlegum vottunum:

- MCSD: Web Applications
- MCSD: SharePoint Applications
- MCSD: Windows Store Apps – HTML5

Helstu námsgreinar
- Grunnur og inngangur að forritun
- Bakendaforritun skýjalausna
- Framendaforritun skýjalausna
- Lokaverkefni

Lengd námskeiðs:
- 222 kennslustundir
- Kennt þrisvar í viku

Verð:
- 269.000 kr. (allt innif.)
- Hægt er að dreifa greiðslum

Næsta námskeið:
- Kvöld- og helgarnámskeið
- Hefst 2. sept. og lýkur 20. des.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv


SKÓLAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLL!
VERKEFNA- OG ÚRKLIPPUBÓK
Nafn:
Námsgrein:
Bekkur:
VERKEFNA- OG ÚRKLIPPUBÓK 349 kr
NÝ VARA!
KOMDU NÚNA!
CASIO fx-350ES PLUS
NATURAL-V.P.A.M.
BLÝANTUR HB 199 kr
FINE 0.4
STAEDTLER Mars ergosoft
MADE IN GERMANY
DÚNDUR VERÐ!
TÚSSPENNI 0,4MM SVARTUR 399 kr
VASAREIKNIR CASIO 2.899 kr
STAEDTLER rasoplast
STROKLEÐUR RASOPLAST, SVART 99 kr


TUNGUTAK MÁLSAGA
2.019 kr
Tungutak
Málsaga
handa framhaldsskólum
JARÐGÆÐI
5.244 kr
JARÐARGÆÐI
Jarðfræði NÁT 113
Jóhann Ísak Pétursson
Jón Gauti Jónsson
IÐNÚ
TÓMAS BERGSSON
BÓKFÆRSLA I
BÓKFÆRSLA 1
3.497 kr
IÐNÚ
ÞYRNAR & RÓSIR
3.212 kr
ÞYRNAR
og RÓSIR
SÝNISBÓK ÍSLENSKRA BÓKMENNTA Á 20. ÖLD
STÆ 103
3.960 kr
STÆ
103
ALMENN LÍFFRÆÐI
3.495 kr
Ólafur Halldórsson
Almenn líffræði
GRIFFILL
SKÓLAMARKAÐUR!
LAUGARDALSHÖLL
GRIFFILL SÍMI: 533-1010
WWW.GRIFFILL.IS
LAUGARDALSHÖLL
GRIFFILL

# Au pair – „jafnfætis“?

SAMFÉLAG

**Karen J. Klint (Danmörku), Sonja Mandt (Noregi), Christer Adelsbo (Svíþjóð) og Christian Beijar (Álandi).**
Jafnaðarmenn í velferðarnefnd Norðurlandaráðs,

Mansal, misnotkun á ódýru vinnuafli og kynferðisleg áreitni. Norðurlöndin verða að vinna saman til að bjarga Au pair-kerfinu.

Upprunalegi tilgangurinn með Au pair-kerfinu voru menningarsamskipti. Að ungt fólk fengi tækifæri til að halda út í hinn stóra heim til að vinna í stuttan tíma. Yfirleitt við að gæta barna eða sjá um heimilisstörf. Þannig gæti viðkomandi lært nýtt tungumál og kynnst nýrri menningu og hið sama gæti átt við móttökufjölskylduna. Au pair er franska og þýðir „jafnfætis“ eða „jöfn“.

Með öðrum orðum þá er þeim sem ræður sig sem au pair og þeim sem ræður viðkomandi ætlað að mætast á jafnréttisgrundvelli til að vinna saman, deila reynslu sinni og ekki síst njóta ánægjulegra og lærdómsríkra samskipta þvert á menningarheima.

Nú um stundir eru þess fjölmörg dæmi að konur frá fátækum heimshlutum yfirgefa fjölskyldur sínar og heimalönd til að vinna í láglaunastörfum á Vesturlöndum, meðal annars við að gæta bús og barna.

Þessar konur hafna í sérstaklega viðkvæmri stöðu, þegar þær ráða sig sem au pair í ókunnu landi, þúsundir kílómetra frá heimalandi sínu og fjölskyldu. Þær hafa ekkert tengslanet, kunna ekki tungumálið, þekkja ekki lög og siði samfélagsins og eru í raun og veru algerlega upp á náð og miskunn móttökufjölskyldunnar komnar.

### Góðu reynslusögurnar færri

Rétt er að undirstrika að auðvitað upplifa ekki allar konur sem ráða sig sem au pair illa meðferð eða misnotkun. Sem betur fer eru einnig til góðar reynslusögur. En á Norðurlöndunum bendir ýmislegt til að góðu reynslusögurnar af au pair-ráðningum verði færri og færri með hverju árinu.

Upprunalega forsendan um jafnstöðu, eðlilegt vinnu- og launasamband og uppfræðslu á menningarheimum hvort annars hefur í dag vikið fyrir misnotkun á ódýru vinnuafli, kynferðislegri áreitni og móttökufjölskyldum sem reyna að misnota Au pair-kerfið eins og mögulegt er. „Jafnfætis“ hefur breyst í herra- og þrælasamband.

Einföld leit á Google með „au pair“ og „seksuel undnyttelse“ sýnir svo ekki verður um villst, að við þurfum skýrari lög og samræmdar reglur á Norðurlöndunum um Au pair-kerfið til að tryggja stöðu þeirra sem þar starfa. Hvert tilfellið á fætur öðru birtist okkur þar sem ungum au pair-stúlkum er nauðgað eða þær misnotaðar kynferðislega af „karlinum á heimilinu“.

### Leita ekki til lögreglu

Á síðustu árum hefur au pair-stúlkum, sem venjulega vinna hjá barnafjölskyldum, fjölgað gríðarlega á Norðurlöndunum. Í allt of mörgum tilfellum eru launin afar lág og vinnuskilyrðin ekki í samræmi við reglur viðkomandi lands. Au pair-stúlkurnar lenda í því að þurfa að vinna mun fleiri tíma en samningur þeirra segir til um og réttindi þeirra eru ekki virt af móttökufjölskyldunni. Sama mynstur á sér stað á öllum Norðurlöndunum og verður sífellt algengara.

Í Au pair-miðstöð Norsk Folkhjelp í Noregi fjölgar til að mynda stöðugt þeim au pair-stúlkum sem leita eftir hjálp og ráðgjöf. Yfirleitt snúast málin um vanefndir á vinnusamningum eða kynferðislega misnotkun. Í miðstöðinni verða menn varir við að au pair-stúlkurnar

**➜ Þessar konur hafna í sérstaklega viðkvæmri stöðu, þegar þær ráða sig sem au pair í ókunnu landi, þúsundir kílómetra frá heimalandi sínu og fjölskyldu. Þær hafa ekkert tengslanet, kunna ekki tungumálið, þekkja ekki lög og siði samfélagsins og eru í raun og veru algerlega upp á náð og miskunn móttökufjölskyldunnar komnar.**

þora ekki að leita til lögreglunnar eða réttra yfirvalda, m.a. af ótta við brottvísun úr landinu.

### Til bjargar Au pair-kerfinu

Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði vilja ekki og munu ekki sætta sig við að einstaklingar sem koma frá fátækum löndum og úr erfiðum aðstæðum verði misnotaðir með þessum hætti. Við eigum ekki að láta það viðgangast að það finnist móttökufjölskyldur sem leita allra leiða til að misnota Au pair-kerfið til eigin hagsbóta. Að au pair-stúlkur séu látnar vinna meira en þær fá greitt fyrir og að þær í verstu tilfellum séu misnotaðar kynferðislega. Að „jafnfætis“ og „menningarsamskiptum“ verði árið 2014 breytt í mansal og skipulagða glæpastarfsemi.

Nú skulum við á Norðurlöndunum gera það sem við erum þekkt fyrir og sem við erum góð í; að vinna saman og vera fánaberar fyrir góð, heilbrigð og nytsamleg verkefni sem gagnast öllum. Í því skyni höfum við lagt fram tillögu um að Norðurlöndin bregðist þegar við og taki höndum saman um að bjarga Au pair-kerfinu. Þannig tryggjum við að þar geti enginn misnotað veika stöðu annars – hvorki efnahagslega, andlega né kynferðislega. Þannig að við mætumst öll á jafnræðisgrunni – jafnfætis!

# Komugjöld strax – 100 landverði strax

FERÐAÞJÓNUSTA



**Helgi Pétursson**
Höfundur hefur langa reynslu af starfi og stefnumótun í ferðaþjónustu.

Eins og svo oft áður hefur okkur tekist að þvæla umræðu um afar mikil og fyrirsjáanleg verkefni út um allar grundir, jafnvel þótt allir séu sammála um að skelfileg niðurstaða blasi við verði ekkert að gert.

Sameiginleg söluvara ferðaþjónustunnar á Íslandi er óspillt og víðfeðm náttúra og menning fámenns og vingjarnlegs samfélags sem veitir góða þjónustu á sérkennilegri eyju langt norður í höfum og nýtir til þess alla nýjustu tækni og þekkingu.

Þetta er mjög viðkvæm vara, sem er við það að skemmast. Og það erum við sjálf sem látum hana liggja undir skemmdum.

Við verðum að grípa til aðgerða og það strax. Og við þurfum alls ekki að finna upp hjólið í þeim efnum, heldur nota verkfæri sem þekkt eru um allan heim og er beitt. Eitt af þeim sem vert er að kanna alvarlega, eru komugjöld.

### Komugjald sem hluti af fargjaldi

Nítján flugfélög, útgerðir skemmtiferðaskipa og Norræna flytja hundruð þúsunda ferðamanna til landsins. Þau eru að svara eftirspurn. Kynning á söluvörunni hefur gengið framar vonum, en til þess að vernda hana og skapa íslensku samfélagi raunverulegar tekjur eigum við að hefja innheimtu komugjalds af hverjum einasta erlendum ferðamanni sem hingað kemur. Komugjaldið er hluti af fargjaldi og gæti til dæmis verið þrjú þúsund krónur. Svo geta menn reiknað. Komugjald gæti einnig verið lægra utan háannatíma og einnig stýritæki fyrir þá flugvelli á landsbyggðinni sem freista þess að laða til sín umferð og dreifa hringakstursferðamönnum sem geta auðvitað byrjað hringinn á Akureyri eða Egilsstöðum.

Tekjum af komugjaldi á að verja til að ráða fullnægjandi fjölda fólks í heilsársstörf sem landverði, full-

**➜ Komugjaldið er hluti af fargjaldi og gæti til dæmis verið þrjú þúsund krónur. Svo geta menn reiknað.**

trúa samfélagsins sem gæta náttúrunnar – söluvörunnar og öryggis, sinna upplýsingamálum á vettvangi og leiðbeina gestum. Þetta er gert víða um heim.

Hluti af þessu komugjaldi rynni til Landsbjargar. Kostnaður björgunarsveitanna eykst og eykst.

Til þess að beina gestum á fleiri svæði á landinu en gert hefur verið til þessa, með hnitmiðaðri vegagerð og betri grunngerð þjónustu sem einkaaðilar og landeigendur geta svo bætt við. Þetta segir sig sjálft.

### Taka með sér „skókassa“

Til þess að stórefla nám og rannsóknir í ferðamálum og fjölga leiðsögumönnum. Við eigum að taka algjörlega fyrir að hópar fari hér um landið í skipulögðum ferðum án íslenskra leiðsögumanna. Það er búið að gera í fjölmörgum nágrannalöndum okkar. Höfum líka í huga að það fer mjög vaxandi að farþegar skemmtiferðaskipa séu útbúnir „skókassa“ – mat og drykk sem þeir taka með sér í dagsferðir. Kaupa sem minnst. Enda er það keppikefli skipafélaganna sjálfra að hafa tekjur af farþegunum, deila því sem minnst í landi. Tekjur samfélagsins af þessum mengunardrekum eru allt of litlar.

Munum líka að orðspor er fljótt að breytast. Við erum komin að þolmörkum, raunar að mörgum þolmörkum – náttúrunnar, Íslendinga sjálfra og gestanna.

Og munum líka að þegar eftirspurnin hverfur fara flest flugfélögin, skipafélögin og ferðamenn á eigin vegum einfaldlega eitthvert annað. Það eru til fjölmörg dæmi um það allt í kringum okkur.




# Rittúlkun er málið

SAMFÉLAG



**Klara Matthíasdóttir**
Höfundur er móðir og áhugamanneskja um rittúlkun og aðgengi í víðum skilningi.

Laugardaginn 9. ágúst sl. birtist grein í Fréttablaðinu þar sem framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar talar um verulegan skort á þjónustu við heyrnarskerta, þrátt fyrir að um stóran hóp sé að ræða, eða um fimmtíu þúsund manns. Þetta eru sannarlega orð í tíma töluð. Samtökin Heyrnarhjálp fögnuðu sjötíu og fimm ára afmæli haustið 2012 svo þau eru síður en svo ný af nálinni og hafa alla tíð barist fyrir hagsmunum heyrnarskertra. Eitt af baráttumálum félagsins er rittúlkun verði viðurkennd sem aðgengisleið heyrnarskertra og að sjónvarpsefni sé rittúlkað (textað), sjá www.heyrnarhjalp.is.

Eins og réttilega er bent á í greininni nýtist rittúlkun mjög stórum hópi fólks, öllum þeim sem eru heyrnarskertir en einnig þeim sem eru að ná tökum á íslensku máli. Heyrnarlausir geta auk þess nýtt sér rittúlkun, þrátt fyrir að íslenska táknmálið sé þeirra viðurkennda aðgengisleið að samfélaginu. Rittúlkun fer þannig fram að rittúlkurinn situr (yfirleitt) við hlið þess sem er heyrnarskertur og ritar allt sem fram fer og er sagt. Sá sem er heyrnarskertur les þessar upplýsingar jafnóðum og er því alltaf meðvitaður um það sem rætt er um. Hann þarf því ekki að leggja sig allan fram um að reyna að heyra eitthvað eða eiga á hættu að missa samhengið sem gerist svo oft þegar margir tala saman. Ef fleiri en einn þurfa rittúlkun, eða um fund eða ráðstefnu er að ræða, er algengt að rittúlkuninni sé varpað á tjald. Ég hef sjálf verið á fundum þar sem notast er við rittúlkun, og ætla ekki að hafa mörg orð um það hversu þægilegra það er að sjá textann sífellt á tjaldinu og ná hverju einasta orði. Þó er ég svo heppin að hafa fulla heyrn en get ímyndað mér hvernig það er fyrir þá sem eru heyrnarskertir.

Rittúlkun er skilvirk og tiltölulega auðveld leið til að miðla sjálfsögðum upplýsingum til heyrnarskertra og fjölmargra annarra. Það er hins vegar skortur á fjármagni frá hinu opinbera sem orsakar það að hún er ekki eins algeng og hún ætti að vera. Greitt er fyrir rittúlkun í menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og dómskerfinu, en við aðrar aðstæður þarf fólk sjálft að borga fyrir starf rittúlksins (sbr. grein um rittúlkun eftir Þórnýju Björk Jakobsdóttur sem birtist í Heyrnarhjálp, 1. tbl. 17. árg., desember 2013). Best þekki ég til rittúlkunar í skólakerfinu, sem hefur gert heyrnarskertum einstaklingum mögulegt að stunda háskólanám.

Okkur verður tíðrætt um aðgengi, en hvað er aðgengi? Í víðum skilningi er það möguleiki okkar til að upplifa, njóta, sjá og hlusta á það sem fram fer í umhverfinu. Enginn vill vera lokaður af og missa af því sem gefur lífinu gildi og við teljum mikilvægt. Textun er aðgengi að lífinu og rittúlkun er málið. Notum hana meira en nú er gert og gerum þannig sem flestum kleift að „heyra“ og vera með.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Lítil heimilistæki í miklu úrvali með allt að 50% afslætti
**Philips sjónvörp með allt að 250.000 kr. afslætti**
Heimabíókerfi með allt að 38% afslætti
**7kg þvottavélar frá 64.995 kr.**
Ofnar og helluborð með allt að 50.000 kr. afslætti
**Þráðlausir heimilissímar frá 2.995 kr.**
Uppþvottavélar með allt að 60.000 kr. afslætti
**Nikon myndavélar með allt að 38% afslætti**
Heyrnartól í miklu úrvali með allt að 60% afslætti
**185sm kæliskápar með frysti frá 74.995 kr.**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
OG LAUGARDAGA 11-16

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG RÓSA JÓNSDÓTTIR**
**frá Hlíðarenda, Hlíf 1 Ísafirði,**

sem lést á Sjúkrahúsinu á Ísafirði 11. ágúst verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 16. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Kvenfélagsins Hlífar s. 846-0246 og minningarsjóð Úlfs Gunnarssonar, Sjúkrahúsinu á Ísafirði.

**Reynir Pétursson**
**Þorgeir Jón Pétursson**
**Gunnar Pétur Pétursson**
**Dagný Rósa Pétursdóttir** **Guðmundur Fr. Jóhannsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Elskulegur bróðir okkar,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGTRYGGUR ÞORSTEINSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ þann 7. ágúst. Útför hans fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 18. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Árný Þorsteinsdóttir**
**Þórólfur Þorsteinsson**
**Gottskálk** **Hafdís**
**Þorsteinn** **Hansína**
**Hreinn** **Vinný**
**Erla** **Kalman**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur unnusti, faðir, sonur og bróðir,

**ÓMAR ÖRN SIGURÐSSON**
**Hamragerði 15, Akureyri,**

er látinn. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 22. ágúst kl. 13.30.

**Fjóla Sif Ómarsdóttir**
**Þóra Margrét Ómarsdóttir**
**Sævar Orri Ómarsson**
**Ómar Freyr Gunnarsson**
**Sigurður Þór Ákason** **Guðný Aðalsteinsdóttir**
**Aðalsteinn Þór Sigurðsson** **Steinunn Kristín Bjarnadóttir**
**Sigurður Áki Sigurðsson** **Guðrún Elísabet Jakobsdóttir**
**Heiða Björk Sigurðardóttir** **Sigurður Hjartarson**
**Birkir Freyr Sigurðsson**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**PÉTUR ANDRÉS BALDURSSON**
**fyrrverandi deildar- og hafnarstjóri**
**hjá Íslenska járnblendifélaginu,**
**Strikinu 8,**
**Garðabæ,**
**áður til heimilis á Skagabraut 4, Akranesi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold fimmtudaginn 7. ágúst. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 20. ágúst kl. 13.00.

**Anna Helgadóttir**
**Baldur Pétursson** **Linda Hrönn Sigvaldadóttir**
**Helgi Pétursson**
**Pétur Pétursson**
**Inga Pétursdóttir** **Þorgeir Kristófersson**
**Guðlaug Pétursdóttir** **Guðni Gunnarsson**
**afa- og langafabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**HERDÍS SIGURJÓNSDÓTTIR**
**Teigagerði 1, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 31. júlí. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 15. ágúst klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Droplaugarstaða. Banki: 526-14-400973, kt. 611108-0870.

**Magni S. Jónsson** **Kristín Björnsdóttir**
**Þorbjörg Jónsdóttir** **Jóhannes Kristinsson**
**Pétur Jónsson** **Sigrún Ólafsdóttir**
**Borghildur Anna Jónsdóttir**
**Helga Björk Jónsdóttir** **Daníel B. Gíslason**
**Áki Ármann Jónsson**
**og fjölskyldur.**



**MEÐ PENSILINN Á LOFTI** „Þetta er kokteill,“ segir Ingunn um myndirnar sem hún er með á leiðinni upp í Biskupstungur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verð að skella á skeið

Ingunn Jensdóttir, leikstjóri og frístundamálari, er á leið upp í Biskupstungur að setja upp listsýningu í Café Mika og taka þar með þátt í hátíðinni Tvær úr Tungunum um helgina.

„Ég er að láta ramma inn. Maður tekur kipp þegar svona mikið stendur til. Þetta er voða huggulegur staður og heilmikið pláss. Ég verð að skella á skeið og sjá hvernig þetta kemur út,“ segir Ingunn Jensdóttir kampakát um málverkasýninguna sem hún ætlar að opna á morgun í Café Mika í Reykholti í Biskupstungum.

Hún er með silkimyndir, vatnslitamyndir, akríl- og olíumálverk kringum sig. „Þetta er kokteill,“ segir hún. „Ég var mikið í vatnslitunum og málaði úti á landi en í sumar hef ég lítið farið og vatnslitir þola ekki rigninguna.“

Ingunn sýndi oft í Eden í Hveragerði. Hún hefur leikstýrt tugum leiksýninga og syngur í Óperukór Hafnarfjarðar auk þess að stunda nám í Myndlistarskóla Kópavogs. Svo hefur golfáhugi gripið hana. „Golfið er draumur. Það heldur heilsunni svo vel við. Ég sló fyrstu kúluna á sjötugsafmælinu, er 73 núna og hef aldrei verið sprækari.“

gun@frettabladid.is



✝

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**ANNA BJÖRNSDÓTTIR**
**frá Siglunesi við Siglufjörð,**

sem andaðist á LSH Fossvogi 8. ágúst sl. verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 16. ágúst klukkan 10.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björn S. Ólafsson** **María Jóhannsdóttir**
**Kjartan Ólafsson** **Þóra Sigurgeirsdóttir**
**Sigrún Ólafsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Guðbrandur Ólafsson**
**Sóley Ólafsdóttir** **Björn Z. Ásgrímsson**
**Ólafur Á. Ólafsson** **Pamela Collins Ólafsson**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**UNNUR ARNGRÍMSDÓTTIR**
**framkvæmdastjóri og dönskennari,**

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Henný Hermannsdóttir** **Baldvin Berndsen**
**Arngrímur Hermannsson** **Anna Hallgrímsdóttir**
**Björn Hermannsson** **Bestla Njálsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**ANNA MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**(Ana Pancorbo Gomez),**
**Urðarstíg 7a, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 10. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 22. ágúst kl. 13.00.

**Marie Jo Etchebar** **Jean Etchebar**
**Rósa M. Guðmundsdóttir** **Guðm. Ómar Óskarsson**
**Hannes Ingi Guðmundsson** **Ingibjörg E. Jóhannsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



✝

Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA GUÐRÚN EINARSDÓTTIR**
**Garðatorgi 17, Garðabæ,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold sunnudaginn 10. ágúst. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 19. ágúst kl. 15.00.

**Einar Gíslason** **Hanna Ólafsdóttir**
**Gísli Einarsson**
**Ásgeir Einarsson** **Sandra Dís Dagbjartsdóttir**
**Helgi Einarsson**
**María Sif Ásgeirsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi

**BJARTMAR GUÐMUNDSSON**
***Skúlagötu 40a,***

lést á Landspítalanum þann 12. ágúst.

**Hilda Nissen**
**Kristín Bjartmarsdóttir** **Brynjar Kristjánsson**
**Elísa Björk Sigurðardóttir**
**Sigríður Ósk Sigurðardóttir** **Þráinn Alfreðsson**
**Hilda Ríkharðsdóttir** **Axel Karlsson**
**Kristján Bjartur Brynjarsson**



✝

Ástkær eiginkona,
móðir, tengdamóðir og amma,

**REGÍNA GUÐRÚN ARNGRÍMSDÓTTIR**
**Lindartúni 17, Garði,**

andaðist á Sjúkrahúsi Keflavíkur 1. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þorgeir Baldursson**
**Guðmunda Guðjónsdóttir** **Kristinn Brynjólfsson**
**Margrét Þorgeirsdóttir** **Gísli Dan Gíslason**
**Ólafur Jakob Þorgeirsson** **Sandra Ellertsdóttir**
**og barnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## VERNDA AUGUN

**Sólgleraugu eru notuð til að deyfa sterkt sólarljós. Þótt flestir líti á þau sem tískufyrirbæri vernda þau mörg hver augun fyrir útfjólublárri geislun sólarinnar sem getur skaðað sjónhimnuna. Leitist því við að kaupa sólgleraugu með vörn.**

# ÞOLI BETUR LANGVARANDI ÁLAG

**GENGUR VEL KYNNIR** *Nutrilenk Active er frábært efni fyrir þá sem stunda mikla hreyfingu og/eða þjást af stirðleika og verkjum í liðum. Einstakt smurefni fyrir liðina.*

Allir sem hyggja á þátttöku í Reykjavíkurmaraþoninu ættu að búa sig vel undir hlaupið, sama hversu langt þeir ætla að hlaupa. Það er mikilvægt að líkaminn sé í toppstandi svo að upplifunin sem fylgir því að hlaupa verði sem allra best. Þar kemur Nutrilenk Active að góðum notum. Áralöng reynsla og rannsóknir gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki, brak og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni.

**SMURNING FYRIR LIÐINA**

Nutrilenk Active er unnið úr vatnsmeðhöndluðum hanakambi sem inniheldur hátt hlutfall af náttúrulega efninu hýalúronsýru sem getur aukið liðleika og séð til þess að liðirnir séu vel smurðir. Því hafa margir læknar mælt með Nutrilenk Active og sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar greint frá góðri reynslu sinna skjólstæðinga.

Friðleifur Friðleifsson er mikill íþróttamaður og hefur hlaupið frá árinu 2008. Hann hefur tekið þátt í öllum helstu hlaupum sem boðið er upp á á Íslandi, jafnt götuhlaupum sem utanvegahlaupum. Einnig hefur Friðleifur tekið þátt í 100 kílómetra hlaupi í Ölpunum við Mont Blanc og sigrað í Esja Ultra-hlaupinu tvö ár í röð.

„Sem hlaupari er mikilvægt að halda öllum liðum vel smurðum. Þar kemur Nutrilenk Active að góðum notum. Ég hef núna notað Nutrilenk Active í töluverðan tíma og finn að líkaminn þolir langvarandi álag mun betur og eymsli í liðum eru miklu minni en áður. Í hlaupum er mikið álag til dæmis á ökkla og hné, sérstaklega þegar hlaupið er á grófu og misjöfnu undirlagi, að ég tali nú ekki um upp og niður fjöll. Það er því mikilvægt að fyrirbyggja eymsli í liðum og ég get hiklaust mælt með Nutrilenk Active. Það virkar."

**Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.**



**LÍKAMINN ÞOLIR MEIRA ÁLAG** „Líkaminn þolir mun betur langvarandi álag þegar Nutrilenk Active er tekið inn," segir Friðleifur. „Ég mæli hiklaust með Nutrilenk Active því það virkar!"





TÆKIFÆRISGJAFIR



TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Stækkunarglerslampar





Amma mús – handavinnuhús
Grensávegi 46, Reykjavík
Opið mán – fös 9-18
sími 511 3388

ÚTSÖLULOK



Nú 70% afsláttur

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook

SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði





Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti

KORTER.IS

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Fimm stjörnu verslun

| Heilsudýnur á frábæru verði Verðdæmi á Sögu og Freyju Með botni og fótum stgr. | Stærð | Verð |
|---|---|---|
| | 153x203 | 144.900 kr. |
| | 160x200 | 149.900 kr. |
| | 180x200 | 169.900 kr. |
| | 180x210 | 179.900 kr. |

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum














**MÖMMUKOSS** Rósu Hlín og manni hennar tókst að eignast Sigfús Inga eftir glasafrjóvgun sem hún safnaði fyrir með því að selja heklaða hringi.
MYND/KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

# HEKLAÐUR Í HEIMINN

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Rósa Hlín Sigfúsdóttir heklaði fallega blómahringi sem hún seldi til að safna fyrir glasafrjóvgun. Hún lærði snemma að hekla og prjóna enda komin af miklum hannyrðakonum.*

Rétt fyrir utan Borgarnes er Ljómalind, sveitamarkaður þar sem íslenskt handverk og matvæli beint frá býli eru seld. Meðal annarra fallegra hluta sem þar má finna eru hekluð hringir eftir Rósu Hlín Sigfúsdóttur. „Hugmyndin að hringjunum kom eftir að ég sá mynd af konu í blaði sem var með stóran hring sem líktist blómi. Þá datt mér í hug að ég gæti heklað blóm og búið til hring. Ég prófaði og fólk fór að spyrja mig út í hringina og vildi kaupa. Þetta vatt svo allt saman upp á sig og spurðist út. Ég seldi hringina í Borgarnesi og á Facebook," segir Rósa Hlín.

Þar sem salan á hringjunum gekk svona vel sá hún leið til að fjármagna glasafrjóvgun en Rósa Hlín og maður hennar höfðu reynt að eignast barn í nokkurn tíma. „Eins og allir vita er glasafrjóvgun mjög dýr en á hálfu ári seldi ég yfir þúsund hringi þannig að það dugði fyrir meðferð og öllum aukakostnaði, svo sem ferðakostnaði og kostnaði við heilun, nálastungu, sálfræðiþjónustu og fleiru. Þetta virkaði allt saman og okkur tókst að eiga barn þannig að það má segja að ég hafi heklað soninn, Sigfús Inga, í heiminn," segir hún og brosir.

Sveitamarkaðurinn Ljómalind var stofnaður af tólf konum af Vesturlandi og þeirra á meðal er Rósa Hlín. Á markaðnum eru eingöngu seldar vörur frá Vesturlandi og þegar Ljómalind var opnuð var Rósa Hlín beðin um að hafa hringina þar til sölu. „Ég hélt að markaðurinn væri mettur af þessum hringjum en það seldist allt sem ég átti til þannig að ég hef þurft að gera meira af þeim. Ég hef alla tíð haft mjög gaman af handavinnu og skemmtilegast finnst mér að hekla. Ég er úr sveit þar sem ekki var nein Stöð 2 og það varð oft rafmagnslaust og þá var gott að geta dundað við handavinnuna. Mér finnst gaman að hekla stór og kósí teppi úr íslenskri ull en ég hekla líka margt annað og prjóna."





**ULL OG HRAUN** Hringir eftir Rósu Hlín úr jurtalituðum lopa og hraunmola.



**KÓSÍ TEPPI** Teppi sem Rósa Hlín hannaði og heklaði. Hún selur uppskriftir í Ljómalind að ýmsu sem hún hefur hannað. Uppskriftir að þessu teppi eru ansi vinsælar.

# ÚTSÖLULOK

## 60% af öllum fatnaði og skóm!

**Opnunartími**

Fim. 14. ágúst 10-18 Fös. 15. ágúst 10-18
Lau. 16. ágúst 10-16 Sun. 17. ágúst 13-18

***Komdu og gerðu frábær kaup á gæðafatnaði og skóm!***

## Verðdæmi:

| | | |
|---|---|---|
| Maripé skór | verð áður 26.980 - | verð nú 10.790 |
| Lindon buxur | verð áður 9.980 - | verð nú 3.990 |
| EHC peysa | verð áður 14.980 - | verð nú 5.990 |
| Apanage kjóll | verð áður 24.980 - | verð nú 9.990 |




**hjá Hrafnhildi**

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook









**SMEKKMAÐUR** Arnar Tómasson er annálaður tískuviti. Hann ætlar að selja bæði flott fatamerki og dót úr geymslunni um helgina á útimarkaði. Í tiltekt fann hann forláta plötuspilara og fleira forvitnilegt sem hann ætlar að losa sig við. MYND/DANÍEL

# DONNA KARAN OG PRADA Á MARKAÐI

**TÍSKA** *Arnar Tómasson, hársnyrtir á Salon Reykjavík og tískuviti, hreinsar út úr fataskápunum á útimarkaði Íbúasamtaka Laugardals um helgina.*

Ég þurfti að taka til í geymslunni. Það er líka nauðsynlegt að endurnýja fataskápinn sinn öðru hvoru og þá eru svona markaðir mjög sniðugir. Ég versla stundum sjálfur á flóamörkuðum,“ segir Arnar Tómasson, hársnyrtir á Salon Reykjavík, en hann ætlar að selja út úr fataskápunum á útimarkaði Íbúasamtaka Laugardals á laugardaginn ásamt systur sinni, Guðlaugu Tómasdóttur.

Við tiltektina í geymslunni komu ýmsir dýrgripir í ljós sem Arnar mun láta frá sér á markaðnum.

„Ég fann fullt af fötum, bæði ódýrum fötum og dýrum merkjavörum. Ég fór með mikið af því ódýrasta í Rauða krossinn en svo voru dýrgripir innan um sem ég ákvað að selja frekar. Ég fann meðal annars forláta mokkajakka frá Donna Karan, Prada-dúnúlpu sem orðin er of stór á mig, peysur og fleira,“ segir Arnar.

„Ég fann líka gamaldags plötuspilara í geymslunni og fullt af vínilplötum, kassettum og vídeóspólum. Meira að segja plötu með Tríói Guðmundar Ingólfssonar, áritaða af Björk. Hún er alveg sérstök og í raun safngripur. Hún verður ekki gefins,“ segir hann kankvís en segir þó að hægt verði að gera hjá honum góð kaup annars, jafnvel prútta.

Beðinn um að lýsa fatastíl sínum vefst Arnari tunga um tönn. „Ætli ég sé ekki sæmilega „modern“, kannski litríkur en um leið klassískur. Ég tel mig hafa vit á tísku, þykist allavega fylgjast með en ég var með tískupistla á Rás 2 í gamla daga,“ segir Arnar. Spurður hvort hann hafi einhvern tíma gert slæm kaup viðurkennir hann að hafa eitt sinn eytt mánaðarlaunum í skó sem reyndust síðan ekki passa.

„Ég kaupi nú ekki oft föt án þess að máta. Það kom kannski frekar fyrir þegar ég var yngri en ég hef þroskast í fatainnkaupum, langt genginn í fimmtugt,“ segir hann kankvís.

Þetta árið mun útimarkaðurinn spretta upp við ósa Elliðaáa, á plani við Snarfarahöfnina rétt við nýju hjólabrúna. Þegar líður að kvöldi verður haldin kvöldvaka með götugrilli og lifandi tónlist. Þetta er í tólfta sinn sem útimarkaður Íbúasamtaka Laugardals er haldinn og fer hann stækkandi með hverju árinu að sögn markaðshaldara. Í fyrra er talið að vel á áttunda þúsund manns hafi heimsótt markaðinn.

heida@365.is

# SKÓLABLAÐIÐ

FIMMTUDAGUR 14. ÁGÚST 2014

Kynningarblað Bóknám, verknám, söngnám, ökunám og námsráðgjöf.




# Fleiri börn byrja fyrr í skóla

**Í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði hefur síðastliðin tvö ár verið boðið upp á fimm ára bekk. Um tólf nemendur luku honum fyrsta árið og álíka fjöldi í fyrra. Svipaður fjöldi fimm ára barna hefur nú þegar hafið nám. Fyrirkomulagið hefur gefist afar vel.**

„Þetta er tilraunaverkefni sem er þó búið að slíta barnsskónum og hefur gefist afar vel. Við erum því að hefja þriðja veturinn,“ segir skólastjórinn Helgi Arnarson. Upphaflega kom bekkurinn til vegna húsnæðisskorts í leikskólanum. „Þá var pláss í skólanum og í stað þess að byggja nýjan leikskóla var ákveðið að fara þessa leið. Nú er hins vegar pláss í leikskólanum en við ætlum að halda þessu áfram og erum mjög áhugasöm um að þróa starfið enn frekar.“

Í upphafi var ráðinn deildarstjóri til að hafa umsjón með starfseminni. „Hún heitir Regína Rósa Harðardóttir og er bæði grunn- og leikskólakennari. Það er mikill kostur og er það ekki síst henni að þakka hvað þetta hefur gengið vel. Við vinnum bæði eftir námsskrá leikskólans og yngstu barna grunnskólans og reynum þannig að draga sem mest úr skólaskilunum,“ útskýrir Helgi.

Foreldrar hafa val um hvort þeir setja börn sín í fimm ára bekk eða láta þau byrja ári síðar eins og venja er. „Þeir eru eðlilega tvístígandi og mörgum finnst erfitt að taka börnin úr litlum leikskóla og setja þau í svona stóran skóla. Þeir sem hafa slegið til hafa þó undantekningalaust verið ánægðir,“ segir Helgi. Hann segist frekar hafa átt von á því að fá börn sem hefðu þörf fyrir krefjandi verkefni. „Það er þó allur gangur á því og við mætum börnunum þar sem þau eru stödd. Jafnframt höfum við verið með börn af erlendu bergi brotin svo þetta hafa verið fjölbreyttir hópar sem er mikill kostur.“

> **„Við vinnum bæði eftir námsskrá leikskólans og yngstu barna grunnskólans og reynum þannig að draga sem mest úr skólaskilunum.**

Nývverið var samþykkt í Fræðsluráði Hafnarfjarðar að laga starfið meira að starfi grunnskólans og að fimm ára bekkur fylgi skóladagatali hans. Nafninu var sömuleiðis breytt úr fimm ára deild í fimm ára bekk. Nú fara börnin eftir stundaskrá líkt og sex ára börnin en í henni er að finna bæði bók-, verk- og listgreinar. „Eftir sem áður leggjum við mjög ríka áherslu á leikinn og fléttum hann inn í kennsluna, en það er sú þróun sem hefur orðið í kennslu yngri barna í grunnskólum almennt. Við höfum því lært heilmikið af leikskólanum svo þetta er í báðar áttir.“



Fimm ára bekkur í Hvaleyrarskóla hefur þegar verið settur. Hér eru nokkur barnanna ásamt starfsmönnum. Skólastjórinn Helgi Arnarson og deildarstjórinn Regína Rósa Harðardóttir eru fyrir miðju. MYND/GVA

Helgi segir töluverða gerjun í þessum efnum. „Eins og flestir vita hafa Ísaksskóli og Landakotsskóli boðið upp á fimm ára bekk í áraraðir. Síðustu ár hefur þó bæst í hópinn og býður Flataskóli í Garðabæ líka upp á fimm ára bekk og er jafnframt að byrja með fjögurra ára deild í haust. Þá er Krikaskóli í Mosfellsbæ með grunnskóla fyrir tveggja til níu ára. Umræðan er að opnast en hingað til hefur þetta verið svolítið klippt og skorið og talan sex til sextán nánast heilög.“ Helgi á von á því að sjá fjölbreyttari skólagerðir á næstu árum. „Sjálfum finnst mér skólagerð sem væri byggð upp á aldurshópunum fimm til tólf ára og svo þrettán til átján ára áhugaverð.“

# Gagnlegar og einfaldar lausnir

**Skólavefurinn býður upp á fjölbreytta þjónustu til skóla, nemenda og foreldra. Lestrarkassanum er ætlað að efla lesskilning barna og Stærðfræðikennarinn útskýrir ólíka þætti stærðfræðinnar á einföldu máli. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar.**

*Lestrarkassinn* er nýjung sem Skólavefurinn kynnti til leiks í vor og hefur fengið mjög góðar viðtökur að sögn Jökuls Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Skólavefsins. Hann segir fyrirtækið binda miklar vonir við verkefnið sem gengur út á að efla lesskilning barna þannig að þau nái betri tökum á þeirri list að lesa sér til bæði gagns og gamans. „Lestrarkennsla og lestrarþjálfun hefur lengi verið með nokkuð hefðbundnu sniði en ekki hefur verið lögð mikil áhersla á markvissa lestrarþjálfun í eldri bekkjardeildum. Lestur verður fyrir sífellt aukinni samkeppni og því er afar mikilvægt að taka lesturinn föstum tökum enda skiptir hann miklu máli í nútímasamfélagi. Það er með lesturinn eins og nær allt annað, maður þarf að þjálfa sig svo árangur náist.“

Jökull segir lestrarkassann einblína á að þjálfa lestur og lesskilning. Boðið er upp á stigskipta lestexta úr ýmsum áttum og verkefni fylgja með sem ætluð eru til að efla skilninginn. „Í þessum fyrsta lestrarkassa eru fimmtíu textar en flokkun textanna miðast fyrst og fremst við lengd, orðaforða og misþung verkefni. Álfhólsskóli í Kópavogi var fyrsti skólinn til að nýta þetta verkefni og var það gert á miðstiginu. Efnið er hægt að fá á pappír en líka rafrænt fyrir spjaldtölvur og snjallsíma. Lestrarkassinn er síðan partur af bekkjarkerfinu þannig að kennarinn nær alltaf að fylgjast með framvindu mála hjá nemendum sínum.“

## Stærðfræðin útskýrð

Í haust mun Skólavefurinn bjóða skólum, foreldrum og nemendum upp á *Stærðfræðikennarann*. Um er að ræða einfaldan vef þar sem öll helstu atriði stærðfræðinnar eru skýrð út á einfaldan og aðgengilegan máta með hjálp myndbanda. Fjalar Freyr Einarsson, raungreinakennari í Varmárskóla í Mosfellsbæ, samdi allt efnið sem hann hefur prófað á nemendum sínum. „Stærðfræðikennarinn er hugsaður sem stuðningur við nemendur í stærðfræði þar sem öll helstu atriðin eru tekin fyrir. Efnið miðast að mestu við nemendur 8.–10. bekkjar en þó er einnig farið niður í grunnatriði sem henta yngri nemendum.“ Stærðfræðikennarinn er byggður á stuttum myndböndum þar sem afmarkað viðfangsefni er útskýrt í hverju myndbandi. „Síðan fylgja í kjölfarið fjögur til fimm myndbönd úr sama viðfangsefni sem eru hugsuð sem þjálfunardæmi. Allt í allt eru þetta um 500 myndbönd í ýmsum efnisflokkum. Stærstu efnisflokkarnir eru almennu brotin og algebra auk samlagningar og frádráttar. Þannig eru þetta í raun öll grunnatriði stærðfræðinnar og við byggjum ofan á það sem reynist nemendum erfiðast. Efnið hef ég byggt á reynslu minni með nemendum mínum undanfarin ár.“ Auk þess geta nemendur prentað



Lestrarkassinn og Stærðfræðikennarinn eru frábær hjálpartæki fyrir börn og unglinga. MYND/GVA

út eða pantað dæmablöð og dæmahefti sem innihalda fleiri dæmi og útreiknuð svör.

„Núna erum við líka búin að setja inn kennsluskýringar á samræmdu prófunum í stærðfræði. Þar geta nemendur prentað þau út og reiknað þar til þeir sigla í strand en þá leita þeir skýringa og lausna á vefnum. Kennsluskýringarnar ná til samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.“

Allar nánari upplýsingar um Lestrarkassann og Stærðfræðikennarann má finna á www.skolavefurinn.is.



Jökull Sigurðsson, framkvæmdastjóri Skólavefsins, og Ingólfur B. Kristjánsson, ritstjóri Skólavefsins. MYND/GVA

heimkaup.is




**EINFALT OG ÞÆGILEGT HEIMADÆMI SEM ALLIR GETA LEYST**

1. SMELLTU Á „SKÓLAR“ Á HEIMKAUP.IS
2. FINNDU RÉTTAN SKÓLA OG BEKK
3. ÞÚ PANTAR VIÐ SENDUM SAMDÆGURS



# SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD

*Innan höfuðborgarsvæðisins.

Frí heimsending hvert á land sem er.

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

# Foreldrar kynni sér námsframboð

**Auka þyrfti náms- og starfsfræðslu á öllum stigum grunnskólans svo nemendur öðlist þekkingu á þeim störfum sem unnin eru úti í samfélaginu að mati Ásthildar Guðlaugsdóttur, náms- og starfsráðgjafa. Það myndi auðvelda val nemenda á framhaldsnámi.**

Margir nemendur í tíunda bekk eru tilbúnir til að taka ákvörðun um framhaldsnám en til þess að fimmtán ára unglingar geti virkilega tekið ákvörðun um námsval að loknum grunnskóla þurfa þeir að þekkja mun betur til hinna ýmsu starfa en þeir gera í dag. Það þarf að auka vægi náms- og starfsfræðslu á öllum stigum grunnskólans og svo það sé framkvæmanlegt þurfum við atvinnulífið og foreldra í lið með okkur,“ segir Ásthildur Guðlaugsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Kársnesskóla í Kópavogi.

Ásthildur segir algengustu spurninguna frá nemendum vera hvaða einkunn þurfi til að komast inn í framhaldsskólana. Þá spyrji bæði nemendur og foreldrar hvaða skóli sé bestur. Hún vilji þó frekar leggja áherslu á að spyrja unglinginn hvaða námsbraut hann langi að velja sér en hvaða skóla.

„Ég veit að sumir skólar eru vinsælli en aðrir en það er enginn skóli betri en annar. Það er svo misjafnt hvað hentar hverjum. Mín skoðun er sú að nemendur þurfi að velja sér nám við hæfi og þá skiptir að sjálfsögðu öllu máli að þeir hafi áhuga á námsgreinunum sem kenndar eru á viðkomandi námsbraut.“

> **Ég veit að sumir skólar eru vinsælli en aðrir en það er enginn skóli betri en annar. Það er svo misjafnt hvað hentar hverjum.**

## Allir framhaldsskólar landsins eru á menntagatt.is

Ásthildur ráðleggur foreldrum að kynna sér vel það mikla námsframboð sem stendur börnum þeirra til boða að loknum grunnskóla. Hún segir iðn- og starfsnám falla í skuggann af bóknámi sem langflestir nemendur velji en alls ekki allir hafi áhuga á. Það gæti jafnvel skýrt mikið brottfall nemenda úr námi hér á landi.

Á síðunni menntagatt.is er hægt að finna glærur þar sem má sjá námsframboð allra framhaldsskóla á landinu.

## Viðtöl og áhugasviðspróf

Ásthildur segir viðtöl við nemendur og áhugasviðspróf koma að miklu gagni þegar velja á framhaldsnám. Niðurstöður áhugasviðsprófsins bendi á námsbrautir sem gætu hentað viðkomandi nemanda, miðað við áhuga þeirra á námsgreinum og athöfnum sem tengjast störfum. Þá kennir hún náms- og starfsfræðslu í efstu bekkjum Kársnesskóla.



Ásthildur Guðlaugsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Kársnesskóla, vill auka vægi náms- og starfsfræðslu í grunnskólum. MYND/GVA

„Stór hluti af starfi náms- og starfsráðgjafa felst í því að veita nemendum og forráðamönnum upplýsingar um námsframboð að loknum grunnskóla. Ég er svo heppin að fá tækifæri til að kenna nemendum í 9. bekk náms- og starfsfræðslu og í 10. bekk kem ég reglulega inn í tíma með fræðslu um nám að loknum grunnskóla. Nemendur koma einnig til mín í viðtal með foreldrum og svo held ég, ásamt deildarstjóra unglingastigs, stóran kynningarfund fyrir foreldra þar sem farið er yfir ýmis atriði sem varða nám að loknum grunnskóla, inntökuskilyrði, námsframboð og þess háttar,“ segir Ásthildur. „Þessir fundir hafa alltaf verið vel sóttir. Við finnum að foreldrar vilja geta verið börnunum sínum stoð og stytta þegar kemur að vali þeirra á námi.“








Klár í skólann!
KALLAX hillueining 18.950,-
B77×D39, H147cm. Ýmsir litir
HÅRTE LED vinnulampi 3.990,-
Með innbyggðri LED ljósaperu
H35cm. Ýmsir litir
1.990,-/stk.
LEKMAN kassar
B33×D37, H33cm. Hvítt
16.950,-
MICKE skrifborð
B105×D50, H75cm. Hvítt
7.900,-
JULES snúningsstóll, barna
Sæti H38-51cm. Ýmsir litir/duftlakkað stál
FNISS pappírskarfa 395,-
14l. H30cm. Gegnsætt
HAMPEN motta, hátt flos 6.990,-
B133×L195cm. Ýmsir litir
© Inter IKEA Systems B.V. 2014
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# Viðskiptafræðin lokkar flesta

Námsframboð í skólum landsins er ríkulegt en sem fyrr eru sum fög vinsælli en önnur. Aðsókn í viðskiptafræði hefur löngum verið mikil og er lítil breyting þar á ef marka má eftirgrennslan hjá helstu bóknámsskólum landsins. Þegar kemur að verknámi er aðsókn í tölvunám, fataiðn, húsgagnasmíði og gullsmíði mikil en auk þess hefur aðsókn í skipsstjórn og vélstjórn aukist eftir hrun. Leikaranám er jafnframt sívinsælt. Sömuleiðis nám í grafískri hönnun, myndlist og flugi svo dæmi séu nefnd.

Samkvæmt fjöldatölum Háskóla Íslands frá síðasta vormisseri voru langflestir skráðir í viðskiptafræði eða 897, þar af 284 nýnemar. 776 voru skráðir í verkfræðigreinar, þar af 245 nýnemar, en undir þær heyra iðnaðar- og vélaverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði og umhverfis- og byggingarverkfræði. Þá voru 740 skráðir í lögfræði, þar af 194 nýnemar. 585 voru skráðir í sálfræði, þar af 216 nýnemar. Aðrar vinsælar greinar voru hjúkrunarfræði, félagsráðgjöf, læknisfræði og enska. Sömuleiðis grunnskólakennarafræði og tölvunarfræði.

Metfjöldi umsókna barst Háskólanum í Reykjavík í ár. Mest jókst aðsókn í tölvunarfræði og viðskiptafræðideild. Þá jókst fjöldi umsókna í tæknifræði umtalsvert og fjöldi umsókna í Íslenska orkuháskólann í HR margfaldaðist á milli ára. Mikill fjöldi umsókna barst einnig um nám á þeim fjórum nýju þverfaglegu námsbrautum sem skólinn býður upp á í fyrsta sinn í haust, en þar gegnir viðskiptafræðin í öllum tilfellum veigamiklu hlutverki. Þetta eru viðskiptafræði með lögfræði sem aukagrein, lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, viðskiptafræði með tölvunarfræði sem aukagrein og tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein.

Í Háskólanum á Bifröst var mest aðsókn í BS-nám í viðskiptafræði, ef frá er talin Háskólagátt sem er aðfaranám að háskólanámi á Bifröst. Umsækjendur voru 150. Flestir sóttu um almenna línu eða um sextíu, næst kom viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti með um fjörutíu umsækjendur. Af öðrum línum í grunnnámi var BS í viðskiptalögfræði með þrjátíu umsækjendur og BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði) með fjörutíu umsækjendur. MS í forystu og stjórnun var svo langvinsælasta meistaranámið, með 95 umsækjendur. MA í menningarstjórnun kom þar á eftir með 45 umsækjendur.

Í Háskólanum á Akureyri var mest aðsókn í hjúkrunarfræði, sálfræði og viðskiptafræði en umsækjendur í þau fög voru vel á annað hundrað, í hvert fyrir sig. Mest aukning var þó í nám í fjölmiðlafræði eða um 82 prósent frá árinu á undan. Eins var fjölgun í sjávarútvegsfræði, líftækni, sálfræði, félagsvísindum, hjúkrunarfræði og í kennaradeild skólans.

Í Tækniskólanum er mest aðsókn að tölvubraut og eru umsækjendur hátt í tvö hundruð fyrir haustið. Þá eru greinar eins og fataiðn og húsgagnasmíði alltaf vinsælar. Í Tækniskólanum er sömuleiðis alltaf fullt í gullsmíði og yfirleitt 30 manns um hvert sæti. Eins hefur aðsókn í skipsstjórn og vélstjórn aukist mikið eftir hrun.

Í Listaháskóla Íslands er mest aðsókn í leikaranámið þegar það er í boði, en þriðja hvert ár er ekki tekið inn. Að jafnaði eru umsækjendur 120 til 140 en aðeins tíu komast inn. Þá er mikil aðsókn í grafíska hönnun en hún heyrir undir hönnunar- og arkitektadeild skólans. Í ár eru umsækjendur 110 en tuttugu komast inn. Þá er aðsókn í vöruhönnun sífellt


Sum fög eru óneitanlega vinsælli en önnur.

að aukast. Umsækjendur eru 45 í ár en tíu komast inn. Í myndlist eru 70 umsækjendur en 25 teknir inn. Að jafnaði eru þrír til fjórir um hvert sæti í skólanum.

Í Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, er mest aðsókn í Háskólabrúna, sem er meðal annars undanfari að námi við Háskóla Íslands, í leiðsögunám í ævintýraferðamennsku á háskólastigi og í flugnám sem er ört vaxandi.

# Ómissandi hljóðfæri í Reykjavík

Stúlknakór Reykjavíkur hefur tuttugasta starfsár sitt í haust.

130 stúlkur hefja æfingar með Stúlknakór Reykjavíkur nú í september. Kórinn var stofnaður af Margréti J . Pálmadóttur haustið 1994 og þá sem syngjandi forskóli fyrir fimm til átta ára stúlkur. Ári síðar festi Margrét nafnið með kennitölu og gerði formlegan kór. Þetta er því tuttugasta starfsár kórsins og nokkrar stúlkur hafa fylgt honum frá upphafi.

Fyrstu árin æfði kórinn í leiguhúsnæði en er nú orðinn einn af eigendum sönghússins DOMUS VOX við Laugaveg 116. „Stúlknakór Reykjavíkur er ómissandi í litrófi borgarinnar og jafn mikilvægur og tíu fótboltalið," segir stjórnandinn stoltur. „Þær eru efnilegt og sívaxandi hljóðfæri og munu syngja í fimmta skipti með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árlegum jólatónleikum þeirra í desember næstkomandi. Þriðja Sinfónía Mahlers, Pláneturnar, Carítas-tónleikarnir í Kristskirkju, Frostrósir og Maxímús Músíkús eru einnig ógleymanleg verkefni undanfarinna ára og unun að fá að syngja í Eldborgarsal Hörpu," segir Margrét.


„Stúlknakór Reykjavíkur er ómissandi í litrófi borgarinnar og jafn mikilvægur og tíu fótboltalið," segir stjórnandinn Margrét J. Pálmadóttir.

**„Þær eru efnilegt og sívaxandi hljóðfæri og munu syngja í fimmta skipti með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árlegum jólatónleikum þeirra í desember næstkomandi.**


Yngsta deild Stúlknakórs Reykjavíkur á jólatónleikum í Hallgrímskirkju.

Stúlknakórinn starfar einnig í Grafarvogskirkju þar sem mjög efnilegar söngkonur á aldrinum 9–13 ára er að finna. Stúlknakórnum er skipt í nokkra aldurshópa, frá fjögurra ára til 24 ára, og nýtur leiðsagnar frábærra tónlistarmanna. Þær Guðrún Árný Guðmundsdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Matthildur Hafliðadóttir, Halldór Smárason og Antonía Hevesi munu vinna með kórnum og Margréti í vetur.

Kórinn hefur fengið fjölda erlendra kóra í heimsókn og fer reglulega í söngferðir innanlands og utan. „Stúlkurnar heimsækja þekktan stúlknakór í Berlín á næstunni sem síðan endurgeldur heimsóknina og stefnir að tónleikaferð til Íslands 2016. Stúlknakór Reykjavíkur á boð til Hong Kong en þær eiga frábæran vinakór þar sem hefur heimsótt Ísland tvisvar sinnum," segir Margrét.

Hún segir allar stúlkur í Reykjavík og nágrenni velkomnar í kórinn. „Þetta er svo fjölbreytt og skemmtilegt nám, enda hef ég verið í kór frá átta ára aldri og get ekki hætt, andleg vellíðan og sterk vináttubönd skapast og endast sum hver ævina út."


Mikilvægt er að taka hlé frá vinnu við tölvuskjá og teygja á vöðvum og liðka sig.
MYND/GETTY

## *Ekki gott að sitja of lengi við tölvuskjáinn*

Þegar setið er lengi við tölvuskjáinn er mikilvægt að taka sér hlé, standa á fætur og hreyfa sig. Rannsóknir hafa sýnt að langar, stöðugar setur eru ekki góðar fyrir heilsuna.

- Nauðsynlegt er að ganga um í örfáar mínútur á hálftíma fresti, gera teygjuæfingar eða eitthvað annað til að brjóta upp heilan dag af setum á óæðri endanum fyrir framan skjáinn.
- Eftir heilan klukkutíma af vinnu er gott að taka sér hlé eða snúa sér að nýju verkefni í að minnsta kosti fimm til tíu mínútur.
- Mikilvægt er að fara frá skjánum þegar borðað er og gera eitthvað annað en að læra á meðan.
- Til að koma í veg fyrir þreytu í augum er gott að hvíla þau reglulega. Lítið af tölvuskjánum og fókuserið á eitthvað sem er í nokkurri fjarlægð. Einnig er gott að hvíla augun með því að halda fyrir þau í tíu til fimmtán sekúndur.
- Gott er að gera handaæfingar til að minnka líkur á doða í fingrum. Til dæmis má þrýsta ofan á fingur annarrar handar á meðan þeim er ýtt upp á móti hendinni. Gerið æfinguna nokkrum sinnum í einu, sex sinnum á dag.
- Mjög mikilvægt er að líkamsstaðan sé rétt meðan setið er við tölvuskjáinn. Bakið á að vera upprétt, tölvuskjárinn í réttri hæð og lyklaborðið nálægt líkamanum og beint fyrir framan hann.

OPIÐ TIL KL. 22 Í SKEIFUNNI

# ALLAR SKÓLAVÖRURNAR Á EINUM STAÐ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-1746

INNKAUPALISTI SKÓLANNA

www.a4.is

Þú getur gengið frá skólainnkaupunum við tölvuna í þremur einföldum skrefum og sótt allan pakkann eða fengið hann sendan.






A4

www.a4.is

www.a4.is / sími 580 0000 / panta@a4.is / **A4** Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði / **A4** Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi

# Fannst hann vera afinn í hópnum

**Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður og lögreglustjóri á Selfossi, kláraði meistaranám í opinberri stjórnsýslu þegar hann var að verða 55 ára gamall. Hann segir aldurinn ekki vera neina fyrirstöðu í námi, fólk þurfi að hafa áhuga, löngun og neista til að vilja læra og seigluna til að klára námið.**

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður og lögreglustjóri á Selfossi, lauk meistaranámi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands árið 2008. „Ég lauk diplómanámi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun árið 1999 og var svo upptendraður af því að þegar ég sá auglýst meistaranám í stjórnmálafræði þá skráði ég mig í það árið 2001. Ég stundaði námið í heilan vetur og byrjaði á þeim næsta, búsettur á Ísafirði og í fullri vinnu. Ég hafði notað allar aðferðir til að komast fram og til baka í tíma, flaug með áætlunarflugi, fór einu sinni á puttanum frá Reykjavík til Ísafjarðar með sjúkraflugvél, fór með vöruflutningabílum og ég veit ekki hvað fleira, þetta var mikið ævintýri. Ég áttaði mig svo á að venjulegt nám yrði ekki stundað með fullri vinnu frá Ísafirði þannig að ég hætti,“ segir Ólafur.

## Skemmtilegra en von var á

Hann byrjaði þó aftur í námi, meistaranámi í opinberri stjórnsýslu, haustið 2004 af fullum krafti. „Þá var ég fluttur suður á Selfoss og námið var með þeim hætti að það voru tímar tvo til þrjá morgna í viku. Ég gat ráðið við það verandi á Selfossi en mín reynsla er sú að fyrir mig er best að vera í tímum og taka þátt í umræðunum á staðnum.

Námið var mun skemmtilegra en ég bjóst við og verulega áhugavert. Ef raunin hefði ekki verið sú hefði ég líklega hætt því það var ekki þrautalaust að komast í gegnum það. Skemmtunin og ánægjan af náminu vó algjörlega upp á móti því að þurfa að fara yfir heiðina í hálku og snjó og skipuleggja vinnuna þannig að þessir morgnar voru lausir en dagurinn lengri að sama skapi.“

## Sigurtilfinning að klára námið

Ólafur kláraði allt bóklega námið á tveimur vetrum en tók sér aðeins lengri tíma í lokaritgerðina en hann ætlaði sér í upphafi. „Það var nú aðallega út af því að ég tók mér ekkert frí frá vinnu en ég skilaði henni af mér í upphafi árs 2008. Það eru margir sem lenda á þeim þröskuldi sem ritgerðin getur verið en sá þröskuldur er algjörlega yfirstíganlegur,“ segir hann og brosir. „Útskriftardagurinn, 23. febrúar 2008, var mjög eftirminnilegur. Það var ákveðin sigurtilfinning sem fylgdi því að hafa klárað þetta nám. Þegar ég útskrifaðist sem lögfræðingur árið 1978 var tilfinningin allt önnur og aðallega feginleiki sem fylgdi því að vera loksins búinn með námið.“



Ólafur Helgi Kjartansson útskrifaðist úr meistaranámi í opinberri stjórnsýslu fyrir rúmum sex árum þegar hann var rétt að verða 55 ára. MYND/MAGNÚS HLYNUR HARÐARSON

„Hugarfarið skiptir svo miklu máli. Þegar ég fór í nám í seinna skiptið fór ég af stað með allt öðru hugarfari en þegar ég var að byrja í háskóla nítján ára gamall. Þá var nokkurs konar sjálfskapaður sársauki sem fylgdi því að vera í háskólanámi en í seinna skiptið var það bara löngun, vilji og þörf til að gera eitthvað meira sem rak mann áfram. Þegar maður er kominn á þennan aldur gerir maður meiri kröfur til sjálfs sín og kennaranna. Þetta er bara eins og hver önnur vinna þar sem markmiðið er skýrt. Ég ætlaði að láta þetta ganga upp og gera það þannig að ég myndi hafa sóma af þegar einkunnir yrðu skoðaðar og svo auðvitað að læra af þessu.

## Leiddist ekki í frímínútum

„Með mér í náminu var fólk með ólíkar skoðanir úr stjórnsýslunni sem gaman var að ræða við, mér leiddist að minnsta kosti ekki í frímínútunum. Það sem var líka svo skemmtilegt við námið var að vera innan um fólk sem var miklu yngra en ég. Við vorum tvö til þrjú sem vorum í eldri kantinum og ég sennilega elstur. Það var hressandi að vera innan um fólk sem átti við allt önnur vandamál að stríða og ræða við það um þau.“ Aðspurður segir hann hlæjandi að sér hafi ekki fundist hann vera pabbi samnemenda sinna. „Ég hélt á tímabili að ég væri afinn í hópnum!“

Ólafur segir það ólíklegt að hann fari í frekara nám. „Það á náttúrlega aldrei að segja aldrei en það lítur ekki út fyrir það núna. Hins vegar finnst mér nauðsynlegt að fólk sé stöðugt að endurmennta sig. Ég vil frekar kalla endurmenntun símenntun því nútíminn kallar á að fólk sé alltaf að mennta sig svo það geti staðið undir þeim störfum sem það hefur valið sér.“






## Háskólanám erlendis



Íslendingar hafa löngum verið duglegir að sækja sér menntun í erlendum háskólum. Samkvæmt tölum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna stunda 25 prósentum fleiri háskólanám erlendis árið 2012 en árið 2000. Sem fyrr eru Bandaríkin og Evrópa langvinsælust en um 97 prósent allra þeirra sem þiggja aðstoð frá sjóðnum stunda nám þar.

Norðurlöndin eru vinsæll áfangastaður en um helmingur allra nemenda stundar nám þar og hefur þeim fjölgað nokkuð frá árinu 2000. Langflestir þessara nemenda stunda nám í Danmörku auk þess sem þeim sem stunda nám í Svíþjóð hefur fjölgað mikið á undanförnum árum.

Um aldamótin sótti nær þriðjungur nemenda erlendis nám til Bandaríkjanna en árið 2012 hafði hlutfallið minnkað í um 15 prósent.

Milli áranna 2000 og 2012 hefur einnig orðið mikil fjölgun hjá þeim sem stunda nám í Ungverjalandi, Grikklandi og Englandi. Árið 2012 stunduðu sjö manns nám í Kína en enginn árið 2000.

Íslendingar láta ekki heldur langar vegalengdir stoppa sig. Árið 2012 stunduðu tólf manns nám í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi en þar var enginn skráður í háskóla árið 2000.

Námsmenn erlendis eru taldir samkvæmt gögnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem leita aðstoðar sjóðsins. Tölurnar ná því ekki yfir þá sem greiða sjálfir skólagjöldin eða eru á fullum styrk frá viðkomandi háskóla.

# Ökunám á sínum eigin hraða

Ökunám er hægt að stunda í fjarnámi á netinu í Netökuskólanum. Bræðurnir Gunnsteinn R. Sigfússon ökukennari og Jóhann Þór Sigfússon tölvunarfræðingur standa á bak við skólann og segja mikinn kost að geta stundað námið á eigin hraða þegar hentar.

Þrátt fyrir ungan aldur er Netökuskólinn einn stærsti ökuskólinn á landinu. Netökuskólinn kennir bókleg námskeið fyrir bílpróf og bifhjól í fjarnámi. Námskeiðin eru samþykkt af Samgöngustofu og koma í stað námskeiða sem hingað til hafa verið kennd í kennslustofum.




Bræðurnir Jóhann Þór og Gunnsteinn Sigfússynir standa á bak við Netökuskólann. Þeir segja mikinn kost að geta stundað námið á eigin hraða, þegar nemandanum hentar. MYND/DANÍEL

### Hvað má læra í Netökuskólanum?

„Í stuttu máli þurfa allir þeir sem ætla sér að verða sér úti um almenn ökuréttindi að taka tvö bókleg námskeið, ökuskóla 1, ökuskóla 2, Netökuskólinn býður upp á þessi tvö námskeið. Að auki þarf að taka námskeið í ökugerði sem er oft kallað ökuskóli 3.“ útskýrir Gunnsteinn. „Einnig þarf nemandinn að taka að lágmarki 15 ökutíma í bíl hjá verklegum ökukennara. Þegar bóklegu og verklegu námi er lokið þarf að standast bók- og verklegt lokapróf hjá Frumherja, ef nemandinn stenst þau er hann kominn með bílprófið.“

### Hvernig gengur námið fyrir sig?

„Nemandinn skráir sig á námskeið á vef Netökuskólans: www.netokuskolinn.is og getur hafið námið strax eftir skráningu,“ segir Jóhann.

„Námskeiðin eru byggð upp á lotum þar sem ákveðin viðfangsefni eru tekin fyrir í hverri lotu. Reglubundið eru lögð verkefni fyrir nemendur, spurningar, leikir, myndbönd og annað ítarefni, til að skerpa á þekkingu nemandans. Í lok hverrar lotu er krossapróf úr efni lotunnar og námskeiðinu lýkur loks með lokaprófi, sem einnig er tekið á vefnum.“

„Fjarnám getur verið mjög hentugt fyrir nemendur sem stunda til dæmis íþróttir eða eru tímabundnir. Úti á landi þurfa nemendur jafnvel að fara landshluta á milli til að stunda ökunám og einnig geta námskeið úti á landi verið stopul. Í Netökuskólanum skráir þú þig bara á námskeið þegar þér hentar, hvar sem þú ert staddur.“

„Við leituðum víða að kennslukerfi sem hentaði þessari starfsemi en fundum ekkert sem hafði þann sveigjanleika sem við vildum og við bjuggum því til okkar eigið kennslukerfi. Kerfið byggist því á íslensku hugviti og er sérhannað fyrir fjarkennslu ökunáms og þarfir þess náms. Það er gaman að segja frá því að kerfið hefur engu að síður vakið athygli fyrir framsetningu námsefnisins og þá möguleika sem það býður upp á og við höfum fundið fyrir áhuga á að nota það víðar í fjarnámskennslu,“ segir Jóhann.

„Netökuskólinn leggur einnig mikið upp úr góðri samvinnu við aðra ökukennara. Til að námið samþættist sem best við verklegu kennsluna fær ökukennarinn sem kennir verklegu kennsluna á bílnum að vita með sjálfvirkum hætti hvernig nemandanum gengur og getur þá einnig farið yfir þau atriði sem skerpa þarf á.“

## Helstu kostir Netökuskólans

- Netökuskólinn er opinn allan sólarhringinn.
- Nemandi getur lært heima hjá sér og á þeim hraða sem honum hentar.
- Nemandi getur farið yfir námsefnið eins oft og hann vill.
- Vefurinn virkar í öllum tölvum og spjaldtölvum.
- Netökuskólinn er einnig með námskeiðin á ensku.
- Ökukennarinn fær að vita með sjálfvirkum hætti hvernig nemandanum gengur.
- Netökuskólinn býður upp á aukaefni sem undirbýr nemanda fyrir munn- og bóklega prófið hjá Frumherja.

NETÖKUSKÓLINN
netokuskolinn.is





**Spænskunámskeið eru að hefjast**

*Námskeiðin okkar leggja áherslu á talmál og færni í samskiptum.*

**Byrjendanámskeið:**
Fyrir þá sem hafa litla eða enga spænskukunnáttu.

**Lengra komnir:**
Fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á spænsku og einnig þá sem eru lengra komnir en vilja bæta orðaforðann.

Bjóðum uppá einkatíma fyrir menntaskóla og háskólanemendur og einnig þá sem þurfa að nota spænsku í starfi og/eða í viðskiptum.

Boðið er uppá 6 og 12 vikna námskeið. Kennsla fer fram eftir klukkan 16:30. **Skráning er til 2. september.**

OPTIMO
*Kennsla og þýðingar*

Nánari upplýsingar á **optimo.is** eða í síma **7872152**

# Matur sem hvorki smyrst né lekur

Matur og drykkur eiga ekki samleið með rándýrum námsbókum og verðmætum tölvum. Í tímaþröng er þó freistandi að maula hádegismatinn yfir bókunum en þá þarf að hafa varann á.

Yfirleitt er ekki talið ráðlegt að borða yfir tölvunni eða við lestur. Fólk er til dæmis líklegra til að borða of mikið ef einbeitingin er á skjánum eða ofan í bókinni meðan borðað er. Þá má auðveldlega eyðileggja rándýran tækjabúnað og dýrmætar bækur með því að sulla niður drykkjum og sósu. Það gefst þó ekki alltaf tími til að færa sig annað þegar hungrið sverfur að og þá er eins gott að á matseðlinum sé eitthvað sem ekki molnar, sullast, smyrst eða lekur.

## Vefjur frekar en samlokur

Vefjur geta verið heppilegri en opnar samlokur til að kjamsa á yfir tölvunni ef handlagni hefur verið beitt við að búa þær til. Samlokur eiga það nefnilega til að leka og eins molnar samlokubrauð frekar. Auðvitað mætti reyna að klæða samlokuna í poka.





## Ekkert sósusull

Steik, kjúklingabringa eða skinka gætu einnig verið heppilegur tölvumatur, svo lengi sem bitunum er ekki dýft í sósur. Notaðu gaffal svo fingurnir verði ekki kámugir.

## Ávextir og þurrt nasl

Ávextir og grænmeti er þægilegt að borða við vinnuna. Þó þarf að passa að ekki leki yfir lyklaborðið þegar bitið er í safaríka ávexti. Þurrkaðir ávextir eru tilvaldir.





## Gúrkur og kál

Salat sem ekki er löðrandi í dressingu er líka heppilegt og auðvitað hollur kostur við kyrrsetuna. Ef þú missir eitthvað niður eru það yfirleitt stórir bitar af salatblöðum eða gúrku sem má auðveldlega taka upp án þess að sóða út.

## Matur sem er eins og lím

Matur sem hangir saman eins og kartöflustappa er sneddí yfir bókunum.





## Ílátið getur skipt máli

Morgunkorn með mjólk sullast ekki ef það er borðað upp úr bolla, segja sumir.

## Varlega með drykkina

Drykkir í ferðamál með loki, helst gerðarlegt mál sem lokið skrúfast á því ekki er alveg hægt að treysta einnota pappamálum með þunnu plastloki.






- Samkvæmt 840.000 notendum GoodReads!

**Framhald Divergent-kvikmyndarinnar!**

Önnur bókin í hinum geysivinsæla Divergent-bókaflokki er nú komin út í kilju.

**Fæst hjá öllum betri bóksölum!**

eBækur IÐA FORLAGIÐ Eymundsson amazon

Björt BÓKAÚTGÁFA www.bjortutgafa.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

THE FINEST QUALITY
THE Herschel SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK

## Herschel bakpokarnir hafa slegið í gegn

**Herschel Supply Co** er kanadískt vörumerki og framleiðir vandaða bakpoka, töskur, veski og fylgihluti. Herschel hannar gæðavörur þar sem næmt auga fyrir smáatriðum og fjölbreytt litaval mætast þannig að hver og einn geti fundið tösku við sitt hæfi. **Skoðið úrvalið á facebook síðu Galleri Sautján.**

















galleri sautján

Kringlan | Smáralind

ntc.is | facebook /gallerisautjan | Instagram /#galleri17

Aðrir sölustaðir: Urban Kringlunni, A4, Salka Vestmannaeyjum, Galleri Ozone Selfossi og Akranesi, Krummaskuð Reykjanesbæ, EVA Laugavegi 26.



Námsmenn geta nú fylgst með sínum málum hjá LÍN í gegnum app.

## MEÐ LÍN Í SÍMANUM

**Margir námsmenn** fá lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, LÍN, á skólaárunum. Þeir treysta á þessa peninga til að framfleyta sér og sínum og því mikilvægt fyrir þá að vera með allt á hreinu í þessu samhengi. Til að auðvelda námsmönnum að fylgjast með öllu sem viðkemur lánamálunum geta þeir fengið sér nýtt app í símann frá Lánasjóðnum.

Með LÍN-appinu geta námsmenn fylgst með skilaboðum frá LÍN og stöðu námslána. Appið móttekur almenn skilaboð til námsmanna frá LÍN, lætur vita ef eitthvað stoppar afgreiðslu hjá LÍN og birtir lánsáætlanir.

Appið virkar í Android-tækjum með stýrikerfi 2.2 og nýrra, iPhone með útgáfu iOS 5.0 og upp úr og Windows 8 mobile.

## LÉTTAR OG GÓÐAR FYRIR BAKIÐ

**Tinna Pétursdóttir,** eigandi netverslunarinnar Liggalá sem selur ýmiss konar vörur fyrir börn, leitast við að bjóða vörur sem ekki fást hér á landi. Nýlega fékk hún skólatöskur frá Bixbee en þær hafa ekki verið fáanlegar hérlendis fyrr.



„Töskurnar eru framleiddar í tveimur stærðum. Sú minni hentar börnum sem eru að stíga sín fyrstu skref í skóla. Sú stærri er fyrir börn sem þurfa meira pláss. Töskurnar eru hannaðar með það í huga að þær reyni ekki of mikið á bakið á börnum. Þær eru vel bólstraðar í bakið og mjög léttar,“ segir Tinna.



„Eins má geta þess að fyrir hverja tösku sem keypt er gefur framleiðandinn einn bakpoka til þróunarlanda. Ég er mjög ánægð með að hafa fundið fyrirtæki sem framleiðir töskur á góðu verði og gefur með,“ segir Tinna og bendir áhugasömum á www.liggala.is.

## ÍÞRÓTTAFÉLAG STÚDENTA

**Íþróttafélag stúdenta,** skammstafað ÍS, skipar sérstakan sess í háskóla- og íþróttasögu landsins. Félagið var stofnað árið 1928 af hópi nemenda við Háskóla Íslands og er eina háskólalið landsins sem hefur sent lið til leiks á Íslandsmótum nokkurra íþróttagreina. Félagið var til dæmis um margra ára skeið með sterka meistaraflokka í blaki og körfuknattleik.

**Um miðja** síðustu öld ræddu skólayfirvöld þá hugmynd að auka vægi íþrótta við skólann og að hann myndi jafnvel hlúa að afreksíþróttamönnum líkt og gert hefur verið lengi í bandarískum háskólum. Í kjölfarið voru meðal annars unnar teikningar að glæsilegu íþróttahúsi með innbyggðri sundlaug en þær hugmyndir urðu þó aldrei að veruleika.

**Bæði karla-** og kvennalið ÍS í blaki unnu hvort um sig 20 Íslands- og bikarmeistaratitla á árunum 1970-2002, þar af vann karlaliðið tíu Íslandsmeistaratitla og kvennaliðið átta titla.

**Körfuknattleikslið kvenna** hjá ÍS var lengi meðal bestu liða landsins og urðu konurnar meðal annars þrisvar sinnum Íslandsmeistarar, síðast árið 1991. Karlalið ÍS varð bikarmeistari árið 1978 og Íslandsmeistaratitil hlaut það árið 1959. Karlalið ÍS lék lengst af í 1. deild en undir lokin var það oft stutt frá því að vinna sér sæti í úrvalsdeildinni.



MYND/GUÐMUNDUR ÞORSTEINSSON





Við erum 27 ára
27%
afsláttur
af öllum vörum
COSMO
Kringlunni

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949


Toyota Rav4 GX Diesel 5/2013 ek.34þús. sjálfsk.bakkmyndavél,og m/ fl. Ásett verð 6.150.000.- ath. sk.ód.


Honda CR-V Lifestyle 4/2012 ek.40þús. sjálfsk. Toppbíll Ásett verð 4.790.000.- ath. sk. ód.


Suzuki Grand Vitara Premium 4/2011 5gíra ek.92þús. Bíll á frábæru verði, Tilboð 2.990.000.-


Skoda Octavia Ambiente Combi 4x4 Diesel 11/2004 ek. 147þús.5gíra. Frábær fjórhjóladrifinn bíll ásett verð 980.000.-

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Bílalíf


**DÍSEL - SJÁLFSKIPTUR**
SKODA Octavia Árgerð 2007, ek. 126Þ. km. dísel, sjálfskiptur. Gott eintak! Tilboðsverð 1.790þ. Er á staðnum - S:562-1717


**SJÁLFSKIPTUR - HONDA JAZZ**
Honda Jazz Árgerð 2007, ek.101þ. km. sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.190þ. Rnr.125906. Er á staðnum - Bílalíf s:562-1717

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777


HONDA Vfr 800. Árgerð 2009, ekinn 10 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.113833.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

bilfang.is
S. 567 2000


CITROEN JUMPY Árgerð 2010. Ekinn 85 Þ.KM Verð kr. 2.450.000.


FORD TRANSIT 300 Árgerð 2010. Ekinn 86 Þ.KM Verð kr. 2.950.000


RENAULT KANGOO DIESEL Árgerð 2012. Ekinn 37 Þ.KM Verð kr. 2.690.000.


**GLÆSILEGUR 8 MANNA !**
Ford Expedition LTD 05/2007 (NEW) 8 manna umboðsbíll með öllu ! Ek. 122þús Er á staðnum raðnr 153039 Nú á flottu verði 4190 !!! Skipti möguleg


TOYOTA HILUX Árgerð 2005. Ekinn 141 Þ.KM Verð kr. 1.950.000.


**SJÁLFSKIPTUR !**
VW Jetta Comfortline 03/2006 ek 113 þ.km nyleg tímareim, góð þjónusta Okkar verð 1290 !!!


**FLOTTUR FJÖLSKYLDUBÍLL**
Peugeot 5008 , 07/2013 ek 33 þ.km 5 gíra sparneytinn bíll Nyvirði 4.2 mil Okkar verð 3490 !!! Ymis skipti í boði

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR


**2014 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE**
**OVERLAND 4X4**
Sá flottasti, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 gíra sjálfskiptur, Hlaðnir lúxus búnaði, Þennan verður þú að skoða, Tilboðsverð aðeins 10.990þkr, Eru í salnum,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

SUZUKI


Rafmagnsfjallareiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð kr. 188.900,- eigum einnig 2 gerðir 28" Borgarhjóla. Verð kr .168.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR


VW Polo comfortline. Árgerð 2012, ekinn 49 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.350.000. Rnr.990900.


KIA Sorento. Árgerð 2007, ekinn 123 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.210442.


MERCEDES-BENZ A 200 amg style. Árgerð 2013, ekinn 13 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.990863.


KIA Ceed h/b EX 1.6 disel beinsk. Árgerð 2012, ekinn 25 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.750.000. Rnr.111031.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN


MMC PAJERO DID ANTERA 01/2006, ekinn 139 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, einn eigandi! Verð 3.290.000. Raðnr.350096 á www.BILO.is. Jeppinn er á staðnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

TOPPBÍLAR


TOYOTA Corolla luxury mm. Árgerð 2008, ekinn 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000.TILBOÐ 1.990.000.- Rnr.132962


TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgerð 2006, ekinn 169 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.380427.


TOYOTA Land cruiser 120 gx 33". Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.371644


TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2007, ekinn 175 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.350.000. Rnr.336308.


MERCEDES-BENZ G gl 320 cdi 4matic. Árgerð 2007, ekinn 107 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.690.000. Rnr.336702.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

abill.is
NETBÍLASALA


TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2004 ekinn 123 Þ.KM sjálfskiptur. Verð aðeins 1.350 Rnr.100308.Er Á staðnum... VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ.. Abill.is.

**abill.is**
**Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík**
**Sími: 5876600**
**Skráðu bílinn frítt á abill.is !**

hjól.is
bestir í hjólum..


Kawasaki Ninja ZZR 600 árg. 2003 ek 23 þus míl. Rnr 125083 Ásett verð 650 þús gsm 7836365

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

## Bílar til sölu


**FRÁBÆR SPARIBAUKUR**
Skoda Octavia 1.6 árg ,04, Ssk, Ek. 229þ. Vel með farinn og í góðu ástandi. Verð 460þ - STGR. 390Þ. s. 698-1088


Vel með farinn M.BENZ C. Árg.2004,ek. aðeins 108.þ km,bensín, sjálfskiptur, leðursæti og topplúga. Verð aðeins 1.690þ. áhv. ca: 550.þ Sími: 770-4499



**ERU RISPUR Á BÍLNUM ÞÍNUM ?**
QUIXX PAINT SCRATCH REMOVER fjarlægir rispur úr lakki hratt og örugglega. Skoðaðu úrvalið á www. quixx.is.

Seldur.is

**KAUPUM ALLA BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

## 0-250 þús.


**ÚTSALA 95 ÞÚS!**
Susuki Baleno station árg ,99, ek. 220 þús. Beinskiptur. Sko ,15, S. 891 9847

## 250-499 þús.


**TILBOÐSVERÐ 490ÞÚS STG**
Renault Megane 1.6 árg ,03. ek 130þús km. bsk. ný sko. glæný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. stór glerlúga. ásett v:820þús. Tilboðsverð aðeins 490þús ! möguleiki á 100% vísaláni. S:659-9696

## 500-999 þús.


**TILBOÐSVERÐ 590ÞÚS STG**
Renault Megane sport tourer 1.6 árg ,04. ek. 158þús km. sko'15. bs, heilsársd., góður bíll. ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr ! möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## 1-2 milljónir


**7 MANNA SJÁLFSKIPTUR !**
Toyota Corolla Verso 1.8 árg ,08. ek. 160þús km. ssk, 7m, ný sko ,15. heilsársdekk. mjög sparneytinn og rúmgóður bíll. ásett v:1.690þús. Tilboðsverð 1.390þús. ýmsir lánamöguleikar í boði. s:659-9696.

## Bílar óskast


**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**0-400 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-400. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## til sölu

**Club car golfbílar**



Ný sending frá Ameríku árgerðir 2013 og 2014
Einnig til sölu Curtis cap hús á golfbíla
**19019 ehf sími 893-3393 Gunnsteinn www.19019.is**

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Fyrir veiðimenn

**VEIÐILEYFI TIL SÖLU Í**
Staðará á Snæfellsnesi fyrir landi Traða (veiðihús) & í vatnasvæði Lýsu. Lax og sjóbirtingur. S. 893 4515

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

RVK Studios leitar eftir húsum og íbúðum til afnota við kvikmyndatökur. Sanngjörn leiga í boði. Upplýsingar í s. 847 6892 sveinnvidar@hive.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

RVK Studios leitar eftir húsum og íbúðum til afnota við kvikmyndatökur. Sanngjörn leiga í boði. Upplýsingar í s. 847 6892 sveinnvidar@hive.is

## Húsnæði til sölu

**TIL SÖLU.**
Fasteignin Iðavellir 6 á Húsavík er til sölu. Um er að ræða einbýlishús byggt 1945, skráð flatarmál 80 fermetrar ásamt geymsluhúsi byggt 1960, skráð flatarmál 29 fermetrar. Íbúðarhúsið hefur verið endurnýjað og er í sæmilegu viðhaldi. Eignin er veðbandalaus og tilbúin til afhendingar. Tilboð sendist undirrituðum, sem gefur nánari upplýsingar. Tilboðsfrestur til og með 25. ágúst 2014.
**Gunnar J. Magnússon, Unnarbraut 3, 170 Seltjarnarnesi. Símar 511-3888 og 561-3418.**
**Tölvupóstur gunnarm@vortex.is**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Opið virka daga 13-19 helgar 10-19. Uppl. í s. 895 3176 & 864 3176.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VEITINGAHÚS NINGS - FRAMTÍÐARSTARF**
Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum starfsmönnum í fullt starf og dagvinnu. Aðeins 20 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi.
**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að fólki til að grilla góða hamborgara í allan vetur. Reynsla úr eldhúsi er kostur. Það eru 4 stöður í boði. Umsóknarfrestur er til 15.ágúst. Umsóknir skulu sendast á arnar@lebowskibar.is

**SÍLD OG FISKUR**
Starfsfólk óskast til að taka til pantanir og einnig við vörudreifingu í söludeild okkar í Dalshraun 9B, Hafnarfirði.
**Upplýsingar gefur Sófus í síma 863 1938 einnig á netfangið: sofus@ali.is**

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**
óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar. Unnið er á 15 daga vöktum, 100% starf. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknir berist til fanney.10dropar@gmail.com**

**SKALLI ÖGURHVARFI**
leitar að duglegu fólki í fullt starf, dagvinna og vaktavinna í boði, góð laun fyrir réttu manneskjuna. Upplýsingar á staðnum.

Skalli Ögurhvarfi pilnie poszukuje osób do pracy w kuchni, dobre wynagrodzenie dla odpowiedniej osoby. 100% job skalli1@simnet.is

**UPPVASK & ÞRIF**
Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir starfsmanni í vinnusal við uppvask og þrif. Vinnutími 08-16 virka daga.
**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á ottar@bakarameistarinn.is**

**BLIKK OG TÆKNIÞJÓNUSTAN EHF. AKUREYRI**
óskar eftir blikksmið eða manni vönum málmsmíði til starfa. Fyrirtækið vinnur að fjölbreyttum verkefnum vítt og breitt um norður og austurland.
**Umsókn um starfið ásamt ferilskrá er hægt að senda á netfangið bogt@bogt.is**
**Nánari uppl. í s.462-4017**

**ERT ÞÚ HELLULAGNINGAMEISTARI ?**
Leitum af vönum manni í hellulagnir, reynsla er nauðsynleg. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt. Vinnuvélaréttindi er kostur.
**Umsóknir sendist á umsokn@stjornugardar.is**

**KÖKUHORNIÐ**
óskum eftir duglegum og ábyrgum starfskrafti á tvískiptar vaktir í verslun okkar í Kópavogi. Helgarvinna eftir samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslustörfum og sé 20 ára eða eldri. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir sækið um á: kokuhornid@kokuhornid.is**

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**
óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf 11 - 11, einnig vantar okkur þjóna á hádegisvaktir frá ca. 11.30 - 14.00.
**Upplýsingar aðeins veittar á staðnum í dag og næstu daga.**

Móttökuritari óskast í lítið fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu frá 9-15. Tölvukunnátta, stundvísi og rík þjónustulund skilyrði. Umsókn sendist á mottokuritari@simnet.is

**FISKIKÓNGURINN SOGAVEGI 3,**
100% starf. Íslenskumælandi, kurteis, þjónustulundaður, reglusamur og sérstaklega skemmtilegur starfsmaður óskast til starfa í fiskverslun okkar Sogvegi 3.
**Umsóknir sendist til kristjan@fiskikongurinn.is (merkt 100% starf)**

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu, hlutastarf. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs, part time. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

Starfsfólk óskast í þrif hjá ferðaþjónustu á Suðurlandi. Einnig vantar mann í griðingarvinnu og ýmiss önnur störf. www.horgsland.is Uppl. í s. 894 9249

Leitum að dugmiklum starfsmönnum á hjólbarða- og smurstöðvar Dekkjahallarinnar í Reykjavík og á Egilsstöðum. Umsóknareyðublöð á staðnum og á dekkjahollin.is

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í fullt starf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakari.is Uppl. í s. 555 0480

**APARTMENTK**
óskar eftir starfskrafti í móttöku, um næturvinnu er að ræða. Umsóknir sendist á sales@apartmentk.is ApartmentK is looking for a Night receptionist. Please send a CV to sales@apartmentk.is

## fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Frá 1957 Sala fasteigna í 57 ár — Elsta starfandi fasteignasala landsins
Framúrskarandi fyrirtæki 2013

### Opið hús í dag fimmtudag milli kl. 17 og 18

### Mýrargata 26 - Nýjar íbúðir í hjarta Reykjavíkur





- Glæsilegt sjö hæða íbúðahús með þremur lyftum
- Þriggja til fimm herbergja íbúðir með bílastæði í kjallara
- Bjartar og fallegar íbúðir, vandaður frágangur
- Sérinngangur í allar íbúðir
- Örstutt í alla þjónustu og iðandi mannlíf miðborgarinnar
- Frábært útsýni á besta stað við Reykjavíkurhöfn
- Fullbúnar íbúðir án gólfefna (baðherbergi og þvottahús flísalögð)
- Tilbúin sýningaríbúð
- Kynningarvefur á www.m26.is

**Nánari upplýsingar á eignamiðlun.is og hjá sölumönnum.**

**270 Mosfellsbær — Grundartangi 24**



**OPIÐ HÚS**
Fimmtud. 14. ágúst 17:00 - 17:30


Nánari upplýsingar veitir **Páll Þórólfsson,** sölufulltrúi pall@miklaborg.is **sími:** 893 9929

100 fm 4ra herbergja endaraðhús
Stór lóð, hellulögð að hluta
Húsið er vel skipulagt og talsvert endurnýjað


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **32,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**203 Kópavogur — Ásakór 15 íbúð 403**



**OPIÐ HÚS**
Fimmtud. 14. ágúst 17:30 - 18:00


Nánari upplýsingar veitir **Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Falleg endaíbúð á 4.hæð samtals 157 fm að stærð
Tvennar svalir, suður og vestur
Lyftuhús / Glæsilegt opið eldhús
Leikskóli og grunnskóli í göngufæri
Stæði í bílakjallara


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **42,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## húsnæði óskast

### Embassy – Housing

The American Embassy, is seeking to lease a house in the Reykjavik area as of September 1st. 2014. Required size is 180 – 240 square meters, 2 bathrooms and permission to keep pets.

Lease period is for 3 years. Please send an e-mail to: **eyjolfssongt@state.gov** before August 23rd. with information about the location (street and house number) and phone number of the contact person showing the property.

### Sendiráð – Húsnæði

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu Hús miðsvæðis á Reykjavíkursvæðinu frá 1. September 2014. Æskileg stærð 180 – 240 fermetrar, 2 baðherbergi og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: **eyjolfssongt@state.gov** fyrir 23. ágúst með upplýsingum um staðsetningu eignarinnar (götuheiti og húsnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.

# VERKFÆRI EHF

SUÐURLANDSBRAUT 32, 108 REYKJAVÍK



**TEREX - WWW.VERKFAERIEHF.IS**

RAFMAGN EÐA DÍSEL

**MEGA**




TEREX®

# CBR40

# KRANI

**Nýr 40 metra krani frá TEREX er á leiðinni til landsins**

**Kraninn kemur um miðjan september**

**Við bjóðum upp á leigu eða beina sölu**

**Þjónusta og uppsetning er í höndum Verkfæra ehf**

**Verkfæri ehf & TEREX Cranes geta útvegað margar tegundir & stærðir af krönum**

**Námskeið í uppsetningu á TEREX krönum verður haldið í september þegar þjónustustjóri TEREX kemur til landsins**

## YFIR 100 NOTAÐAR VÉLAR Á WWW.VERKFAERIEHF.IS




**Endilega hafðu samband í síma - 544 4210**

**Útvegum varahluti í allar tegundir vinnuvéla og lyftara**

# WWW.VERKFAERIEHF.IS

**www.facebook.com/verkfaeriehf.is**



Ólafur Baldursson - Framkvæmdastjóri
Telephone: +354 892 9399
E-mail: olafur@verkfaeriehf.is



Gunnar R. Ólafsson - Sölustjóri
Telephone: +354 859 9399
E-mail: gunnar@verkfaeriehf.is



Rögnvaldur Jónatansson - Varahlutir
Telephone: +354 783 1619
E-mail: roggi@verkfaeriehf.is



**KL. 20:05**

**Masterchef USA**

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

**KL. 20:50**

**NCIS**

NCIS er vinsælasti sjónvarpsþáttur í heiminum í dag. Leroy Gibbs og félagar glíma við flókið og hættulegt verkefni.




**KL. 21:35**

**Major Crimes**

Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild.



**KL. 22:20**

**Louie**

Gamanþættir um fráskilinn og einstæðan föður sem baslar við að ala dætur sínar upp í New York.



**KL. 20:05**

**Two and a Half Men**

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | **KL. 07:00-20:00**

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**KL. 20:25**

**Wilfred**

Bandarísk gamanþáttaröð með Elijah Wood í hlutverki manns sem fer að sjá hund nágrannans sem mann í hundabúningi.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | 8 | 9 | | | 1 |
| 3 | | 2 | | | 4 | 5 | 6 | |
| | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | 2 | | 8 | 9 | | 7 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | |
| 4 | | | | | 5 | 2 | 8 | |
| 7 | 9 | 6 | | | | | | 2 |
| | 4 | 8 | | 7 | | | | |
| | | | 6 | 4 | 8 | | 9 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 5 | | 2 | | 8 | |
| | | 3 | 8 | | 6 | | | 7 |
| 2 | 5 | | 3 | | | | | 6 |
| | | | 6 | 1 | | | | |
| | 9 | 5 | | | 3 | | 7 | |
| | 2 | | | | 8 | 3 | | 1 |
| 5 | 6 | | | | | | | |
| | | | | | | 8 | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 9 | | 7 | | 2 | | 8 |
| | | | | 6 | | 7 | | |
| 5 | | 8 | | | 2 | | 3 | |
| | 8 | | | | 1 | | | |
| | 4 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 3 | | | | | 9 |
| | | 1 | 5 | 8 | 7 | | | |
| | | | | | 4 | 1 | | |
| 4 | | | 6 | | | | 8 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 5 | 3 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 9 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 1 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 4 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 | 2 |
| 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 | 8 | 4 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 1 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 6 | 4 | 8 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 8 |
| 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 7 | 5 |
| 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 6 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 3 | 9 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 1 | 5 | 2 |
| 9 | 1 | 3 | 5 | 6 | 2 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 7 |
| 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 3 | 7 | 6 | 4 | 5 | 8 | 2 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Andstreymið afhjúpar snillina, sem velgengnin dylur.“**

*Hóras*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** útmá, **6.** frá, **8.** húðpoki, **9.** meðal, **11.** tveir eins, **12.** kæra, **14.** stoðvirki, **16.** fyrirtæki, **17.** fugl, **18.** annríki, **20.** í röð, **21.** vangi.

**LÓÐRÉTT**

**1.** steintegund, **3.** íþróttafélag, **4.** tréspíritus, **5.** hylli, **7.** felustaður, **10.** skip, **13.** fjallaskarð, **15.** hefðarkona, **16.** samræði, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** afmá, **6.** af, **8.** hes, **9.** lyf, **11.** tt, **12.** klaga, **14.** grind, **16.** ms, **17.** lóa, **18.** önn, **20.** lm, **21.** kinn.

**LÓÐRÉTT: 1.** talk, **3.** fh, **4.** metanól, **5.** ást, **7.** fylgsni, **10.** far, **13.** gil, **15.** dama, **16.** mök, **19.** nn.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ungverjinn Richard Rapport (2.714) hafði svart gegn Rúmenanum Levente Vajda (2.561) á Ólympíuskákmótinu í Tromsö.**

**Svartur á leik:**



**21. ... Bh2+!! 22. Rxh2 Hd6 23. Rf1 Hxd4 24. Rxd4 Df4** og svartur vann um síðir. Ungverjar hafa staðið sig afar vel og eru í öðru sæti. Kínverjar eru efstir. Ísland mætir Egyptalandi í lokaumferðinni.

**www.skak.is:** Lokaumferðin hefst kl. 9


Ástareldur
999
1.490
POTTAPLÖNTU
DAGAR
Indíánafjöður
1.990
2.449
Sólhlífartré
999
1.590
Kaktusar
499
699
Krýsi
1.690
2.490
Pottar 13 cm
999
Aloe Vera
1.990
2.490
Þykkblöðungar
499
699
Orkidea
1.990
2.490
Græna þruman
699
899
GRÆNA ÞRUMA
Mold 45 ltr
799
999
0,5 ltr
blómaval
Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri - Egilsstaðir
Vestmannaeyjar - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

# Ástríðan í sögunum kom á óvart

Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur þýddi smásagnasafnið Lífið að leysa eftir kanadíska Nóbelsverðlaunahöfundinn Alice Munro sem er nýkomið út hjá Forlaginu. Hún segir það hafa verið krefjandi verkefni enda sögurnar í knöppu formi en samt margslungnar.

„Ég held ég hafi átt von á því að lesa svolítið alvarlegar sögur um grimmileg örlög og tilvistarvandamál mannsins en það sem kom mér á óvart var hvað þær eru ástríðufullar. Þarna eru konur í framhjáhaldi hægri vinstri. Munro sýnir hvað allt er hverfult – hvernig ástin og girndin getur umturnað lífi fólks á einu andartaki. Örlögin eru svo margvísleg sem manneskjurnar mæta í sögunum hennar að manni finnst maður hafa lesið heila bók þegar maður er búinn með þær lengstu.“ Þetta segir Silja Aðalsteinsdóttir þegar hún er spurð hvað henni þyki einkenna smásögur Alice Munro en Silja hefur nýlokið við að þýða nýjustu bók Munro, Dear Life, sem á íslensku heitir Lífið að leysa.

Bókin kom út á frummálinu 2012 en Silja kveðst ekki hafa verið byrjuð á þýðingunni þegar Munro hlaut Nóbelinn 10. október 2013, fyrst Kanadamanna. „Ég var samt svo bráðheppin að ég var búin að lesa þessa bók. Ég hafði satt að segja ekki lesið Munro áður en Ólafur Jóhann Ólafsson sendi mér Dear Life þegar hún var alveg nýútkomin, meira að segja áritaða af frúnni sjálfri. Ég las hana og fannst hún gasalega skemmtileg. Ég hætti að vinna hjá Forlaginu um síðustu áramót og þegar ég fékk það sem skilnaðargjöf að fá að þýða hana varð ég yfir mig ánægð.“

Hún kveðst þó hafa vitað af Munro áður vegna áhuga fólks á að þýða hana fyrir Forlagið. „Svar Forlagsins var alltaf að það væri ekki nógu mikil sala í smásagnasöfnum, allra síst þýddum, því framleiðslukostnaður á þýddri bók er mun hærri en á frumsaminni bók vegna þýðingarlauna sem þarf að greiða við skil,“ útskýrir hún.

Silja segir þýðinguna hafa verið snúna þótt textinn sé á alþýðlegu máli. „Munro tálgar sögurnar svo mikið að stundum var ég í vandræðum með að vita hvað hún átti við. Auðvitað get ég ekki lofað því að ég hafi alltaf skilið hana rétt en ég hafði kanadíska konu á hliðarlínunni, hana Kenevu Kunz, sem er snillingur í íslensku líka. Hún býr hér en er fædd og uppalin í Kanada og þó að hún sé miklu yngri en Munro gat hún hjálpað mér með margt í sambandi við kanadískar aðstæður sem ég sá ekki fyrir mér. Svo er Munro lifandi og starfandi núna þannig að það er ekki búið að gefa út bækur um hana með glósum. Þegar maður þýðir 19. aldar skáldsögur, eins og ég hef gert áður, þá eru til fjölmargar útgáfur af hverri bók og með skýringum, meira að segja sérstakar skýringarbækur en þeim er ekki til að dreifa með svona nýjan höfund.“

Alice Munro hefur látið hafa eftir sér að hún sé hætt að skrifa. Nú ætli hún bara að vera venjuleg manneskja og ekki með hugann sífellt í öðrum heimum. „Hún er auðvitað orðin áttatíu og þriggja ára gömul en ef marka má ný viðtöl við hana þá er hún alveg skínandi klár í kollinum og aldrei að vita nema hún endurskoði þessa ákvörðun,“ segir Silja sem þegar hefur lesið níu bækur eftir Munro og búin að taka upp þá tíundu.



**ÞÝÐANDINN** „Munro hefur gefið út fjórtán smásagnasöfn og ég ætla náttúrlega ekki að hætta fyrr en ég er búin að lesa þau öll,“ segir Silja. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Munro hefur gefið út fjórtán smásagnasöfn og ég ætla náttúrlega ekki að hætta fyrr en ég er búin að lesa þau öll,“ segir hún. Spurningunni um hvort hún ætli að halda áfram að þýða hana svarar hún: „Það er allt undir því komið hvort þessi bók gengur vel. Það verður að láta á það reyna.“

gun@frettabladid.is

**Ég var samt svo bráðheppin að ég var búin að lesa þessa bók.**



**EIN MYNDANNA Á SÝNINGUNNI** Úr sögunni af blúsuðu síðpönksveitinni Síðasta geispanum.

# Myndasögur Bjarna á sýningu bókasafns

Á sýningunni Skuggar, sem opnuð verður á morgun í aðalsafni Borgarbókasafnsins, eru myndasögur eftir Bjarna Hinriksson frá síðustu tveimur árum.

Grafíska skáldsagan Skugginn af sjálfum mér eftir Bjarna Hinriksson er meðal efnis á sýningu sem opnuð verður á morgun í aðalsafni Borgarbókasafns við Tryggvagötu. Þar segir af tilvistarhremmingum myndasöguhöfundarins Kolbeins Hálfdánssonar og sögunni er raðað þar upp sem einu verki á vegg.

Sagan af herra Krafft og herra Terrmitik er vegamyndasaga í geimnum. Hún hefst sem leitin að lélegasta fimmaurabrandara Vetrarbrautarinnar og endar – tja, aldrei? Þetta eru dæmi af verkum Bjarna frá síðustu tveimur árum. Bjarni lærði myndasögugerð í Frakklandi og eftir að námi lauk hefur hann unnið sem fréttagrafíker hjá RÚV og kennt við Myndlistaskólann í Reykjavík auk þess að sinna myndasögugerð. Hann er einn af stofnendum Gisp!-hópsins sem gefið hefur út samnefnt myndasögublað síðan 1990. - gun

# Heimsókn í Vesturbæ

Verkamannabústaðirnir við Hringbraut eru í aðalhlutverki í kvöldgöngu Borgarsögusafns Reykjavíkur í kvöld klukkan 20.

Saga bústaðanna verður rakin í göngunni og litið þangað í heimsókn þar sem Kristín Róbertsdóttir tekur á móti hópnum fyrir hönd Húsfélags alþýðu. Lagt er upp í gönguna frá Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, og er gert ráð fyrir að hún taki um 90 mínútur.

Leiðsögumenn eru Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Kristín Róbertsdóttir.



**VIÐ HRINGBRAUT** Verkamannabústaðirnir voru byggðir á 4. áratug síðustu aldar. MYND/SIGURHANS E VIGNIR

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. - gun

# Slappur Mozart, óslappur tangó

TÓNLIST ★★★

**Lokatónleikar Tónlistarhátíðar unga fólksins í** Salnum, Kópavogi sunnudaginn 10. ágúst.

**FLYTJENDUR:** KAMMERSVEIT LEIÐBEINENDA Á NÁMSKEIÐUM HÁTÍÐARINNAR.

Mozart getur verið bæði skemmtilegur og leiðinlegur. Það fer eftir því hvernig hann er spilaður. Hann þarf að vera svo fágaður. Ef fágunina vantar verður tónlistin býsna ómerkileg áheyrnar. Þetta var vandamálið við kvartett fyrir píanó, fiðlu, víólu og selló í g-moll KV 478 sem fluttur var í Salnum í Kópavogi á morguntónleikum á sunnudaginn var. Þau Peter Maté á píanó, Auður Hafsteinsdóttir á fiðlu, Svava Bernharðsdóttir á víólu og Pia Eva Greiner-Davis á selló léku. Allar nótur voru á sínum stað og samspilið var nákvæmt. En það var ekki nóg. Laglínurnar voru ekki mótaðar af nægilegri smekkvísi. Það vantaði fegurðina, þær virkuðu oft hranalegar. Fyrir bragðið var heildarútkoman óttalega hrá, himneskur innblástur tónskáldsins komst ekki til skila.

Tónleikarnir voru endapunkturinn á Tónlistarhátíð unga fólksins, þar sem leiðbeinendur á námskeiðum hátíðarinnar komu fram. Mozart var langsístur, en túlkun Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara á Bacchanale eftir John Cage vakti líka spurningar. Hún lék þar á svokallað undirbúið píanó. Það þýðir að ýmsu drasli hafði verið komið fyrir á píanóstrengjunum til að breyta hljómnum. Tinna spilaði vissulega af nákvæmni. Verkið hefði þó mátt vera taktfastara þegar við átti, en draumkenndara inn á milli. Eins og var virkaði tónlistin nokkuð kæruleysisleg. Hún hefði þurft meiri dulúð til að hljóma almennilega.



**HLUTI FLYTJENDA** Auður Hafsteinsdóttir, Peter Maté, Svava Bernharðsdóttir og Pia Eva Greiner. MYND/ARNÞÓR

Annað á efnisskránni var hins vegar gott. Lux II eftir Huga Guðmundsson var unaður áheyrnar. Hallfríður Ólafsdóttir lék á þverflautu, en undirleikurinn var rafhljóð. Tónlistin var dáleiðandi, full af skáldskap og framvindan var mögnuð og spennandi. Hallfríður spilaði af sannfærandi einlægni og tæknilegum yfirburðum.

Svipaða sögu er að segja um stórskemmtilegan gjörning Hildigunnar Rúnarsdóttur. Hann bar yfirskriftina „Hvað, átti ég ekki að spila þetta? – hljómsveitarslagur fyrir tvær flautur og píanó.“ Hallfríður og Peter Maté, ásamt Sigríði Hjördísi Indriðadóttur flautuleikara, fluttu tónlistina. Hún samanstóð af þekktum flautusólóum sem flautuleikarar eru almennt frekar hræddir við. Þarna var eins og flautuleikararnir væru að berjast um yfirráðin og ómögulegt að segja hver vann! En heildaryfirbragðið var frábært.

Lofsöngur um eilífð Jesú, úr Kvartett um endalok tímans eftir Messiaen kom líka prýðilega út. Hann var þó leikinn ansi óvanalega, fyrir uppmagnað selló af Gyðu Valtýsdóttur og rafgítar af Shazad Ismaily. Vaninn er að spilað sé á píanó, ekki rafgítar. Þrátt fyrir þessa nútímalegu meðhöndlun var útkoman falleg, full af hástemmdri tilfinningu, akkúrat eins og tónlistin átti að hljóma.

Loks ber að nefna tvo slagara, annar var Tango Jalousie eftir Jakob Gade, sem Guðrún Á. Símonardóttir söng á sínum tíma undir nafninu Banvæn ást. Hinn var Por Una Cabeza eftir Gardel, en sá tangó fékk sínar fimmtán mínútur af frægð þegar Arnold Schwarzenegger dansaði við hann í kvikmyndinni True Lies. Þau Auður og Peter léku af kostgæfni, og í síðara verkinu bættist bráðefnilegur nemandi við í hópinn, Jóhann Örn Thorarensen. Það var skemmtilegur endir á tónleikunum.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Fremur misjöfn dagskrá, sumt var frábært, annað var beinlínis leiðinlegt.




**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 9-18 virka daga og 10-18 um helgar

HUNTONIT

STEIRER PARKETT

Krono Original

# FEGRAÐU HEIMILIÐ

Glæsilegt blað er komið út, úrval af parketi, flísum, hreinlætistækjum og ljósum.




Allt til að fegra heimilið í nýja BYKO blaðinu.

**Skoðaðu á BYKO.is**



Vnr. 15333281
GROHE Eurosmart eldhústæki.
**14.995** kr.





Vnr. 13615080
SALGAR Diana handlaugarskápur, 60 cm.
Blöndunartæki fylgir ekki.
**58.995** kr.



Vnr. 15332925
GROHE Eurosmart handlaugartæki með lyftitappa.
**10.995** kr.



Vnr. 52246001-2
RANEX VERA loftljós, svart eða hvítt.
**4.995** kr.

RAKAHELT LOFTLJÓS - IP44



Vnr. 52237752-3
MARS loftljós, rakahelt IP44
29 cm, E27, 42W, króm eða hvítt.
**5.995** kr.



Vnr. 52237736-8
NAXOS FLEX veggljós með dimmer,
GU10, hvítt, svart eða stál.
**6.995** kr.



Vnr 52237491-2
Borðlampi Murcia,
E14, 40W, svartur eða stál.
**7.995** kr.



Vnr. 52237123
SOFIA 5 arma
króna, króm.
**19.995** kr.



Vnr. 52237126
VALENCIA loftljós
fyrir glóperu, króm.
**24.995** kr.

## GÆÐAVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!

OSRAM

SCAN LIGHT

SANPLAST.

Villeroy & Boch 1748

GROHE



Vnr. 0113459
KRONO ORIGINAL harðparket,
Riviera eik með V-nót, 192x2000x10 mm.

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð
3.695 kr./m²
Almennt verð 4.795 kr./m²



Vnr. 0111731
Loftaþiljur, hvítar,
10/2600x20, 2 mm.

1.995 kr./m²

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 0113456
KRONO ORIGINAL harðparket,
Sea Breeze, 192x1285 mm, 7 mm.

1.895 kr./m²



Vnr. 0113478
KRONO ORIGINAL harðparket,
Rugged eik, 192x1285 mm, 8 mm.

2.595 kr./m²



Vnr. 0113487
KRONO ORIGINAL harðparket,
Harvester eik, 192x1285 mm, 8 mm.

2.995 kr./m²

# Taktfastir trommutöfrar í Hörpu

## Jazzhátíð Reykjavíkur fer fram í 25. sinn í ár og er einstaklega flott hátíð í vændum.

„Mér finnst þessi hátíð líta ótrúlega vel út og er geysilega ánægður með hana,“ segir Pétur Grétarsson, listrænn stjórnandi Jazzhátíðar Reykjavíkur, en hátíðin hefst í kvöld. Alveg óvart hefur hátíðin tekið á sig taktfasta mynd en nokkrir heimsþekktir trommuleikarar koma fram á hátíðinni í ár. „Það eru þrír erlendir snillingar að koma hingað að spila, Kúbumeistarinn Pedrito Martinez, sem er einhver flottasti konguleikari sem ég hef séð í mörg ár, og djassundrin Ari Hoenig og Jim Black sem eru báðir alveg frábærir trommuleikarar,“ segir Pétur. Auk þess koma nokkrir íslenskir trommusnillingar fram á hátíðinni.

Ari Hoenig verður meðal annars með fyrirlestur í Kaldalóni klukkan 14.00 á laugardag en hann kemur fram með kvartetti Andrésar Thors á föstudagskvöldið. Jim Black spilar með sínu eigin tríói á föstudagskvöld og með hljómsveitinni Pachora á laugardagskvöld.



PÉTUR GRÉTARSSON

Jazzhátíð Reykjavíkur er haldin í 25. sinn í ár og fer fram í Hörpu. Hún býður upp á tónleika með alþjóðlegu úrvalsliði djasslistamanna auk þess að leggja ríka áherslu á tónleika með því besta sem völ er á úr íslensku tónlistarlíf. Oftar og oftar fer þetta saman þar sem íslenskt djasstónlistarfólk starfar úti um allan heim. „Staða djassins hér á landi er mjög sterk í alþjóðlegu samhengi, við erum rík af flottu tónlistarfólki og ég lofa flottri hátíð.“ - glp

### → Dagskrá kvöldsins

**17.00** - Undirbúningur fyrir skrúðgöngu Jazzhátíðar. Safnast saman hjá Lucky Records við Hlemm.
**17.30** - Tak sax þinn og gakk! Listamenn hátíðarinnar og velunnarar ganga fylktu liði frá Lucky Records að Hörpu.
**19.00** - Opnunarhátíð í Hörpuhorni. Skemmtilegar ræður og óvænt tónlistaratriði. Opnun ljósmyndasýningar Slawek Przerwa.
**20.00** - Chris Speed Trio í Björtum loftum.
**21.00** - Pedrito Martinez Group í Norðurljósum.
**22.30** - Jam Session. Gestgjafi: Kristján Tryggvi Martinsson í Björtum loftum.






# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 14. ÁGÚST 2014**

## Tónleikar

**12.00** Gunnar Gunnarsson, einn virtasti organisti á Íslandi í dag, heldur tónleika á lokahelgi Alþjóðlegs Orgelsumars 2014 í Hallgrímskirkju. Miðaverð er 1.700 krónur.

**19.00** Opnunardagur 25. Jazzhátíðar Reykjavíkur hefst. Tónlistaratriði kvöldsins er Tríó bandaríska saxófónleikarans Chris Speed með Christohper Tordini á bassa og Matthíasi Hemstock á trommur. Dagpassi á hátíðina er á 3.900 krónur.

**20.00** Kormákur Bragason ásamt hljómsveit túlka Svante Svendsen úr vísum Svantes eftir danska skáldið Benny Andersen í Norræna húsinu.

**20.00** Kvöldið í menningarhúsinu Mengi verður tvískipt og hefst á sólótrommutónleikum með Julian Sartorius frá Sviss. Eftir stutt hlé koma svo Shahzad Ismaily, Gyða Valtýsdóttir, Rea Dubach og Skúli Sverrisson.

**20.00** Útgáfutónleikar Michaels Dean Odin Pollock og Sigga Sig verða haldnir á Hlemmur Square af tilefni útgáfu plötunnar 3rd.

**20.00** Rappfönksveitin Mc Bjór og Bland kemur fram á Café Flóru í Grasagarðinum. Einnig mun Jakobsson og föruneyti hans bregða fyrir.

**20.00** Tónlistarhátíðin Gæran 2014 hefst á Sauðárkróki. Þeir tónlistarmenn sem koma fram í kvöld eru Hafdís Huld, Sister Sister, Bergmál, Hlynur Ben og Valkyrja. Hátíðarpassi er á 6.500 krónur.

**21.00** Galaxy Night Out á skemmtistaðnum Húrra. DJ MUSICIAN, dj. flugvél og geimskip, RATTOFER og Tumi Árnason. Aðgangseryrir er 1.000 krónur.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

## Sýningar

**09.00** Á sýningunni Villt hreindýr á Íslandi í Flóanum í Hörpu er hægt að sjá og fræðast um hreindýr og líf þeirra. Hreindýrasýningin er fullkomin blanda menningar, náttúru og tækninýjunga og er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa.

**10.00** Expo-skálinn í Hörpu. 360 gráðu upplifun af íslenskri náttúru. Í skálanum er sýnd 15 mínútna íslensk kvikmynd framleidd af Sagafilm, þar sem íslenskri náttúru er varpað á fjórar hliðar og loft skálans og myndar þannig tening utan um gesti. Miðaverð er 1.500 krónur.

**12.00** Ljósmyndasýning Christine Gísladóttur, Augnablik, opnuð í Café Flóru í Grasagarðinum. Christine sýnir kyrralífsljósmyndir prentaðar á textíl. Myndirnar eru hluti af lokaverkefni hennar úr Ljósmyndaskólanum þaðan sem hún útskrifaðist í febrúar.

**17.00** Heima er best er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkuss Íslands. Sirkusinn er staddur með tjaldið Jöklu í Keflavík og er miðaverð 3.000 krónur.

**20.00** Fatahönnuðurinn Anita Hirlekar opnar sýningu í Hvítspóa Art Galleríý, Akureyri. Á sýningunni sýnir Aníta masterslínu sína úr Central Saint Martins í London. Sú lína var meðal annars valin til sýningar á London Fashion Week fyrir haust/vetur 2014.

## Uppákomur

**17.00** Síðasti grillviðburður ársins í Startup Reykjavík að Laugavegi 120, 2. hæð (Hlemmur). Öll teymin tíu sem taka þátt í ár munu kynna hugmyndir sínar stuttlega fyrir gestum en að því loknu verður boðið upp á grillaða hamborgara, pylsur og meðlæti.

**20.00** Verkamannabústaðirnir við Hringbraut eru í aðalhlutverki í kvöldgöngu Borgarsögusafns Reykjavíkur. Göngumenn líta einnig í heimsókn í verkamannabústaðina við Hringbraut þar sem Kristín Róbertsdóttir tekur á móti hópnum fyrir hönd Húsfélags alþýðu. Lagt er upp frá Grófarhúsi.

## Uppistand

**21.30** Tilraunauppistand í Comedy Klúbbnum í kjallaranum á BAR 11 í boði Tuborg og Aktu Taktu. Tilraunauppistönd eru uppistönd þar sem nýir grínistar fá tækifæri til að prófa uppistand og þjálfast, auk þess sem reyndari grínistar koma fram, halda sér í þjálfun og prófa nýtt efni. Aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inn á visir.is.*

# Verslun okkar að Tangarhöfða 2 er opin á laugardögum frá kl. 10-14 á meðan verslunin í Skeifunni er lokuð




Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**31 árs Mila Kunis leikkona**

**Þekkt fyrir:** Black Swan, Ted og Forgetting Sarah Marshall.

BÍÓFRÉTTIR

## Næsta Bond-stúlka fundin



Sá orðrómur hefur sprottið upp í Hollywood að hin unga leikkona Léa Seydoux komi til með að leika í næstu mynd um starfsmann leyniþjónustu hennar hátignar, James Bond. Myndin verður jafnframt hin 24. um Bond en talað er um að Seydoux muni fara með hlutverk svokallaðrar Bond-stúlku. Tökur á myndinni hefjast í nóvember.

## Vin Diesel verður ofurhetja



Leikarinn Vin Diesel sló í gegn sem Groot í ofurhetjumyndinni Guardians of the Galaxy en hann ýjaði nýlega að því að hann yrði með í nýrri mynd ofurhetjurisans Marvel, The Inhumans. Þetta gerði hann með stöðuuppfærslu á Facebook þar sem hann skrifaði „Vin og Marvel, þið öll látuð það gerast. Mér líður smá eins og Marvel haldi að ég sé Ómannlegur," en þar vitnar í hann í nafn nýju myndarinnar.

## Harðjaxlar um helgina



Í þriðju myndinni um hóp hinna fórnanlegu, Expendables, standa Barney og Christmas andspænis Conrad Stonebanks, en hann átti hlut í að setja hópinn á laggirnar mörgum árum áður. Í kjölfarið gerðist hann óvæginn vopnasali sem Barney neyddist til að útrýma, eða svo hélt hann. Barney ákveður að það þurfi nýtt blóð í bland við það gamla til að berjast við Stonebanks en myndin verður frumsýnd annað kvöld í Smárabíói.

## Lét illa á tökustað



Upp kom ansi leiðinlegt mál á tökustað nýjustu myndar Woodys Allen í Rhode Island en þar mætti maður í annarlegu ástandi og fór að kasta húsgögnum og ráðast á öryggisverði. Maðurinn var tæklaður af lögregluþjónum þegar hann reyndi að flýja vettvang en hann hefur núna verið handtekinn. Vitni á staðnum segja að maðurinn hafi mætt á tökustað og farið að spyrja öryggisverði skrítinna spurninga um leikara myndarinnar og þegar þeir svöruðu honum ekki fór hann að láta illa.



**Í LONDON** Bradley Cooper er nú í London við tökur. NORDICPHOTOS/GETTY

## Veldur öngþveiti

Tökur á nýjustu mynd leikarans Bradleys Cooper, Adam Jones, hafa valdið umferðaröngþveiti í London. Leikstjóri myndarinnar er John Wells en íbúar London hafa verið að pirra sig á umfangi tökuliðsins. „Fólk sem vinnur í nágrenni við tökustaðinn hefur kvartað yfir því að framleiðendur hafa bannað umferð á ákveðnum götum. Margir hafa misst stjórn á skapi sínu þar sem þetta getur orsakað að fólk mæti seint í vinnu," segir heimildarmaður The Daily Mirror.

Myndin verður frumsýnd 2015.



**MÆTTUR AFTUR** Harrison Ford er á batavegi eftir fótbrot. NORDICPHOTOS/GETTY

## Í tökur á ný

Tökur hefjast aftur á Star Wars, Episode VII í lok mánaðarins en tökur voru stöðvaðar í júní þegar aðalleikarinn, Harrison Ford ,fótbrotnaði á tökustað. Ford, sem ætlar að stökkva aftur í hlutverk Hans Solo í nýju myndinni, er á góðum batavegi og getur núna gengið án hjálpar. Leikstjórinn J.J. Abrams er æstur í að halda tökum áfram til að komast hjá því að fresta fyrirhuguðum frumsýningardegi sem er 18. desember 2015. Auk Fords leika þau Mark Hamill, Carrie Fisher, Oscar Isaac, Lupita Nyong'o og Christina Chong í myndinni.

# Selur bæði blóm og sjálfan sig

Nýjasta mynd Johns Turturro er á leið í kvikmyndahús á Íslandi. Kvikmyndin fjallar um blómasalann Fioravante í New York sem er plataður út í vændi af síblönkum vini sínum, Murray, til þess að koma honum úr fjárhagsvandræðum.

John Turturro hefur vermt hjörtu margra kvikmyndaáhugamanna í gegnum tíðina með hjartnæmum myndum sem hann skrifar, leikstýrir og leikur aðalhlutverkið í. Nýjasta mynd hans, Fading Gigolo, er þar engin undantekning.

Myndin skartar úrvalsleikurum á borð við John Turturro sjálfan, Woody Allen, Sharon Stone, Vanessu Paradis, Sofíu Vergara og Liev Schreiber en Turturro leikur hér hinn litilláta og tiltölulega hlédræga blómasala Fioravante í New York.

Dag einn kemur til hans góður vinur, hinn síblanki Murray, og segir honum að hann hafi hitt konu sem sé tilbúin að greiða þúsund Bandaríkjadali fyrir nótt með manni sem er fær um að uppfylla kynlífsdrauma hennar.

Murray, sem bráðvantar peninginn, ákveður að biðja Fioravante um að taka að sér verkefnið, fullviss um að hann valdi því auðveldlega. Sjálfur er blómasalinn þó efins um að hann sé rétti maðurinn til að sinna konunni en ákveður að lokum að láta á það reyna, aðallega samt til að hjálpa Murray að rétta úr kútnum fjárhagslega.

Í ljós kemur að Fioravante leynir á sér í rekkjubrögðunum og reynist hinn fullkomni elskhugi og opnar það um leið möguleika Murrays á að næla sér í meiri peninga og drífur hann til að afla þeim félögum frekari viðskipta á sama sviði.

Athæfið reynist tiltölulega auðvelt og vindur fljótt upp á sig. Málin byrja hins vegar að flækjast þegar Fioravante verður ástfanginn af einum viðskiptavininum, hinni einmana ekkju Avigal.

Rómantíska gamanmyndin hefur þegar fengið misjafna dóma gagnrýnenda en hún verður frumsýnd í Sambíóunum 29. ágúst.




**EFINS ELSKHUGI** Blómasalinn þurfti að hugsa sig um áður en hann tók ákvörðunina um að selja líkama sinn.



FARAND

# SIRKUS ÍSLANDS

— TJALDAR ÖLLU TIL —

REYKJAVÍK - ÍSAFJÖRÐUR - AKUREYRI - SELFOSS - KEFLAVÍK

# KEFLAVÍK

# 13. - 17.ÁGÚST

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SIRKUSISLANDS.IS




Reykjavík CAPITAL AREA
BÍLALEIGA AKUREYRAR Europcar
midi.is
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## HÖLL MINNINGANNA FRÁ ÁSDÍSI RÁN TIL ÁSDÍSAR RÁNAR

Árið 1990 óskaði fyrirsætan **Ásdís Rán Gunnarsdóttir** eftir pennavini í Barna-DV en á meðal áhugamála hennar voru sætir strákar og vildi hún helst skrifast á við krakka úti á landi.



**Ásdís Rán** fæddist 12. ágúst árið 1979 og á þar af leiðandi sama afmælisdag og lögfræðingurinn **Sveinn Andri Sveinsson** en hann var einmitt kosinn formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 1988.




Tveimur árum síðar fæðist barnsmóðir Sveins Andra, **Kristrún Ösp Barkardóttir** en sonur þeirra fæddist árið 2012.

Margt annað gleðilegt gerðist árið 2012 og




gekk **Sverrir Þór Sverrisson**, betur þekktur sem Sveppi, að eiga unnustu sína, Írisi Ösp Bergþórsdóttur sama ár. Sveppi var í Breiðholtsskóla á sínum tíma en **Ásdís Rán** var einmitt líka í Breiðholtsskóla.




# Kókbollakökur

Uppskrift að ljúffengum bollakökum með kók, hnetusmjöri og súkkulaði frá Thelmu Þorbergsdóttur sem heldur úti matarbloggi á síðunni Gottimatinn.is.

**Innihald**

**U.þ.b. 18–20 stk.**

Innihald
250 ml kók, ekki sykurlaust
60 g dökkt kakó
60 g smjör við stofuhita
130 g sykur
60 g púðursykur
1 egg
125 g hveiti
1 tsk. matarsódi
½ tsk. salt

Hnetusmjörskrem
230 g smjör við stofuhita
230 g hnetusmjör
500 g flórsykur
4 msk. rjómi
¼ tsk. Maldon-salt

Toppur
Sjávarsalt
Súkkulaðikurl
Skornar salthnetur

**Aðferð**

Hitið ofninn í 180°C og raðið bollakökuformum í bökunarmót og setjið á bökunarplötu.
Setjið kók, kakó og smjör í pott og bræðið yfir meðalháum hita þar til smjörið hefur bráðnað. Bætið sykri saman við og hrærið þar til hann er uppleystur. Takið pottinn af hellunni og látið kólna. Setjið egg í skál og hrærið, bætið því saman við blönduna og hrærið vel saman. Blandið hveiti, matarsóda og salti saman í skál og svo saman við blönduna. Hrærið þar til allt hefur blandast vel saman. Setjið deigið í bollakökuformin og passið ykkur að fylla þau ekki meira en að 2/3, eða u.þ.b. 2 msk. af deigi í hvert form. Bakið í 20-25 mínútur eða þar til tannstöngull kemur hreinn upp úr miðju kökunnar. Kælið kökurnar alveg áður en kremið er sett á.

**Hnetusmjörskrem**

Hrærið smjörið og hnetusmjörið þar til það hefur blandast vel saman.




**GIRNILEGAR** Thelma segir kókið koma í staðinn fyrir sykur og að það geri kökurnar einstaklega mjúkar.

Bætið flórsykri saman við, litlu í einu og hrærið vel á milli. Bætið því næst rjóma út í ásamt salti og hrærið þar til allt hefur blandast vel saman. Setjið kremið í sprautupoka og sprautið á kökurnar. Skreytið með súkkulaðikurli, salti og skornum salthnetum.



**SÆLL OG SÁTTUR** Alexander Schepsky er hrifinn af alvöru bæjarhjólum. MYND/DANÍEL

# Ekki í spandex á barinn

Alexander Schepsky rekur hjólreiðaverslunina Berlín en hann lét framleiða sérstök hjól fyrir verslunina til þess að koma með alvöru bæjarhjól til Reykjavík.

„Við áttum tveggja ára afmæli í júní og þá fékk ég þessa skemmtilegu hugmynd,“ segir Alexander Schepsky, einn eigenda reiðhjólaverslunarinnar Berlínar. Verslunin lét framleiða fyrir sig tíu bæjarhjól undir nafni Berlínar.

„Þau eru framleidd nálægt heimabæ mínum, Düsseldorf í Þýskalandi, en þetta eru klassísk götuhjól,“ segir Alexander. „Þau eru með innbyggða gíra og hjólin koma með lás og pumpu.“

Alexander lýsir hjólinu sem hinu fullkomna bæjarhjóli en núna eftir að hafa selt átta af hjólunum tíu hefur hann ákveðið að láta gera tólf stykki í viðbót. „Núna eru hjólastígarnir að verða svo fínir í Reykjavík sem er frábær þróun,“ segir hann. „Þá er miklu þægilegra að fara á svona klassískum hjólum með mjóum dekkjum og sitja uppréttur til að geta fylgst með umferðinni.“

Á hjólinu er líka myndarlegur bögglaberi svo að hjólreiðamaðurinn þurfi ekki að bera neitt á bakinu.

„Ég vildi prófa að koma með alvöru bæjarhjól til Reykjavíkur, það er langbest að vera bara á hjóli,“ segir Alexander. „Við reynum að nota þetta sem farartæki frekar en íþrótt, þú vilt ekki beint fara í spandex á barinn, það er ekki kúl.“ - bþ

> **Við reynum að nota þetta sem farartæki frekar en íþrótt, þú vilt ekki fara í spandex á barinn, það er ekki kúl**
>
> *Alexander Schepsky.*

# Féllu fyrir sömu flíkinni

Stjörnurnar lenda oft í því að klæðast sams konar fötum og eru þau augnablik oftar en ekki fest á filmu. Hér má sjá nokkrar sem klæðast sömu fötunum en þó hver með sínu lagi.





**THREE FLOOR-KJÓLL**
Þessi áberandi kjóll með bert á milli hefur verið vinsæll meðal stjarnanna. Hér eru þær Jamie Chung og Crystal Reed í honum og bera hann báðar afbragðsvel.





**ROKSANDA ILINCIC-PILS**
Þetta pils frá Roksöndu Ilincic er hægt að klæða bæði upp og niður með ólíkri útkom. Hér er Spice Girls-stjarnan Mel B í hlýralausum topp við en leikkonan Lizzy Caplan klæðist pilsinu við svartan síðerma topp með allt annarri útkomu.





**LANVIN- KJÓLL**
Þær Erin Andrews og Lupita Nyong'o féllu báðar fyrir sama hvíta kjólnum frá Lanvin með slaufunni. Flottur kjóll og setur vasinn á hann skemmtilegan svip.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
the berry company
Goji berry
VERÐLÆKKUN
61 kr.
Verð áður 359 kr.
298
kr. 1 ltr.
BÓNUS
NÝTT Í BÓNUS
179
kr. 1 ltr.
300 kr. lækkun pr.kg
verð áður 2298 kr.kg
KJARNAFÆÐI
1998
kr. kg
Kjarnafæði Frosnar lambakótilettur í raspi
ÍSLANDS LAMB
3798
kr. kg
Íslandslamb Ferskt lambafillet
ÍSLANDS GRÍS
FERSKT GRÍSAKJÖT
698
kr. kg
Íslandsgrís Ferskt grísahakk
NÝTT Í BÓNUS
Dáks
HONEY RINGS CEREALS
Snappy
459
kr. 750g
Bónus morgunkorn 750g
25% afsláttur
Verð áður 398 kr.
SPAR HAKK
299
kr. 625g
Kjarnafæði Frosið sparhakk 625g
BÓNUS Kjúklingur
Leggir
698
kr. kg
Bónus ferskir kjúklingaleggir
norðanfiskur
1898
kr. kg
FROSNIR Laxabitar íslenskir beinhreinsaðir m.roði
KJARNAFÆÐI
EINGÖNGU
miðlæris-sneiðar
1998
kr. kg
Kjarnafæði Grill lambalærisneiðar 1.fl.
BÓNUS Kjúklingur
Læri
698
kr. kg
Bónus fersk kjúklingalæri
norðanfiskur
1398
kr. kg
SJÓFRYST Ýsuflök roð og beinlaus
BÓNUS
1598
kr. kg
759
kr. kg
Bónus ferskur heill kjúklingur
Coca-Cola light
Coca-Cola
Coca-Cola zero
198
kr. 1,5 ltr.
Mountain Dew
198
kr. 2 ltr.
Egg Whites
298
kr. 454g
Amerískar Eggjahvítur 454g
Authentic Asia
AROMATIC CRISPY DUCK
2895
kr. kassinn
Crispy önd - matur fyrir 4
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

# Blæðingar vekja blendnar tilfinningar

Blæðingar eru skrýtið fyrirbæri. Ég gat ekki beðið eftir því að byrja á túr. Besta vinkona mín byrjaði í sjötta bekk og ég var svo öfundsjúk. Mér fannst óréttlæti heimsins ætla að ná hámarki þegar vinkonurnar grettu sig yfir því að geta ekki borðað tómatsósu þegar „Rósa“ var í heimsókn. Þú veist, því tómatsósa er rauð. Svona eins og túrblóð. Og hver er þessi Rósa, spurði ég sakleysislega en var mætt með augngotum og hljóðu klappi á öxlina. Kvenleiki minn og aðdráttarafl voru dregin í efa sökum túrleysis eða eins og einn sagði, „maður getur ekkert farið í sleik við hana, hún er ekki einu sinni byrjuð á túr“.

Þegar það svo loksins dropaði fagurrauðu þá var það eins og að vinna í lottóinu. Í kannski svona fimm mínútur. Svo voru það bara óþægileg dömubindi, skrýtin lykt, störukeppni við risastóra túrtappa, grátköst og mjóbaksverkur. Ég var samt eins og klukka. Ég gat sest á salernið korter yfir ellefu á settum degi og viti menn, rautt í klósettið, dömubindi í nærbuxurnar og skrjáf næstu fimm daga. Svona leið þetta þar til ég uppgötvaði pilluna. Ofsalega var það freistandi að sleppa blæðingum og láta eins og þetta blóð gæti bara átt sig, eða komið einhvern tíma seinna. Allt þetta blóð. Það er stundum yfirþyrmandi að þurfa alltaf að fara á blæðingar. Mánaðarlega. Einmitt þegar ég ætlaði að pæjast í hvítu buxunum, eða fara í útileguna, eða á djammið í þröngum kjól eða bara hreinlega nennti ekki að standa í þessu. En svo breyttist allt. Þegar blæðingar láta á sér standa hjá útsprunginni rós fer maður að dansa blæðingadansinn og þráir ekkert heitar en hið dimmrauða fljót á milli fótleggjanna. Af hverju blæðir ekki? Hvar er blóðið? Ó, elsku Rósa, komdu í heimsókn! Ekki láta mig pissa á bannsett prikið. Svo kom hún og ég varð glöð. Í um fimm mínútur. Æ, það er hundleiðinlegt að vera á túr.

Árin liðu og enn og aftur breyttust túrtengdar tilfinningar mínar. Ég gladdist yfir dögunum þegar blæðingar létu á sér standa. Ég skolaði niður pilluspjaldinu og fagnaði hormónafríum líkama sem ætlaði að samstilla sig við móður náttúru og gang tunglsins. En vonaði einnig leynilega að lítil sáðfruma myndi hitta lítið egg og búa til litla okfrumu. Spenningur, gleði og eftirvænting urðu að engu er sakleysislegt þvagið varð bleikblettótt. Mánuð eftir mánuð. Svo hættu þær. Heillengi alveg og okfrumurnar urðu tvær. Ó, sá unaður að vera túrfrjáls og þurfa ekkert að pæla í þessu veseni. Þó verður það að játast að það er minna vesen að vera fimm daga í mánuði á túr en tólf mánuði í fatnaði sem gerir ráð fyrir auðveldu aðgengi að brjóstum í tíma og ótíma. Ætli fullum hring sé ekki náð því nú tek ég þeim fagnandi mánaðarlega, en sú gleði varir aðeins fyrstu fimm mínúturnar, svo langar mig bara upp í rúm með poka af bingókúlum og góða bók.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is




ÚTSALA
REYKJAVÍK - AKUREYRI
20-50%
AFSLÁTTUR



STARLUX Heilsurúm
Margir litir - (160x200cm án höfðagafls)
30% AFSLÁTTUR
Verð: 98.770.-

FRÁBÆRT ÚRVAL BAÐVARA
30% AFSLÁTTUR

Vogue FYRIR HEIMILIÐ
Síðumúla 30 - Reykjavík | Hofsbót 4 - Akureyri


# Stjarna er fallin frá

Íðilfagra leikkonan með rámu röddina, Lauren Bacall, sem var í hópi 25 mikilvægustu kvikmyndastjarna sögunnar, lést á þriðjudag í New York. Hún var farsæl leikkona, bæði á skjánum og á sviði. Bacall giftist Humphrey Bogart og þau voru saman allt þar til hann lést. Hún átti einstaka ævi og var ávallt svöl á skjánum.

**TÍMALÍNA**
**ÆVIFERILL LAUREN BACALL**

1922 – 1926 – 1930 – 1934 – 1938 – 1942 – 1946 – 1950 – 1954 – 1958 – 1962 – 1966 – 1970 – 1974 – 1978 – 1982 – 1986 – 1990 – 1994 – 1998 – 2002 – 2006 – 2010 – 2014

- Fæddist í New York og fékk nafnið Betty Joan Perske.
- Foreldrar hennar skilja.
- *„Hann var ekki góður maður,“ sagði Bacall seinna um föður sinn.*
- Kemur í fyrsta skipti fram á Broadway.
- Fær fasta stöðu sem fyrirsæta fyrir Harper's Bazaar.
- Leikur í kvikmyndinni „To have and have not“ með Humphrey Bogart.
- Eignast soninn Stephen Humphrey Bogart.
- Giftist hinum 44 ára gamla leikara Humphrey Bogart.
- Fyrsta dóttirin, Leslie Howard Bogart, fæðist.
- Eiginmaður Bacall, Humphrey Bogart, greinist með krabbamein.
- Bacall verður ekkja þegar Bogart deyr á heimili sínu í Kaliforníu.
- Trúlofast Frank Sinatra en hann slítur trúlofuninni snögglega.
- Fær stjörnu með nafni sínu á Hollywood Walk of Fame.
- *„Hann hegðaði sér eins og algjör fáviti,“ sagði Bacall um Sinatra síðar.*
- Þriðja barnið, Sam Robards, fæðist.
- Bacall og Robards skilja.
- Bacall giftist leikaranum Jason Robards.
- Hlýtur Tony-verðlaun fyrir „Applause“
- Leikur í „Sex and the single girl“.
- Hlýtur verðlaun fyrir ævisögu sína, Lauren Bacall: By myself.
- Leikur í „Murder on the oriental express“.
- Hlýtur Cecil B. DeMille-verðlaunin fyrir ævistarf sitt.
- Fær Golden Globe-verðlaunin fyrir „The mirror has two faces“ og tilnefningu til Óskarsins.
- Valin ein af 25 mikilvægustu kvikmyndastjörnum sögunnar.
- Starfar með Lars Von Trier í „Dogville“.
- Leikur lítið en eftirminnilegt hlutverk í „The Sopranos“.
- Fær heiðursverðlaun Akademíunnar á Óskarsverðlaununum.
- Ljær Evelyn, persónu í einum þætti af Family Guy, rödd sína.
- Deyr á heimili sínu í New York.







**HEIÐRUÐ** Lauren Bacall þegar hún tók við heiðursverðlaunum Akademíunnar á Óskarsverðlaunaathöfninni árið 2010.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Hamskiptin
eftir Franz Kafka í leikgerð Vesturports
★★★★★
The Australian Stage
★★★★★
Time Out Hong Kong
★★★★★
The Guardian
★★★★★
Sunday Express
★★★★★
Daily Mail
★★★★★
Daily Telegraph
★★★★★
What's On Stage
„Snilldarverk“
New York Times
Rómuð sýning Vesturports snýr aftur eftir sigurgöngu um heiminn.
Sýnt frá 17. september.
Aðeins 9 sýningar.
Tryggðu þér leikhúskort!
551 1200 | HVERFISGATA 19 | LEIKHUSID.IS | MIDASALA@LEIKHUSID.IS
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ











# Væntingastjórnun

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Væntingastjórnun er nýjasta tískuorðið. Þegar stjórnendur búa fólk undir það versta og ná þannig að halda því ánægðu þótt ekki sé boðið upp á það besta. Hamingjan snýst víst ekki um hvað þú færð heldur hvað þú færð miðað við hvað þú taldir þig eiga rétt á að fá.

**NÝLEGA** var gerð könnun á vegum University College í London með það að markmiði að búa til jöfnu fyrir hamingjuna. Þátttakendur voru látnir svara spurningunni „hversu hamingjusamur ertu núna" á meðan þeir undirgengust veðmál með mismunandi forsendum. Til að sannreyna svörin voru höfuð þátttakenda tengd við tölvu þar sem lesið var í rafboð sem heili þeirra gaf frá sér þegar svör voru gefin. Í ljós kom að það er ekki raunverulegur ávinningur sem stjórnar hamingjunni heldur hlutfallsleg útkoma miðað við væntingar. Að koma út á núlli í veðmáli með slæmum líkum veitir fólki hlutfallslega jafn mikla hamingju og að græða á veðmáli þar sem taplíkur eru litlar.

**Á** mannamáli þýðir þetta að það getur veitt heilsulitlum manni jafn mikla hamingju að labba upp Öskjuhlíðina eins og atvinnufjallagarpi að klífa á tind Everest. Um þetta hafa skáldin ort og óþarfi að fjölyrða um það. Miðað við þetta er „væntingastjórnun" klókt bragð hvort sem því er beitt af stjórnmálamönnum eða foreldrum. En svo er einnig spurning hvort „hamingja" sé aðeins of stórt hugtak til að rúmast innan þessara hugsana.

**„ÞEIR** segja að ef maður vísi burt voninni, þá veitist manni allt," söng Megas og það geta vísindamennirnir frá University College tekið undir. En í línunni er undirliggjandi hryggð. Fylgi maður þessari hugsun til enda þá er alltaf best að gera sjálfan sig eins vonlítinn og mögulegt er. Samkvæmt því ætti leiðin að hamingjunni að vera að rífa sjálfan sig niður, útiloka vonir og væntingar, krefjast og vænta einskis – en það er leið ógæfunnar.

**VÆNTINGASTJÓRNUN** er vandmeðfarin. Hún virkar lógísk en hamingjan er þrátt fyrir allt ekki bundin rökum.



**SÁTTIR VIÐ UPPTÖKURNAR** Liðsmenn Quarashi eru ekkert pirraðir yfir því að upptökur af tónleikum þeirra með Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi ratað á netið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Afar sjaldgæfar upptökur á netið

**Upptökur frá tónleikum Quarashi og Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2001 hafa litið dagsins ljós á netinu. Um afar sjaldgæfar upptökur er að ræða.**

„Ég vissi að þessar upptökur væru til en hafði ekki heyrt þetta í þrettán ár," segir Sölvi Blöndal, forsprakki hljómsveitarinnar Quarashi, en upptökur frá tónleikum sveitarinnar ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands eru komnar á netið, án þess þó að liðsmenn Quarashi hafi haft hugmynd um það. Á aðdáendasíðu Quarashi verður sett inn eitt lag á dag í sjö daga en lögin á tónleikunum voru einmitt sjö. Þrjú lög eru þegar komin inn á síðuna.

Tónleikarnir sem um ræðir fóru fram árið 2001 og vöktu mikla athygli á sínum tíma. „Þetta var mjög áhugavert því það hafði enginn gert þetta áður, rapphljómsveit og sinfóníuhljómsveit að spila saman er eitthvað sem hafði ekki verið gert áður," bætir Sölvi við léttur í lundu.

Hann minnist þess þó að lítið hafi verið æft fyrir tónleikana. „Við spiluðum prógrammið í fyrsta sinn með Sinfó á tónleikunum og æfðum aldrei nema bara hver í sínu lagi. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson útsetti þetta frábærlega og þetta gekk ótrúlega vel, við vissum ekki hvernig þetta myndi takast," útskýrir Sölvi. Sölvi og Þorvaldur Bjarni unnu einnig saman að laginu Til hamingju Ísland sem fór í Eurovision á sínum tíma.

Upptökurnar af tónleikunum fóru þó í útvarpsspilun á sínum tíma. „Það er líklegast að upptökurnar hafi lekið á netið í gegnum útvarpsspilunina en mér finnst samt bara fínt að þetta komi á netið. Ég held samt að þessar upptökur komi ekki til með vera gefnar út nema bara svona á netinu," segir Sölvi.

Liðsmenn Quarashi eru þessa dagana að jafna sig eftir vel heppnaða tónleika á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. „Núna erum við bara að slaka á, við vorum mjög ánægðir með þessa tónleika. Ég veit ekki alveg hvað gerist næst hjá Quarashi."

**- glp**




# NÝR RISA BÆKLINGUR

## ALLAR HEITUSTU FARTÖLVURNAR Í SKÓLANN




# OPIÐ ALLA HELGINA

**OPIÐ ALLA HELGINA**

Í dag og föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




**Tilboðin gilda 31. júlí - 4. ágúst 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-30%

LAMBAFILE
M/FITURÖND Í VILLIKRYDDI
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 4.989
3.492,-



LAMBABÓGUR
KRYDDAÐUR
KÍLÓVERÐ
1.298,-



-25%

LAMBAKÓTELETTUR
Í RASPI
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 2.459
1.844,-

GÓÐ KAUP / LÁGT STYKKJAVERÐ




STÓRIR KASSAR!



PAMPERS BLEIUR
3/4/4+/5
VERÐ PER PK
2.498,-



-40%

CIABATTA - 300G
TÓMAT&HVÍTLAUKS
STYKKJAVERÐ
ÁÐUR 398
239,-




DORITOS - 3 TEG.
STYKKJAVERÐ
ÁÐUR 239
199,-

MASTERLINE
Professional Beauty
HÁR & HÚÐVÖRUR
-20%



**ENSKA ÚRVALS-DEILDIN** HEFST EFTIR **2 DAGA**

**visir.is** Finna má meira um Ensku úrvalsdeildina á Vísi




## Stjörnuleikmaðurinn

**ALEXIS SÁNCHEZ** spilaði frábærlega fyrir Barcelona á síðustu leiktíð eftir tvö ekki jafngóð ár þar á undan. Hann skilaði 21 marki í öllum keppnum og var á löngum köflum besti maður liðsins. Sánchez hélt áfram að heilla menn á HM og virðist nokkuð augljóst að hraði hans, kraftur og hlaupageta séu sérsniðin að ensku úrvalsdeildinni. Með Sánchez og Theo Walcott utan á Oliver Giroud frammi og Mezut Özil fyrir aftan hann er kominn vægast sagt beittur oddur á sóknarspjót Arsenal-liðsins.

## Í þriðja sætinu í deildinni verður Arsenal

Fréttablaðið hefur að undanförnu birt spá sína fyrir ensku úrvalsdeildina í fótbolta og nú er komið að liðinu sem verður með í titilbaráttunni, en þarf á endanum að sætta sig við þriðja sætið í deildinni.

Arsenal var eins og svo oft áður líklegt til afreka framan af síðasta tímabili, en eins og svo oft áður klikkaði liðið eftir áramót. Aftur á móti vann liðið fyrsta titilinn í níu ár og því fylgdi síðan sigur í Samfélagsskildinum um daginn. Það skal ekki vanmeta hversu miklu máli það skiptir leikmenn að vinna titla þegar illa hefur gengið. Annað sumarið í röð var Wenger með veskið á lofti og pungaði út 35 milljónum fyrir stjörnuframherja. Verði Aaron Ramsey í sama formi og í fyrra og haldi Özil út heila leiktíð eru skytturnar til alls líklegar. Nú finna þær loks blóðbragðið.

### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

| | |
|---|---|
| **Englandsmeistari** | Á morgun |
| 2. Man. City | 3. Arsenal |
| 4. Man. United | 5. Liverpool |
| 6. Everton | 7. Tottenham |
| 8. Stoke | 9. Swansea |
| 10. Newcastle | 11.Southampton |
| 12. Aston Villa | 13. C. Palace |
| 14. Sunderland | 15. West Ham |
| 16. Hull | 17. QPR |
| **Þessi lið falla** | |
| 18. WBA | 19. Leicester |
| 20. Burnley | |

## NÝJU ANDLITIN



**MATHIEU DEBUCHY**
➜ Kom frá Newcastle
29 ára bakvörður

**CALUM CHAMBERS**
➜ Kom frá Southampton
19 ára varnarmaður

**DAVID OSPINNA**
➜ Kom frá Nice
25 ára markvörður



**LOKATÆKIFÆRIÐ** Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Risaleikir tvo daga í röð

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson tilkynnti í gær íslenska hópinn sem mætir Dönum í undankeppni HM 2015 á Laugardalsvelli 21. ágúst. Leikurinn er gríðarlega mikilvægur upp á framhaldið, en Ísland þarf að vinna alla þrjá leikina sem eftir eru í 3. riðli undankeppninnar til að eygja von um að komast í umspil um sæti á HM.

Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sif Atladóttir verða ekki með vegna meiðsla, en 15 af 20 leikmönnum í hópnum leika í Pepsi-deildinni.

Ísland og Danmörk skildu jöfn, 1-1, í fyrri leiknum en Freyr segir að íslenska landsliðið eigi erfitt verkefni fyrir höndum á Laugardalsvellinum, en þetta verður í fyrsta sinn sem þessar þjóðir mætast á íslenskri grundu. En hvað þarf Ísland að gera til að vinna leikinn?

„Við þurfum að undirbúa okkur vel og ná upp góðri stemmningu innan liðsins og svo þurfum við að fá fólk á völlinn," sagði Freyr og bætti við: „Við þurfum að hafa varnarleikinn í lagi, pressa á réttum stöðum og reyna að vinna boltann framarlega á vellinum eins og oft og við getum," sagði landsliðsþjálfarinn.

Leikur Stjörnunnar og Inter í forkeppni Evrópudeildarinnar fer fram daginn áður á Laugardalsvellinum. Freyr segir að sá leikur muni eflaust fá mikla athygli, en vonast þó að áhorfendur muni mæta vel á leikinn gegn Dönum: „Við fáum risastóra leiki í Laugardalnum tvo daga í röð. Það er ekki mikið eftir af sumrinu og ég vona að fólk nýti tækifærið og sjái báða leikina." - iþs

# Enginn venjulegur nýliði

Denis Cardaklija svaraði kallinu og tók hanskana af hillunni. Hann var líka ekki lengi að eyða efasemdaröddum og varð fyrsti markvörður Fram í sex ár sem heldur Frammarkinu hreinu í tveimur leikjum í röð.

**FÓTBOLTI** Júlímánuður var ekki bjartur í Safamýrinni í sumar. Framliðið tapaði fimm leikjum í röð í Pepsi-deildinni og markatalan var 1-13. Með sama áframhaldi blasti ekkert annað við en fall en þegar Bjarni Guðjónsson mætti hins vegar með lið sitt á Þórsvöllinn var hann með ás upp í erminni.

Denis Cardaklija, 26 ára sonur vítabanans Hajrudins Cardaklija, var búinn að taka hanskana niður af hillunni og stóð á milli stanganna í þessum mikilvæga leik.

Denis var vissulega ekki ókunnugur því að klæðast Framtreyjunni en var samt enn nýliði í efstu deild þrátt fyrir þrjú tímabil sem varamarkvörður Fram. Það efuðust því margir um að reynslulaus markvörður sem hafði ekki spilað deildarleik í fjögur ár gæti hjálpað til við að loka hriplekri vörninni.

Nú, tveimur leikjum síðar, eru Framarar búnir að bæta við sig sex stigum, komnir upp úr fallsæti og það sem meira er – Denis er ekki enn búinn að fá á sig mark.

„Það kom pínu á óvart hvað það gekk vel í þessum fyrstu leikjum," viðurkennir Denis. „Þegar Bjarni heyrði í mér þá þurfti ég að hugsa mig vel um hvort að það væri rétt fyrir mig að fara inn í þetta svona og hvort ég gæti virkilega hjálpað liðinu að ná úrslitum. Bjarni bauð mér á æfingu og svo byrjaði þetta að ganga vel. Mér leið eins og ég hefði aldrei farið," segir Denis.

### Svo er pabbi þarna líka

„Margir höfðu efasemdir um mig, enda ekkert eðlilegt að hoppa inn á miðju tímabili eftir að hafa verið frá í nánast eitt ár. Þegar fólk hefur trú á þér, eins og Bjarni þjálfari og strákarnir höfðu, þá veistu að þetta er hægt. Svo er pabbi þarna líka," sagði Denis.

„Kærastan mín og fjölskyldan mín sögðu alltaf við mig að ég væri nægilega góður og að ég gæti þetta alveg. Það hjálpaði mér mikið en líka það að ég veit hvað ég get og hvaða takmörk ég hef," segir Denis. Faðir hans, Hajrudin Cardaklija, er markmannsþjálfari liðsins. Hajrudin gerði garðinn frægan með Breiðabliki í efstu deild og er enn í dag mesti vítabaninn í sögu deildarinnar.

„Um leið og gamli samningurinn minn rann út í desember þá bauðst pabba fyrir tilviljun að taka við kvennaliðinu og svo datt hann inn í markmannsþjálfunina í framhaldinu. Svo er ég allt í einu kominn inn í þetta og hann því orðinn markmannsþjálfarinn minn. Þetta er mjög skemmtilegt allt saman. Hann hefur þjálfað mig áður bæði í meistaraflokki og yngri flokkum," segir Denis.

### Þrjú ár á bekknum

Denis var í herbúðum Fram frá 2011 til 2013 en fékk ekki að spila. „Þegar ég samdi fyrst við Fram þá kom ég inn í liðið sem varamarkvörður. Þá var Ögmundur (Kristinsson) að fá sitt tækifæri eftir að Hannes (Þór Halldórsson) fór í KR. Staðan var bara þannig að Ögmundur var frábær þessi ár sem hann var í Fram. Hann fékk heldur aldrei brottvísun og meiddist nánast aldrei. Hann var því að sjálfsögðu markvörður númer eitt á þessum tíma," segir Denis. Hann fékk samt nóg á endanum.

„Ég fékk bara leiða á þessu. Ég var búinn að vera á bekknum í þrjú ár. Ég hafði líka í nógu öðru að snúast í skólanum og var í fullu starfi með honum. Þetta var orðið of mikið af því góða. Svo er minna að gera núna, það er lítið eftir af náminu og boltinn passar betur inn í þetta núna en á sama tíma í fyrra," segir Denis sem er að klára meistaranám í stjórnun og stefnumótun í viðskiptafræðinni.

Unglingalandsliðsmarkvörðurinn Hörður Fannar Björgvinsson er nú í sömu stöðu og Denis var í mörg ár. „Hann er mjög góður markvörður og á mjög bjarta framtíð fyrir sér. Hans tækifæri kemur fyrr en síðar. Ég lærði mikið af pabba á sínum tíma enda mikið að æfa með honum einn og á markmannsæfingum. Ég er ánægður fyrir hönd Harðar að hann fái að æfa með pabba því þó að hann sé pabbi minn þá segi ég það hreint út að hann er mjög góður markmannsþjálfari. Hann á eftir að hjálpa honum mjög mikið," segir Denis.

ooj@frettabladid.is




**CARDAKLIJA-FEÐGARNIR SAMAN Á NÝ** Denis Cardaklija og faðir hans, Hajrudin, á Framvellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ákvæði um mismunun reynist sumum félögum rándýrt

Þrjú félög sektuð af Knattspyrnusambandi Íslands um samtals 350.000 krónur fyrir brot á nýrri reglu sambandsins um mismunun.

**FÓTBOLTI** Ný grein, sú sextánda, í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál hefur heldur betur látið á sig reyna á sínu fyrsta sumri í knattspyrnunni. Í henni segir: „Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti fimm leiki."

Nýja ákvæðið er þýðing á ákvæði í agareglugerð FIFA sem öllum knattspyrnusamböndum innan FIFA ber að taka upp, en það felur í sér harðari viðurlög við hvers kyns mismunun.

Samtals hafa þrjú íslensk félög verið sektuð um 350.000 krónur, en þetta er margföld hækkun á sektum vegna mismununar sem má á einfaldari hátt kalla kynþáttaníð.

Fyrst var leikmaður Víðis í Garði úrskurðaður í fimm leikja bann í deildabikarnum fyrr í sumar fyrir að beita mótherja sinn kynþáttaníði og félagið sektað um 100.00 krónur. Sú tala meira en tvöfaldaðist svo í gær.

Þá var ÍBV sektað um 150.000 krónur fyrir kynþáttaníð stuðningsmanns félagsins í garð Farids Zato, leikmanns KR, og Víkingur í Ólafsvík fékk 100.000 króna sekt vegna framkomu Eyþórs Helga Birgissonar í garð aðstoðardómara í leik gegn Grindavík um síðustu helgi. Sextánda greinin ætlar að reynast erfið veskjum gjaldkera sumra liða en að sama skapi mikilvæg fyrir íþróttina.

Viðurlögin við kynþáttaníði fyrir ekki meira en ári voru mun vægari. Ber að nefna að Keflavík fékk ekki nema 30.000 króna sekt fyrir kynþáttaníð stuðningsmanns liðsins í garð Tonnys Mawejje í september á síðasta ári, en það hefur lengi verið hámarkssekt knattspyrnusambandsins.

Það var ekki í fyrsta skipti sem leikmaður ÍBV varð fyrir barðinu á kynþáttaníði, en sumarið 2007 fékk Fjölnir sekt fyrir hegðan stuðningsmanna liðsins í garð Andrew Mwesigwa í 1. deildinni..

ÍBV nýtti því tækifærið í gær í yfirlýsingu sinni og fagnaði hversu hart væri tekið á málum. - tom



**SEKT** Eyjamenn voru sektaðir fyrir kynþáttaníð í garð Farids Zato. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ENSKA ÚRVALS-DEILDIN**
HEFST EFTIR
**3 DAGA**

**visir.is**
Finna má meira um Ensku úrvalsdeildina á Vísi



## Stjörnuleikmaðurinn

**YAYA TOURÉ** Þessi ótrúlegi miðjumaður frá Fílabeinsströndinni átti hreint út sagt magnað tímabil í fyrra og verður fróðlegt að sjá hvernig honum tekst upp í ár. Hann hefur verið lykilleikmaður Manchester City í bæði skiptin sem félagið hefur unnið ensku úrvalsdeildina og mun eflaust mikið mæða á honum í sóknarleik liðsins í ár.

Toure blómstraði við hlið Fernandinhos á síðasta tímabili og gæti koma landa hans, Fernandos, aukið mikilvægi Toure í sóknarleik liðsins þar sem honum líður best.

Það vakti mikla athygli þegar Toure fór í fýlu fyrr í sumar og vildi fara frá félaginu en hann virðist hafa litið framhjá því og er tilbúinn að leiða lið City á nýju tímabili.

## Í öðru sætinu í deildinni verður Man. City

Fréttablaðið hefur að undanförnu birt spá sína fyrir ensku úrvalsdeildina í fótbolta og nú er komið að liðinu sem lendir í öðru sæti.

Þrátt fyrir að hafa tapað illa fyrir Arsenal í Samfélagsskildinum á dögunum skyldi enginn afskrifa lærisveina Manuels Pellegrini í ár.

Það mun mikið mæða á hryggjarsúlu liðsins, þeim Joe Hart, Vicent Kompany, Yaya Toure og Sergio Agüero. Ef þessir menn haldast heilir og spila á pari skyldi enginn útiloka Manchester City í baráttunni um enska meistaratitilinn í þriðja sinn á fjórum árum.

Þá verður fróðlegt að fylgjast með framgöngu Stevans Jovetic en Svartfellingurinn hefur slegið í gegn á undirbúningstímabilinu. Þá verður gaman að fylgjast með miðverðinum Mangala í vetur en City hefur verið á höttunum eftir honum í langan tíma.

### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

| | |
|---|---|
| **Englandsmeistari** | ??? |
| 2. Man. City | 3. Arsenal |
| 4. Man. United | 5. Liverpool |
| 6. Everton | 7. Tottenham |
| 8. Stoke | 9. Swansea |
| 10. Newcastle | 11. Southampton |
| 12. Aston Villa | 13. C. Palace |
| 14. Sunderland | 15. West Ham |
| 16. Hull | 17. QPR |
| **Þessi lið falla** | |
| 18. WBA | 19. Leicester |
| 20. Burnley | |

### NÝJU ANDLITIN



**ELIAQUIM MANGALA**
➜ Kom frá Porto

**BACARY SAGNA**
➜ Kom frá Arsenal

**FERNANDO**
➜ Kom frá Porto

**WILLY CABALLERO**
➜ Kom frá Málaga

**FRANK LAMPARD**
➜ Kom frá NYCFC



**EINBEITT** Aníta náði sínum besta tíma á árinu á EM í Zürich. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Aníta skrefi frá úrslitunum

**FRJÁLSAR** Hlaupadrottningin Aníta Hinriksdóttir keppir í undanúrslitum í 800 metra hlaupi kvenna í dag. Aníta tekur þessa dagana þátt í Evrópumótinu í frjálsum íþróttum sem fer fram í Zürich. Aníta komst naumlega í undanúrslitin í gær er hún kom í mark á 2:02,12 mínútum.

Í heildina var Aníta með tíunda besta tímann af öllum í gær en þetta var besti tími Anítu í ár. Aníta byrjaði hlaupið vel og var í forystu eftir fyrri hringinn í gær sem hún hljóp á 1:00,71 mínútu. Hún hélt forskotinu allt til loka þegar fjórar konur tóku fram úr henni á lokasprettinum.

Áætlað er að undanúrslitin hefjist klukkan 16.38 í dag en ásamt Anítu keppir Hafdís Sigurðardóttir í riðlakeppninni í 200 metra hlaupi og Guðmundur Sverrisson í undankeppni spjótkastsins í dag. **- kpt**



**NÝLIÐI** Rubles leikur með Keflavík á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Frá Dallas til Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksdeild Keflavíkur samdi við Bandaríkjamanninn Titus Rubles í gær um að leika með liðinu á komandi tímabili í Dominos-deildinni í körfubolta. Rubles er öflugur framherji sem kemur úr hinum sterka Cincinnati-háskóla í Bandaríkjunum en hann er upphaflega frá Dallas í Texas.

Rubles er 204 sentímetrar á hæð og er framherji að upplagi. Í háskólaboltanum í fyrra var hann með að meðaltali 7,4 stig, 6,8 fráköst og 2 stoðsendingar í leik ásamt því að verja 0,8 skot að meðaltali í leik. **- kpt**




# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.00**
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



**Miðjarðarhafseyjakrásir Ottolenghis**
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.35** Yotam Ottolenghi dekrar við bragðlaukana og afhjúpar leyndardóma matargerðar heimamanna á ferðalagi sínu um eyjar Miðjarðarhafs.



**Weeds**
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.35** Sjötta þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.



**Scandal**
**SKJÁR EINN KL. 21.15** Við höldum áfram að fylgjast með fyrrverandi fjölmiðlafulltrúa Hvíta hússins Oliviu Pope (Kerry Washington) í þriðju þáttaröðinni af Scandal.

**Bylgjan kl. 16.00**
**Reykjavík síðdegis**
Þorgeir, Kristófer og Bragi færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.



## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle**
**08.30 Jamie Oliver's Food Revolution**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.40 Doctors**
**10.20 60 mínútur**
**11.05 Nashville**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Big Miracle**
**14.45 The O.C**
**15.30 Ozzy and Drix**
**15.55 Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.20 The Michael J. Fox Show**
**16.45 The Big Bang Theory**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Fóstbræður** *(7:8)*
**19.40 Undateable** *(2:13)* Glæný gamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega smá hjálp. Danny Burton er myndarlegur og öruggur með sjálfan sig.
**20.00 Masterchef USA** *(3:25)* Stórskemmtilegur matreiðluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.
**20.45 NCIS** *(1:24)*
**21.30 Major Crimes** *(5:10)* Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Sharon tekur við af hinni sérvitru Brendu Leigh Johnson en þættirnir eru sjálfstætt framhald af hinum vinsælu þáttum Closer.
**22.15 Louie** *(6:13)*
**22.40 Al Capone and The Untouchables**
**23.30 Rizzoli and Isles**
**00.15 The Knick**
**01.00 Tyrant**
**01.45 NCIS. Los Angeles**
**02.30 Scent of a Woman**
**05.00 Big Miracle**

## SPORT *besta sætið*

**14.25 Meistaradeild Evrópu. Man. City - Barcelona**
**16.05 Einvígið á Nesinu**
**17.00 Stjarnan - Þór**
**18.55 Pepsímörkin 2014**
**20.25 UFC Now 2014**
**21.15 UFC 175** Útsending frá UFC 175.
**23.50 Box - Sergey Kovalev vs. B**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 Ipswich - Fulham**
**16.05 Man. Utd. - Liverpool**
**17.50 Liverpool - Dortmund**
**19.30 Newcastle - Arsenal 05.02.11**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.25 Guinness International Champions Cup 2014**
**23.05 Season Highlights 2013/2014**
**00.00 Football League Show 2014/15**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**18.30 Top 20 Funniest**
**19.15 Community** *(20:24)*
**20.00 Guys With Kids** *(6:17)* Skemmtilegir gamanþættir um þrjá unga feður sem standa þétt saman í uppeldi ungra barna sinna og alltaf er stutt í grínið.
**20.25 Wilfred** *(7:13)* Bandarísk gamanþáttaröð með Elijah Wood *(Lord of the Rings)* í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á samnefndri ástralskri seríu og fjalla um ungan mann, Ryan Newman, og hundinn Wilfred, sem nágranni hans á. Eftir að hafa tekið kokteil af lyfjum fer Ryan að sjá Wilfred sem mann í hundabúningi.
**21.35 The 100** *(12:13)*
**22.20 Supernatural** *(6:22)*
**23.05 The Listener** *(6:13)*
**23.45 Grimm**
**00.30 Sons of Anarchy**
**01.30 Guys With Kids**
**01.50 Wilfred**
**02.55 The 100**
**03.40 Supernatural**
**04.20 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Ævintýri Tinna **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Ljóti andarunginn og ég **10.44** Gulla og grænjaxlarnir **10.56** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Ævintýri Tinna **11.25** Latibær **11.47** Hvellur keppnisbíll **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Ljóti andarunginn og ég **14.44** Gulla og grænjaxlarnir **14.56** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Ævintýri Tinna **15.25** Latibær **15.47** Hvellur keppnisbíll **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Ljóti andarunginn og ég **18.44** Gulla og grænjaxlarnir **18.56** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Elías og Fjársjóðsleitin **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.20 Strákarnir**
**18.40 Frasier**
**19.05 Friends**
**19.25 Seinfeld**
**19.50 Modern Family**
**20.15 Two and a Half Men** *(9:23)*
**20.35 Weeds** *(12:13)*
**21.00 Breaking Bad** *(5:8)*
**21.45 Without a Trace** *(24:24)*
**22.30 E.R.** *(3:22)*
**23.10 Boardwalk Empire**
**00.05 Wallander**
**01.35 Weeds**
**02.05 Breaking Bad**
**02.50 Without a Trace**
**03.35 E.R.**
**04.15 Boardwalk Empire**
**05.10 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.30 The Clique**
**14.00 Cinderella Story. Once Upon a Song**
**15.30 Fever Pitch**
**17.15 The Clique**
**18.45 Cinderella Story. Once Upon a Song**
**20.15 Fever Pitch**
**22.00 Centurion**
**23.40 Ninja**
**01.05 The Killer Inside Me**
**02.50 Centurion**

## RÚV

**08.50 EM í frjálsum íþróttum** Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zürich.
**15.30 EM í frjálsum íþróttum** Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zürich.
**18.00 Úmísúmí**
**18.23 Poppý kisuló**
**18.35 Kafteinn Karl**
**18.50 Táknmálsfréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Miðjarðarhafseyjakrásir Ottolenghis – Mallorka** *(3:4) (Ottolenghi's Mediterranean Island Feast)* Yotam Ottolenghi dekrar við bragðlaukana og afhjúpar leyndardóma matargerðar heimamanna á ferðalagi sínu um eyjar Miðjarðarhafs.
**20.25 Háskaleikur** *(2:6) (The Wrong Mans)* Bráðfyndnir þættir um tvo félaga sem svara símtali sem ætlað var öðrum og veldur verulegu róti á lífi þeirra beggja.
**20.55 Scott og Bailey** *(7:8) (Scott & Bailey III)* Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester sem rannsaka snúin morðmál. Aðalhlutverk leika Suranne Jones og Lesley Sharp. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**21.40 Íslenskar stuttmyndir** *(Töframaðurinn)* Stuttmynd eftir Reyni Lyngdal um dreng sem beitir töfrum til þess að flýja nöturlegan veruleikann.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 EM í frjálsum íþróttum** *(Samantekt)*
**22.30 Lögregluvaktin** *(9:15) (Chicago PD)*
**23.10 Paradís** *(4:8) (Paradise II)*
**00.05 Sakborningar – Saga Liams**
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 The Bachelorette**
**16.50 Survivor**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 America's Next Top Model**
**19.00 Emily Owens M.D**
**19.45 Parks & Recreation** *(9:22)*
**20.10 The Office** *(19:24)*
**20.30 The Moaning of Life** *(1:5)* Það virtist ekki vera nóg fyrir Karl Pilkington að vera sendur um allan heim í Ricky Gervais-þáttunum An Idiot Abroad sem sýndir voru á SkjáEinum í fyrra, heldur endurtekur hann nú leikinn í sinni eigin þáttaröð.
**21.15 Scandal** *(8:18)*
**22.00 Agents of S.H.I.E.L.D.** *(18:22)* Hörkuspennandi þættir úr smiðju teiknimyndarisans Marvel.
**22.45 The Tonight Show**
**23.30 King & Maxwell**
**00.15 Beauty and the Beast**
**01.00 Scandal**
**01.45 The Tonight Show**
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Championship 2014 **12.00** Golfing World 2014 **12.50** 2014 Players Championship Official **13.40** PGA Tour 2014 **16.30** LPGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014
**22.00** Golfing World 2014 **22.50** Inside The PGA Tour 2014 **23.15** Feherty

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radí | **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 |
| **FM 89,5** Retro | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |


REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ÚTSALA

Í FULLU FJÖRI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

C&J GOLD
heilsurúm 25% afsláttur

Charlotte Julien
Dream your world



Frábært verð!

5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.

Vandaðar kantstyrkingar.

Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.

Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.

Þykkt 29 cm.

| Tegund | Stærð | Dýna og Classic-botn | Útsala |
|---|---|---|---|
| C&J Gold | 120x200 | 119.900 kr. | 89.925 kr. |
| C&J Gold | 140x200 | 139.900 kr. | 104.925 kr. |
| C&J Gold | 160x200 | 152.900 kr. | 114.675 kr. |
| C&J Gold | 180x200 | 164.900 kr. | 123.675 kr. |

GOLD120X200
AÐEINS KRÓNUR
89.925
ÚTSÖLUVERÐ

GOLD160X200
AÐEINS KRÓNUR
114.675
ÚTSÖLUVERÐ

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16




SPORT 2

# Allir leikirnir í beinni!

Baráttan um Englandsmeistaratitilinn hefst um helgina. Stöð 2 Sport 2 býður upp á 380 beinar útsendingar á komandi tímabili. Messan verður á sínum stað en nú þrisvar sinnum í viku. Mánudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 21:00. Guðmundur Benediktsson, Hjörvar Hafliðason og Ríkharður Daðason sjá til þess að færa þér Enska boltann beint í æð í allan vetur. Horfðu á alla leikina með þínu liði, það stefnir í hörkuspennandi tímabil!




## Internet og heimasími fylgja sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport 2 auk 3 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 8.990 kr. á mán. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**8.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma.
Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Enska pakkanum.
Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

ÞÚ SPARAR 3.490 KR. Á MÁN.
Net og heimasími fylgja með áskrift

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUMARDRYKKURINN



**„Allar þessar nýju íslensku tegundir af bjór sem er svo gaman að smakka þar sem ég bý erlendis. Það er gaman að prófa þetta allt og þeir eru svo margir ótrúlega góðir.“**

Dóra Jóhannsdóttir leikkona

# Einn af tíu sem fylgjast ætti með

Hafsteinn Gunnar lofaður í tímaritinu Dazed Digital af David Gordon Green.

Prince Avalanche er 83% fersk samkvæmt Rotten Tomatoes.

„Það er heiður að vera í hópi þessara kvikmyndagerðarmanna og að vera nefndur í þessu samhengi,“ segir Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, en samkvæmt grein Davids Gordons Green í vefriti Dazed & Confused er Hafsteinn einn tíu kvikmyndagerðarmanna í heiminum sem vert er að fylgjast með.

Hafsteinn er ánægður með hversu hrifinn Gordon Green var af kvikmynd hans París norðursins sem frumsýnd var í júlí á kvikmyndahátíð í Tékklandi. „Það er alltaf gaman þegar fólk upplifir myndina manns svona vel og á svona sterkan hátt.“ Green segir í greininni: „Þetta er ein af þessum myndum sem þú sérð og hún hrífur þig með sér og þú ert alveg læstur við skjáinn og fullur eftirtektar.“ Þar að auki lofar hann auga Hafsteins fyrir kvikmyndagerð.

David Gordon Green endurgerði mynd Hafsteins Á annan veg undir nafninu Prince Avalanche.

Hafsteinn segir erfitt að meta hvort umfjöllun Gordons í Dazed hafi áhrif á kynningu myndarinnar. „Hún er byrjuð að fá töluvert af boðum á kvikmyndahátíðir og byrjuð að eiga sér líf í raun og veru. Þetta hjálpar vonandi til. Og hjálpar kannski útlendingum að muna nafnið mitt,“ segir Hafsteinn og hlær.

París norðursins verður frumsýnd hér á landi í byrjun september. - nej




REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ÚTSALA

Í FULLU FJÖRI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

C&J GOLD
heilsurúm 25% afsláttur




5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.

Vandaðar kantstyrkingar.

Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.

Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.

Þykkt 29 cm.

| Tegund | Stærð | Dýna og Classic-botn | Útsala |
|---|---|---|---|
| C&J Gold | 120x200 | 119.900 kr. | **89.925 kr.** |
| C&J Gold | 140x200 | 139.900 kr. | **104.925 kr.** |
| C&J Gold | 160x200 | 152.900 kr. | **114.675 kr.** |
| C&J Gold | 180x200 | 164.900 kr. | **123.675 kr.** |

GOLD120X200 AÐEINS KRÓNUR 89.925 ÚTSÖLUVERÐ

GOLD160X200 AÐEINS KRÓNUR 114.675 ÚTSÖLUVERÐ

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16




**SÆLL Í SVEITINNI** Sigurður Sigurjónsson hefur nýtt undanfarna daga til þess að kynnast hrútunum. MYND/STURLA BRANDTH GROVLEN

# Nýtur sín í sveitinni

Sigurður Sigurjónsson leikur eitt aðalhlutverkanna í nýrri íslenskri kvikmynd

„Ég nýt þess að vera í sveitinni og hef verið hér í Bárðardal í nokkra daga að æfa með hrútunum. Bóndahlutverkið fer mér vel, það er í raun mínar ær og kýr,“ segir leikarinn Sigurður Sigurjónsson, en hann leikur eitt aðalhlutverkanna í nýrri íslenskri kvikmynd sem ber nafnið Hrútar. „Það fyrsta sem ég sagði þegar ég fann fjósalyktina í sveitinni var „I love it“ eins og ég hef nokkrum sinnum sagt áður þegar ég finn þessa æðislegu lykt,“ bætir Siggi við.

Tökur á myndinni hefjast á mánudag í Bárðardal fyrir norðan og leikur Siggi þar á móti Theódóri Júlíussyni. „Við leikum bræður sem hafa ekki talað saman í einhver fjörutíu ár en það er þó ekki þannig í raunveruleikanum því við Teddi erum góðir vinir,“ bætir Siggi við léttur í lundu.

Grímur Hákonarson er leikstjóri og höfundur myndarinnar. „Myndin gengur í raun út á samband bóndans við sauðkindina og það er ekki mikið talað í myndinni þar sem bræðurnir tala ekki saman,“ segir Grímur. „Það kemur upp ákveðið vandamál í sveitinni og myndin fjallar um viðbrögð bræðranna við þessu ástandi. Þessi saga gæti höfðað til fólks, þetta er mjög gott handrit og ég hlakka mikið til þess að takast á við verkefnið,“ bætir Siggi við.

**Það fyrsta sem ég sagði þegar ég fann fjósalyktina í sveitinni var „I love it“ eins og ég hef nokkrum sinnum sagt áður þegar ég finn þessa æðislegu lykt**

Hann segir það mjög mikilvægt að kynnast dýrunum í sveitinni vel áður en tökur hefjast. „Dýrin leika stórt hlutverk og það þarf að kynnast þeim. Ég er búinn að vera að klappa þeim og kynnast undanfarna daga og við erum orðin vinir. Ég kann vel við hrútinn þó hann hafi stangað mig aðeins fyrst,“ segir Siggi, sem er mikill dýravinur.

Framleiðandinn, Grímar Jónsson hjá Netop Films, segir að undirbúningur gangi mjög vel og það sé frábær andi í Bárðardal. Eins og fyrr segir hefjast tökur á mánudag og standa þær yfir þangað til í byrjun september og verður þá gert smáhlé á tökum. „Tökur hefjast svo aftur í nóvember því myndin gerist einnig að vetri til og við verðum að hafa snjó,“ bætir Grímur við.

gunnarleo@frettabladid.is

### Aðrir leikarar í kvikmyndinni

Aðrir leikara í kvikmyndinni eru Charlotte Böving, Pétur Einarsson, Gunnar Jónsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sigríður Hafstað, Viktor Már Bjarnason, Ingrid Jónsdóttir, Jörundur Ragnarsson, Þorleifur Einarsson, Þorsteinn Gunnar Bjarnason, Ásgrímur Guðnason, Jónas Sen, Ólafur Ólafsson og Jenný Lára Arnórsdóttir.

# Þýskur einkahúmor opinberaður

Strákarnir úr sjónvarpsþættinum Áttunni eru að senda frá sér lag sem er á þýsku. Þeir eru einnig á leið til Þýskalands til að taka upp myndband við lagið.

„Þetta er skemmtilegt grínlag á þýsku sem er eiginlega nettur einkahúmor,“ segir Egill Ploder Ottósson, einn umsjónarmanna sjónvarpsþáttarins Áttunnar á Bravó, en hann, ásamt Nökkva Fjalari Orrasyni og Róberti Úlfarssyni, er að senda frá sér sitt fyrsta lag. Lagið er eins og fyrr segir á þýsku en tveir af umsjónarmönnum þáttarins eru miklir þýskuunnendur. „Við kunnum ekki mikið í þýsku en ég og Nökkvi tölum mikið saman á þýsku, sem er rosa fyndið því að Róbert skilur ekki orð í þýsku og verður oft pirraður þegar við tölum of mikla þýsku,“ segir Egill og hlær.

Þýski textinn er í raun um þessa þýskustríðni Egils og Nökkva í garð Róberts og mikill einkahúmor. Lagið er nánast tilbúið og fengu þeir félagar strákana í StopWaitGo til þess að hljóðblanda lagið.

Til þess að fullkomna þýskublæinn eru piltarnir á leið til Þýskalands til þess að drekka í sig þýska menningu og taka upp myndband. „Við fengum Icelandair í lið með okkur og erum að fara til München um helgina og verðum þar í tvo daga að taka upp myndbönd, meðal annars tónlistarmyndband við þýska lagið,“ bætir Egill við. Gert er ráð fyrir að lagið og myndbandið verði fullkláruð undir lok mánaðarins. „Við hlökkum til þess að sjá hvað fólki finnst, þetta verður hressandi lag.“ - glp



**GAMAN SAMAN** Hér eru drengirnir úr Áttunni, þeir Egill Ploder Ottóson, Nökkvi Fjalar Orrason og Róbert Úlfarsson, ásamt Lárusi Erni Arnarsyni taktasmið og Inga Þór Garðarssyni framleiðanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

www.n1.is facebook.com/enneinn




Minute to Win It Ísland

Sýningar hefjast á SkjáEinum í haust

**Hluti af ferðasumrinu**

N1

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ráðherra og tenór á Tapas bar

Á meðal gesta á sneisafullum Tapas bar við Vesturgötu í fyrrakvöld var **Kristján Þór Júlíusson** heilbrigðisráðherra svo vart þarf að efast um heilbrigðisvottorðið þar. Ráðherrann tók til matar síns í innri salnum en í þeim ytri steig spænski óperusöngvarinn Antonio Navarro á svið og söng drykkjuvísur. Ekki leið þó á löngu þar til kona sem hélt upp á mikilvægan áfanga með eiginmanni sínum fékk söngvarann til að koma karli sínum á óvart með rómantískum söng. **- jse**



### Nonni og Manni fá sér bita

**Garðar Thór Cortes** óperusöngvari og **Einar Örn Einarsson** rifjuðu upp gamla tíma en tuttugu og sex ár eru síðan þeir léku Nonna og Manna í samnefndri þáttaröð. Félagarnir settust saman að snæðingi á sushi-staðnum Tokyo Sushi á Nýbýlavegi í gær og fór vel á með þeim sem endranær. Nonni og Manni var sex þátta sería byggð á bók Jóns Sveinssonar eða Nonna. Þáttaröðin var unnin í samstarfi við sjónvarpsstöð í Vestur-Þýskalandi og meðal annars tekin upp í Noregi. **- nej**



## Mest lesið vísir

1. Hafði ekki hugmynd um að hann ætti fullt af milljónum
2. Fengu að smakka ís úr mjólk mæðra í Hveragerði
3. Ólympíuvellir í Aþenu í algerri niðurníðslu tíu árum eftir leikana
4. Fannst látin í ferðatösku á Balí
5. Íslenskir leikarar tjá sig: "Þetta snertir mann djúpt í hjartað"




